FRÍTT
# FRÉTTABLAÐIÐ
116. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 18. MAÍ 2017



„Í þessum skjölum eru blekkingar,“ sagði Vilhjálmur Bjarnason um leið og hann þjarmaði að Ólafi Ólafssyni á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis í gær. Ólafur freistaði þess að skýra sinn hlut í lundafléttunni svokölluðu á fundinum en nefndarmenn voru sammála um að fátt nýtt hefði komið fram. Fjallað er ítarlega um fundinn á blaðsíðum 12 og 14 FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Tveggja ára ávísað banvænum skammti

**Tveggja ára stúlku var ávísað banvænum skammti af ofnæmislyfi. Læknir ávísaði fyrir mistök lyfinu í töfluformi. Lyfja segir mistök að hafa afhent lyfið.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Tveggja ára stúlku, veikri af hlaupabólu, var ávísað röngum skammti af ofnæmislyfinu Atarax í síðustu viku. Hún þurfti í kjölfarið að dvelja í fjóra daga á spítala. Það er talið hafa orðið stúlkunni til lífs að móðir hennar og amma fóru með hana snemma á spítala. Nú er stúlkan komin heim en er undir eftirliti. Ganga þarf úr skugga um að enginn skaði hafi orðið af ofskömmtun lyfsins á lifur og nýru.

Læknir ávísaði fyrir mistök ofnæmislyfinu í töfluformi í stað mixtúru. Skammtur sem hefði annars verið gagnlegur varð þannig mögulega banvænn. Skammtastærðin var margföld á við þá sem ætlunin var að ávísa. Læknirinn fór línuvillt við gerð rafræna lyfseðilsins.

> **Það varð líklega stúlkunni til lífs hversu snemma móðir hennar og amma fóru með hana á spítala.**

Þegar Sigríður kom heim með lyfið gaf hún dóttur sinni fyrsta ráðlagða skammtinn af lyfinu, sex töflur. Morguninn eftir gaf hún dóttur sinni næsta ráðlagða skammt, fjórar töflur. Hún varð vör við breytingu á líðan dóttur sinnar sem var með afar háan hita. Henni hafði hins vegar verið sagt að búast við óbreyttri líðan næsta sólarhringinn. Hún svaf næstum allan sólarhringinn og fékk aftur ráðlagðan skammt, sex töflur, það kvöldið, eða þriðjudagskvöld í síðustu viku. Þegar þarna var komið var dóttir Sigríðar búin að fá 16 töflur, 450 mg af lyfinu Atarax.

kristjanabjorg@frettabladid.is / sjá síðu 4



**Framarar fögnuðu vel að leik loknum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Fram meistarar eftir hörkuleik

**HANDBOLTI** Fram varð í gærkvöldi Íslandsmeistari í handbolta kvenna í 21. sinn eftir eins marks sigur á Stjörnunni, 27-26, í Safamýrinni. Fram vann einvígið 3-1 en liðið tapaði aðeins einum leik í úrslitakeppninni.

Nánar má lesa um leikinn á blaðsíðu 32. – iþs

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Kári Stefánsson skrifar kjósendum Bjartrar framtíðar. 22

Akureyri og KA keppa um leikmenn fyrir norðan. 34

**LÍFIÐ** Meðlimir í hljómsveitinni Dimmu segja vínylplötur vera finasta form fyrir þungarokkstónlist. 58

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




HNÍFAPARATÖSKUR
12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM
MIKIÐ ÚRVAL
VERÐ FRÁ KR. 24.990



Tékk KRISTALL
LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

SMÁRALIND
GJAFAKORT SMÁRALINDAR
GJÖF SEM GEFUR ÓTAL MÖGULEIKA



OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

## Veður




Stíf norðanátt vestan til en lægir þegar líður á daginn. Dálítil rigning eða skúrir en víða léttskýjað suðvestan til. Hiti 3 til 13 stig, hlýjast syðst. SJÁ SÍÐU 38



**Ekki er lengur hægt að flýja Mósúl.** NORDICPHOTOS/AFP

# ISIS grefur sprengjur í Mósúl

**ÍRAK** Vígamenn hryðjuverkasamtakanna sem kenna sig við íslamskt ríki (ISIS) grafa nú jarðsprengjur við útgönguleiðir borgarinnar Mósúl í Írak. Frá þessu greindi Reuters í gær og hafði eftir vitnum og írösku lögreglunni en írakski herinn þjarmar nú að hryðjuverkamönnunum og virðist ætla að vinna borgina aftur af þeim eftir sjö mánaða orrustu.

Að sögn vitna og lögreglu eru jarðsprengjurnar grafnar til þess að koma í veg fyrir að almennir borgarar flýi borgina. Írakski herinn hefur greint frá því að vígamennirnir nýti sér hundruð þúsunda borgara sem varnarvegg gegn árásum Írakshers.

Sókn Íraka hefur gengið vel og heldur ISIS nú einungis tólf ferkílómetra hverfi sem kallað er Gamla borgin. Hverfið er fjölmennt og götur þröngar. Því þurfa írakskir hermenn að skilja bíla og skriðdreka eftir og sækja fótgangandi inn í hverfið.

Í samtali við ríkissjónvarp Íraks sagði hershöfðinginn Abdul Ghani al-Assadi að stefnt væri að því að ná borginni á vald Íraka fyrir hinn helga mánuð ramadan. Hann hefst í lok maímánaðar.

Þá sagði hann að ISIS hefði sprengt þrjátíu bílsprengjur undanfarna tvo daga í baráttunni við hermenn hans. – þea

## Barnlausir vagnar



**Tilvera, samtök um ófrjósemi, stóð fyrir gjörningi við Reykjavíkurtjörn í gær þar sem fólk gekk með barnlausa barnavagna í kringum tjörnina. Í boði Tilveru á gjörninginn segir að vagnarnir tákni sársauka þeirra sem glíma við ófrjósemi og þrá það heitt að eignast barn.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Öryggisráðið horfir til Venesúela

**VENESÚELA** Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna beinir nú sjónum sínum að óeirðum undanfarinna vikna í Venesúela. Fjallaði ráðið í fyrsta sinn um óeirðirnar í gær þegar Nikki Haley, fulltrúi Bandaríkjanna, vakti máls á alvarlegum óstöðugleika í landinu.

„Við erum að horfa upp á alvarlegan óstöðugleika í Venesúela. Ástæða þess að ég vek máls á þessu er að ganga úr skugga um að allir viti af ástandinu. Ég er ekki að sækjast eftir því að öryggisráðið hlutist til," sagði Haley í gær. Þá sagði Rafael Ramirez, sendiherra Venesúela hjá SÞ, að Bandaríkin hvettu til ofbeldis og vildu steypa Nicolas Maduro forseta af stóli. – þea





UP!ÍLOFT

Nýr up! frá aðeins
1.790.000 kr.

Við látum framtíðina rætast.

Volkswagen


# Hundruð sóknarbarna farin úr Breiðholtssókn

**Rekstur Breiðholtssóknar stendur ekki undir sér og á sóknarnefndin í viðræðum við Fella- og Hólasókn um sameiningu. Sóknarbörnum hefur fækkað um mörg hundruð á undanförnum árum og sóknargjöld eru skert.**

**TRÚ** Sóknarbörnum í Breiðholtssókn í Reykjavík hefur fækkað svo mikið undanfarið að tekjur standa ekki lengur undir rekstri safnaðarins. Til að bregðast við þessu hefur sóknin rætt við aðrar sóknir í Breiðholti um sameiningu.

„En við erum skuldlaus. Við skuldum 1,5 milljónir sem verða greiddar upp á þessu ári og næsta," segir Inga Rún Ólafsdóttir, formaður sóknarnefndar, en bætir við að rekstrarreikningurinn fyrir síðasta ár, sem kynntur var um helgina, hafi verið um 300 þúsund krónur í mínus. „Við höfum rekið þetta af mikilli ábyrgð og útsjónarsemi en það verður ekki lengra komist með það. Það er algjörlega fyrirséð," segir Inga Rún.

Inga Rún segir að frá árinu 2010 hafi sóknarbörnum fækkað um 800 og séu nú rétt tæplega 1.900. Skýringarnar á fækkuninni séu margvíslega. Í fyrsta lagi þjóni söfnuðurinn litlu hverfi, Bakka- og Stekkjahverfi. Í öðru lagi séu margir útlendingar að flytja í hverfið, sem ef til vill eru ekki í þjóðkirkjunni. Í þriðja lagi er að fækka í hverfinu vegna þess að börn flytja að heiman og hverfið ekki eins ungt og áður var. „Það hefur fækkað gríðarlega mikið og hratt og þetta er svo sem það sem margir aðrir söfnuðir standa frammi fyrir," segir hún. Inga Rún segir auk þess að sóknargjöld hafi verið skert í mörg ár og það segi til sín í rekstrinum.

„Það sem við erum að gera er að við erum í samtali við nágrannasóknirnar um sameiningu. Við erum núna að tala við Fella- og Hólasókn," segir hún en áður hafi sóknin talað við Seljasókn, án þess að nokkuð kæmi út úr því samtali. Hún bendir á að við sameiningu myndi rekstrareiningin stækka og það gæti skilað einhverri hagræðingu.

Inga Rún segir að margar sóknir standi í nákvæmlega þessum sömu sporum og séu að skoða sameiningu. „Þetta er kannski vandi sem kirkjan stendur frammi fyrir almennt," segir Inga Rún.

jonhakon@frettabladid.is



**Breiðholtskirkja hefur vakið mikla athygli allt frá því hún var byggð og hefur stundum verið kölluð indíánatjaldið.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Við höfum rekið þetta af mikilli ábyrgð og útsjónarsemi en það verður ekki lengra komist með það.**
>
> Inga Rún Ólafsdóttir, formaður sóknarnefndar



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Skoðaðu tilboðsblaðið á husa.is

# TILBOÐS VEISLA

Sjáðu verðið!



20% afsláttur

SÚPER TILBOÐ
**34.956kr**
~~43.695 kr~~
**Sláttuvél Razor 4610**
139 cc, sláttubreidd 46 cm, sláttukerfi 3in1, 6 hæðarstillingar, eitt handtak, 65 ltr. safnari.
5085301



20% afsláttur

SÚPER TILBOÐ
**39.995kr**
~~49.995 kr~~
**Sláttuvél Razor 4610 TR/W með drifi**
139 cc, sláttubreidd 46 cm, sláttukerfi 4in1, 6 hæðarstillingar 28-75 mm, eitt handtak, 65 ltr., safnir.
5085302

Sjáðu verðið!

26% afsláttur

IKRA mogatec
**Rafmagns-sláttuvél**
1400W, 34 cm sláttubreidd, 5 þrepa hæðastilling 25-65 mm, eitt handtak, grasasafnari 35 ltr.
5085137
SÚPER TILBOÐ
**13.995kr**
~~18.995 kr~~





20% afsláttur

SÚPER TILBOÐ
**55.996kr**
~~69.995kr~~
**Sláttuvél Classic með drifi**
Bensínvél með Briggs og Stratton fjórgengismótor 625 E. Sláttubreidd 51 cm. Afl 2.3Kw með drifi, 3in1 virkni, 7 þrepa hæðarstilling, eitt handtak, 65 ltr., safnari, þyngd 33 kg.
5085184



25% afsláttur

BLACK&DECKER
SÚPER TILBOÐ
**27.745kr**
~~36.995kr~~
**Rafmagnssláttuvél**
1800W, 42 cm sláttubeidd, 50 ltr., grassafnari, 6 hæðarstillingar 20-70 mm, *Compact og Go, Edge Max og E-drive kerfi.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



SÚPER TILBOÐ
**1.199kr**
~~1.590kr~~
Sólboði

25% afsláttur af öllum útipottum



Sjáðu verðið!

IKRA mogatec
**Hekkklippa**
600W, 55 cm blað, klippigeta 22 mm.
5083728
**8.895kr**

BLACK&DECKER
SÚPER TILBOÐ
**9.995kr**
~~15.995kr~~
**Orf BD ST5530**
550W, 30 cm sláttubreidd með stillanlegu skafti og haus, E-drve kerfi. Hjól á haus sem ver trjágróður.
5083676

37% afsláttur



Mikið úrval fyrir alla fjölskylduna

AUTHOR



**38.900kr**
**AUTHOR MATRIX 24"**
Author Matrix rautt og svart, 12,5" stell úr álblöndu 6061. Shimano 18 gíra, Revoshift Tektro bremsur 855AL, dempari ZOOM (40 mm), 24"x1,95 dekk, 12,5 kg.
3901313



Pantaðu tíma í síma: 525 3000

## Við teiknum pallinn fyrir þig

Garðahönnuður Húsasmiðjunnar teiknar sólpallinn fyrir þig í þrívídd þannig að þú sjáir hvernig hann mun líta út fullsmíðaður.
**Sjá nánar á husa.is**



## Hvað kostar pallurinn?

Kíktu á pallareiknivélina á **husa.is**

**Byggjum á betra verði**

FRÍ HEIMSENDING Í VEFVERSLUN HUSA.IS
EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

# Enginn saknaði bréfa sem hyskinn póstburðarmaður geymdi í bíl

**ÞJÓNUSTA** „Þessi starfsmaður mun ekki bera út fyrir Póstinn framar,“ segir Brynjar Smári Rúnarsson, forstöðumaður markaðsdeildar Póstsins, um mál bréfbera sem uppvís varð að því að bera ekki út allar þær sendingar sem honum bar.

Íbúar á Seltjarnarnesi og útburðarhverfum með póstnúmerin 107 og 108 í Reykjavík hafa undanfarna daga sumir fengið í hendurnar gamlan póst sem að einhverju leyti átti jafnvel að bera út í janúar þótt megnið sé nýlegra. Með fylgir afsökunarbeiðni frá Póstinum og sú skýring að starfsmaður fyrirtækisins hafi brugðist skyldum sínum.

„Það komu ábendingar til okkar og í kjölfarið fannst töluvert magn af póstsendingum og bréfum í bíl um helgina,“ útskýrir Brynjar hvernig málið uppgötvaðist.

Langmest af póstinum sem fannst var svokallaður fjölpóstur. Málið komst ekki upp fyrr þar sem Póstinum höfðu ekki borist athugasemdir frá viðtakendum sem söknuðu bréfa að sögn Brynjars. Hann biðlar til viðskiptavina um að koma með ábendingar telji þeir útburði ábótavant. Það sé áhrifaríkasta leiðin til að fylgjast með því að hlutirnir gangi eðlilega fyrir sig.

Aðspurður segir Brynjar um að ræða starfsmann sem hafi áður unnið hjá Póstinum og hafið þar störf að nýju í haust. Hann vill ekki gefa upp hvaða skýringar viðkomandi gaf á hegðun sinni. „En allar skýringar eru algerlega óásættanlegar í þessari stöðu,“ ítrekar hann og upplýsir að starfsmaðurinn hafi verið kærður til lögreglu eins og venja sé í sambærilegum tilvikum.



**Allar skýringar eru algerlega óásættanlegar í þessari stöðu.**

Brynjar Smári Rúnarsson, forstöðumaður markaðsdeildar Póstsins

Að sögn Brynjars ættu síðustu bréfin úr týnda póstinum að skila sér til viðtakenda í dag. Pósturinn telji að engar sendingar hafi glatast. „En við getum auðvitað ekki verið hundrað prósent viss því þessi póstur er í eðli sínu órekjanlegur.“ **– gar**



**Í apríl voru 144 ölvunarakstursbrot.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Aldrei fleiri grunaðir um akstur undir áhrifum

**LÖGREGLAN** Í apríl voru skráð 144 brot þar sem ökumaður var grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna og 105 brot þar sem ökumaður var grunaður um ölvun við akstur samkvæmt afbrotatölfræði lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Ekki hafa verið skráð jafn mörg brot vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna eftir að ný lög tóku gildi árið 2006 sem höfðu í för með sér að verklag lögreglu breyttist í þessum málum. Að sama skapi þarf að leita aftur til nóvember 2008 til að finna fleiri ölvunarakstursbrot en skráð voru í apríl síðastliðnum. Þessi mikla fjölgun brota er afrakstur sérstaks átaks sem farið var í á varðsvæði lögreglustöðvar 1, sem nær frá Seltjarnarnesi að Laugardalnum segir í tilkynningu.

Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 655 tilkynningar um hegningarlagabrot í apríl. Af hegningarlagabrotum fækkaði þjófnuðum, ofbeldisbrotum gagnvart lögreglumönnum og kynferðisbrotum miðað við meðalfjölda síðustu sex mánuði á undan. Fíkniefnabrotum og umferðarlagabrotum fjölgaði hins vegar nokkuð. **– sg**

# Banvænum skammti ávísað

**Tveggja ára stúlku var ávísað röngum og banvænum skammti af ofnæmislyfinu Atarax. Móðir stúlkunnar vonar að atvikið auki árvekni í ávísunum lyfja til barna og vill að fyrirvarar verði settir í tölvukerfi lyfjaávísana.**



**Móðir stúlkunnar vill að atvikið verði til þess að ferlar verði endurskoðaðir þegar kemur að lyfjaávísunum til barna.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Tveggja ára stúlku, veikri af hlaupabólu, var í síðust viku ávísað röngum skammti af ofnæmislyfinu Atarax. Læknir frá Læknavaktinni ávísaði fyrir mistök ofnæmislyfinu í töfluformi í stað mixtúru. Lyfjaskammtur sem hefði annars verið gagnlegur varð þannig mögulega banvænn. Skammtastærðin var margföld á við þá sem ætlunin var að ávísa. Læknirinn fór línuvillt í gerð rafræna lyfseðilsins.

Móðir stúlkunnar, Sigríður Ákadóttir, leysti út lyfið í Lyfju í Lágmúla. Þar sást vakthafandi lyfjafræðingi yfir mistök læknisins og afhenti lyfið. Samkvæmt upplýsingum frá Lyfju Lágmúla voru það mistök að afhenda lyfið. Margoft gerist það að lyfjafræðingar afhendi ekki lyf sem er rangt ávísað.

Þegar Sigríður kom heim með lyfið gaf hún dóttur sinni fyrsta ráðlagða skammtinn af lyfinu, sex töflur. Morguninn eftir gaf hún dóttur sinni næsta ráðlagða skammt, fjórar töflur. Hún varð vör við breytingu á líðan dóttur sinnar sem var með afar háan hita. Henni hafði hins vegar verið sagt að búast við óbreyttri líðan næsta sólarhringinn. Lyfið gæti tekið lengri tíma að virka. Hún svaf næstum allan sólarhringinn og fékk aftur ráðlagðan skammt sex töflur það kvöldið, eða þriðjudagskvöld í síðustu viku. Þegar þarna var komið var dóttir Sigríðar búin að fá 16 töflur, 450 mg af lyfinu Atarax.

**Ég ber engan kala til neins vegna þessa, þetta eru mannleg mistök.**

Sigríður Ákadóttir, móðir litlu stúlkunnar



Á þessum tímapunkti höfðu Sigríður og móðir hennar þungar áhyggjur af líðan stúlkunnar og lásu fylgiseðilinn. Í honum stóð að lyfið væri ekki ætlað börnum og enn fremur að hámarksskammtur væri 20 mg á sólarhring.

Sigríður og móðir hennar keyrðu með hraði með stúlkuna á bráðamóttöku barna við Hringbraut. Þar var tekið á móti þeim og strax tekið til við að minnka eitrunaráhrif lyfsins á líkamann.

Stúlkan dvaldi í fjóra daga á spítalanum og var fylgst vel með hjartslætti hennar og öndun. Líkur voru á hjartastoppi og öndunarbilun. Það er talið hafa orðið stúlkunni til lífs að Sigríður og mamma hennar fóru með hana á spítalann á þessum tímapunkti. Hún er komin heim til sín en er undir eftirliti. Ganga þarf úr skugga um að enginn skaði hafi orðið af ofskömmtun lyfsins á lifur, nýru og blóðhag.

„Ég ber engan kala til neins vegna þessa,“ segir Sigríður. „Þetta eru mannleg mistök en ég vona að atvikið verði til þess að ferlið í lyfjaávísunum verði endurskoðað. Það þarf að reyna að koma í veg fyrir með öllum ráðum að svona mistök geti orðið, segir Sigríður. „Það sem ég er að vonast til er að þetta gerist aldrei aftur. Ég vona að læknarnir lesi betur yfir sínar beiðnir í apótekið. Og að lyfjafræðingar gæti vel að því hverju er ávísað. Líka vil ég að fólk sem tekur við lyfjum lesi fylgiseðilinn. Ég vil aukna meðvitund og meiri ábyrgð á öllum stöðum. Fólk ætti að spyrja og kynna sér lyfjagjöfina betur.“

Gunnlaugur Sigurjónsson, heimilislæknir og stjórnarformaður Læknavaktarinnar, segir mikilvægt að gæta vel að lyfjaávísunum til barna. „Það sem gerðist er, eins og Sigríður sagði frá, að læknirinn valdi rangt form lyfsins. Hann skrifaði þannig út þrettánfaldan skammt af lyfinu. Áður voru vandamálin tengd því að lyfjafræðingar skildu ekki skrift lækna á lyfseðlum. Í dag er hættan sú að menn fari línuvillt. En ég legg mikla áherslu á það að læknar verða að gæta vel að því hvað þeir senda,“ segir Gunnlaugur sem segir atvikið hljóta að verða til þess að ferlarnir verði endurskoðaðir. „Það þarf að skoða hvort það sé hægt að forrita inn einhverja öryggisventla þegar um er að ræða lyfjaávísanir til barna. Við verðum að reyna að koma í veg fyrir mistök af þessu tagi með öllum ráðum. Þótt svona mistök séu afar fátíð, þá geta þau hent. Það sem gerðist svo var að lyfjafræðingi í apótekinu sást einnig yfir ranga skammtastærð, þeir eiga eins og læknar að gæta að öryggi í lyfjaafgreiðslu.“

**kristjanabjorg@frettabladid.is**


Jeep®



FRUMSÝNING

GRAND CHEROKEE LAREDO

Laugardaginn 20. maí

Opið frá 12 - 17

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-17

www.n1.is facebook.com/enneinn




# Sumarið er komið!

**Frá og með deginum í dag spara N1 korthafar enn meira. Næst þegar þú dælir færðu 15 krónu afslátt og 2 punkta að auki og svo alltaf í 10. hvert skipti eftir það.**

**Njóttu sumarsins – sparaðu og safnaðu með N1 kortinu.**

*Þegar keyptir eru 25 lítrar eða meira af eldsneyti.

**Alltaf til staðar** N1

ENNEMM / SÍA / NM75654




# Gleði á þjóðhátíðardaginn



Hópur fólks marseraði um götur Reykjavíkurborgar í gær með norskan fána. Var það ekki til að krefjast sameiningar Íslands og Noregs heldur var fólkið að fagna þjóðhátíðardegi Norðmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Breyta ekki því sem konur ákváðu sjálfar

**„Í Vestmannaeyjum eru tvenn lög; það eru landslög og svo Eyjalög,“ segir bæjarfulltrúi sem gagnrýnir afstöðu meirihlutans til húsmæðraorlofs. Þarf sterk rök til að fara gegn ályktun kvennafundar á kvennafrídaginn segir bæjarstjórinn.**

**SVEITARSTJÓRNIR** „Mér finnst bara forkastanlegt hvernig hefur verið unnið að þessu,“ segir Stefán Óskar Jónasson, bæjarfulltrúi minnihluta E-listans í bæjarstjórn Vestmannaeyja, um vinnubrögð meirihluta Sjálfstæðismanna varðandi útgreiðslu húsmæðraorlofs.

Kvenfélagið Líkn hafði í heilt ár reynt að innheimta lögbundnar greiðslur frá Vestmannaeyjabæ í svokallað húsmæðraorlof. Fulltrúar meirihluta Sjálfstæðismanna neituðu að borga. Þeir vísuðu meðal annars í ályktun sem gerð var á sérstökum kvennafundi bæjarstjórnar á kvenréttindadaginn 2008 um að greiðsla húsmæðraorlofs „væri ekki í anda jafnréttis“. Meirihlutinn gaf sig ekki fyrr en í síðustu viku eftir að innheimtubréf barst frá lögmanni Líknar.

„Þetta brýtur í bága við lög frá 1972 sem eru í gildi og ég hef gert athugasemdir við það á hverjum einasta fundi í bæði bæjarstjórn og bæjarráði,“ segir Stefán sem kveðst ávallt hafa verið á móti þessari afstöðu Sjálfstæðismanna.

„Ég er svo hrifinn af konunum í Kvenfélaginu Líkn, að gefast ekki upp fyrir bæjaryfirvöldum,“ heldur Stefán áfram. „Það er ekkert grín að vera með lögfræðinga og í orðaskaki við kjörna fulltrúa í samfélagi sem maður vill eiga heima í að berjast fyrir réttindum sem maður veit að eru hundrað prósent rétt. Þær eiga þetta svo sannarlega skilið.“

Hvorki náðist tal af formanni eða lögmanni Líknar en að sögn Stefáns íhuga kvenfélagskonurnar nú stöðuna í ljósi þess að kröfur þeirra um greiðslu húsmæðraorlofs hafi verið hunsaðar árum saman, ekki bara greiðsla ársins 2016 sem endaði í 603 þúsund króna kröfu með vöxtum.

Elliði Vignisson bæjarstjóri segir að á kvennafundinum í bæjarstjórn á kvennafrídaginn 2008 hafi helsta baráttumálið verið að framlög til kvennaorlofs yrðu afnumin.



**Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Enda myndi þetta ganga í berhögg við þeirra hugmyndir um kvenfrelsi og jafnrétti. Og síðan þá hefur bæjarstjórn bara fylgt þeirri línu sem konur ákváðu sjálfar,“ segir hann. Málið snúist ekki um peninga.

„Konur í bæjarstjórn völdu kvennafrídaginn og eina kvennafundinn sem haldinn hefur verið í bæjarstjórn til að leggjast gegn akkúrat þessu atriði og þá finnst mér nú þurfa ansi sterk rök fyrir okkur karla sem síðar skipum bæjarstjórn til að fara gegn því,“ segir Elliði. Og þau rök séu reyndar enn ekki fundin þótt samþykkt hafi verið að greiða Líkn áðurnefndar 700 þúsund krónur.

„Við greiðum Kvenfélaginu Líkn framlög en við greiðum þau óháð því hvernig þær nota þau og hvetjum þær til að nota þetta til líknarmála,“ segir Elliði. Því hefur Edda Ólafsdóttir, formaður Líknar, þegar hafnað í samtali við Fréttablaðið með vísan í lögin.

Stefán gefur lítið fyrir að bæjarstjórinn vitni til fyrrnefnds kvennafundar. „Það var bara bæjarstjórn Vestmannaeyja að álykta. Bæjarstjórn Vestmannaeyja ræður ekki landslögum með einhverri ályktun.“

Aðspurður kveðst Stefán hins vegar telja að alveg megi endurskoða lögin um húsmæðraorlof eins og hefur ítrekað verið lagt til á Alþingi. „En á meðan lögin frá 1972 eru í gildi þá ber að fara eftir þeim.“ **gar@frettabladid.is**




GIORGIO ARMANI KYNNING 18. - 24. MAÍ.

Glæsileg snyrtitaska fylgir með öllum dömu og herrailmum sem kaupauki.

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
GIORGIO ARMANI DÖMU OG HERRAILMUM.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Skólameistari kom fram við staðgengil sem aðstoðarmann

**DÓMSMÁL** Fyrrverandi aðstoðarskólameistari Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi (FVA) hefur stefnt ríkinu til greiðslu launa og bóta vegna ólögmætrar uppsagnar á haustmánuðum 2015.

Maðurinn hafði starfað við FVA í tæpa tvo áratugi við góðan orðstír þegar staða aðstoðarskólameistara, staðgengils skólameistara, var auglýst laus til umsóknar. Afréð hann að sækja um starfið meðal annars eftir hvatningu frá skólameistara.

Í stefnu segir að samstarf aðstoðarskólameistara og skólameistara hafi gengið vel framan af. Hins vegar kom smám saman í ljós að skólameistari ætlaðist til annarra hluta af staðgengli sínum en féllu undir eðlilega túlkun á starfslýsingu hans. Í stefnu mannsins segir að skólameistari hafi litið svo á að hlutverk hans væri fyrst og fremst að vera aðstoðarmaður skólameistara í hverju því sem honum kæmi til hugar.

Af þessum sökum kvartaði maðurinn til skólameistara og í kjölfarið fóru fram tveir fundir vegna málsins. Þar var aðstoðarskólameistaranum tilkynnt að hann stæði sig illa í starfi þó eigi væri tilgreint frekar hvar þá vankanta væri að finna. Þriðji fundur var áætlaður í lok september en ekki kom til hans þar sem aðstoðarskólameistaranum var án skýringa kynnt riftun á ráðningarsamningi hans. Við skoðun á aðdraganda riftunar og efni uppsagnarbréfsins taldi hann að brotið hefði verið á sér. Freistaði hann þess að afhenda skólameistaranum greinargerð um stöðu málsins en skólameistarinn neitaði að veita henni viðtöku. Degi síðar var maðurinn beðinn um að taka saman föggur sínar og mæta ekki frekar í skólann.

Aðstoðarskólameistarinn fyrrverandi telur að riftunin hafi verið ólögmæt. Eigi hann því rétt á efndabótum, bótum fyrir ólögmæta uppsögn og miskabótum, alls rúmlega 63 milljónum króna. **– jóe**




Í upphafi vikunnar sagði Fréttablaðið frá því að FVA hefði komið verst allra framhaldsskóla út úr könnun SFR á stofnun ársins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er starfsandi innan skólans í molum og má rekja það að hluta til stjórnunarhátta skólameistarans. Reynt hefur verið að bæta úr þessu en menntamálaráðuneytið hefur meðal annars fengið vinnustaðasálfræðinga og sérstakan skólameistara til að sitja tímabundið við hlið skólameistara.

## Skall á botn sundlaugar

**SLYS** Maður af erlendu bergi brotinn fær ekki bætur vegna höfuðmeiðsla sem hann hlaut við að stinga sér út í sundlaug. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar í vátryggingamálum.

Atvik voru þau að maðurinn kom úr búningsklefa og sá skilti við suðurenda laugarinnar þar sem stóð að dýfingar væru bannaðar. Taldi hann að norðurendinn væri dýpri, gekk þangað, stakk sér og slasaðist á höfði við það.

Maðurinn taldi að ekki hefði komið nægilega skýrt fram að bannað væri að dýfa sér. Einnig hefði skiltið verið á íslensku en hann skildi ekki það tungumál.

Í áliti nefndarinnar kemur fram að ekkert í málinu bendi til þess að frágangi á sundlauginni væri ábótavant og því var bótum úr ábyrgðartryggingu rekstraraðila laugarinnar hafnað. **– jóe**

## Gagnrýnir neyslu hjá ungu fólki

**ÁSTRALÍA** Ætli ungt fólk að hafa ráð á að eignast eigið heimili verður það að breyta neysluvenjum sínum og byrja að spara. Þetta segir ástralski fasteignajöfurinn Tim Gurner í viðtali við 60 Minutes Australia.

Haft er eftir Gurner, sem er 35 ára, að þegar hann hafi reynt að kaupa sitt fyrsta heimili hafi hann ekki keypt lárperumauk á 1.400 krónur og fjóra kaffibolla á 300 kr. bollann. Gurner segir væntingar ungs fólks mjög miklar. Þeir sem eigi húsnæði í dag hafi unnið hörðum höndum fyrir því og sparað hverja krónu. **– ibs**

# Ekkert um safnið í áætlunum

**Náttúruminjasafns Íslands er ekki getið í fimm ára ríkisfjármálaáætlun. Það er þvert á samþykktir Alþingis. Sextán félagasamtök skoruðu á menntamálaráðherra í gær að virða gefin loforð um uppbyggingu safnsins.**

**UMHVERFISMÁL** „Það eru vonbrigði að Náttúruminjasafnsins skuli ekki vera getið í ríkisfjármálaáætluninni. Sérstaklega vegna þess að fyrir liggur samþykkt Alþingis frá síðasta þingi um að tryggja skuli uppbyggingu safnsins í áætluninni,“ segir Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands.

Hópur félagasamtaka á sviði náttúrufræða, útivistar og umhverfismála afhenti í gær Kristjáni Þór Júlíussyni, mennta- og menningarmálaráðherra, sameiginlega ályktun og áskorun um að stjórnvöld standi við fyrirheit, sem gefin voru í ályktun Alþingis vegna 100 ára fullveldisafmælis landsins árið 2018, um uppbyggingu Náttúruminjasafns Íslands.

Hilmar segir þó ekki alla von úti. „Enn er tími til stefnu og ég trúi ekki öðru en að þingmenn standi við loforð sín og sjái sóma sinn í því að leiðrétta stöðu Náttúruminjasafnsins. Samstarf við háskólasamfélagið og hugsanleg bygging safnahúss í Vatnsmýri, eins og nefnt er í ályktun samtakanna, kann að vera mikilvæg lausn til frambúðar fyrir Náttúruminjasafnið,“ segir Hilmar og bætir við að um langtímaverkefni sé að ræða og fleira þurfi að koma til og fyrr. Þar á meðal er möguleg þátttaka safnsins í sýningahaldi í Perlunni með Perlu norðursins ehf., sem mennta- og menningamálaráðherra hefur nýlega ákveðið að láta kanna nánar og er sú vinna hafin.

Hilmar segir að hvatning sextán samtaka um uppbygginu Náttúruminjasafnsins sé bæði ánægjuleg og dýrmæt í baráttunni fyrir bættum hag safnsins – og þakkar hann framtakið.

„Þarna taka saman höndum samtök á ýmsum sviðum sem snerta náttúrufræði, jafnt samtök um náttúrufræðikennslu, náttúruvernd, umhverfismál og útivist. Þetta lýsir vel málefninu sem ályktunin snýst um – starfsemi Náttúruminjasafnsins snertir alla þjóðina og aðra gesti landsins – sem er fræðsla og kynning á undrum náttúrunnar, landsins gögnum og nauðsynjum og upplýsing um hvernig sjálfbær umgengni við auðlindirnar skilar okkur áfram veginn á vistvænan hátt,“ segir Hilmar.

svavar@frettabladid.is



Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarráðherra, tók við áskorun 16 félagasamtaka í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Enn er tími til stefnu og ég trúi ekki öðru en að þingmenn standi við loforð sín og sjái sóma sinn í því að leiðrétta stöðu Náttúruminjasafnsins.**
>
> Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands



### Safn í minningu aldarafmælis

Ályktun Alþingis nr. 70/145 um hvernig minnast skuli aldarafmælis fullveldis Íslands, sem formenn allra þingflokka á Alþingi fluttu undir lok síðasta kjörtímabils og samþykkt var með 56 atkvæðum mótatkvæðalaust, er mikið fagnaðarefni. Þar kemur m.a. fram að Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni … „að sjá til þess að í fjármálaáætlun til næstu fimm ára, sem lögð verður fyrir Alþingi vorið 2017, verði gert ráð fyrir uppbyggingu Náttúruminjasafns.“

*Úr ályktun sextán félagasamtaka til Alþingis og mennta- og menningarmálaráðherra.*


Gróðurmold 20 l
490 kr.




Blákorn 5 kg
1.190 kr.






Sláttuvélar, verð frá kr.
42.990
BRIGGS & STRATTON
MÚRBÚÐIN




## HANN HORFIR, SKYNJAR OG BREGST VIÐ

EyeSight
Driver Assist Technology

**EyeSight** öryggiskerfi Subaru er það fullkomnasta sem völ er á.
Kerfið aðstoðar ökumenn við að koma í veg fyrir árekstur.

EyeSight öryggiskerfið tengir saman tvær myndavélar sem staðsettar eru innan við framrúðuna. Myndavélarnar senda litmyndir í þrívídd til tölvu sem kennt hefur verið að bera kennsl á lögun hluta, greina hraða og fjarlægðir með næstum sömu nákvæmni og mannsaugað býr yfir. EyeSight kerfið gerir einnig greinarmun á gangandi vegfarendum, reiðhjólum, mótorhjólum og bílum auk þess að skynja hemlaljós svo eitthvað sé nefnt.

SUBARU
*Confidence in Motion*

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. | BL söluumboð |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 |



**Flest slysin verða við Strokk.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Bætt öryggi hefur fækkað slysum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Þótt gestum hafi fjölgað við Gullfoss og Geysi undanfarin ár hefur slysum fækkað. Á vef Umhverfisstofnunar, sem hefur umsjón með Gullfossi og Geysi, segir að svo virðist sem tekist hafi að bæta öryggi ferðamanna.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur tekið saman upplýsingar yfir komur sjúkrabíla á Gullfoss- og Geysissvæðið vegna hálkuslysa eða annarra slysa.

Síðastliðinn vetur urðu alls 7 slys, veturinn þar á undan urðu 18 slys en 10 slys veturinn 2014 til 2015.

Flest slys urðu á Geysissvæðinu síðustu þrjá vetur eða 23 en 12 á sama tíma við Gullfoss. **– ibs**

## Líftrygging tók ekki til andvana fæðingar

**SLYS** Foreldri sem eignaðist andvana fætt barn fær ekki bætur úr líftryggingu sem það hafði tekið hjá tryggingafélagi sínu. Úrskurðarnefnd vátryggingamála komst að þessari niðurstöðu á síðasta ári en úrskurðir ársins 2016 verða birtir á næstunni.

Umrætt barn lést í móðurkviði og var í kjölfarið fætt andvana. Foreldrið taldi sig eiga rétt til bóta úr líftryggingunni, sem einnig náði til barna þess, enda kæmi ekki fram í skilmálum tryggingarinnar að hún tæki ekki til andvana fæðinga.

Í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar kom fram að það væri grunneðli líftryggingar að tryggja bætur við andlát einstaklings sem fæðst hefur lifandi. Vátryggður samkvæmt líftryggingu sé sá maður hvers lífs eða heilsu vátrygging taki til. Þar sem barnið hafði ekki fæðst lifandi átti foreldrið ekki rétt á bótum. **– jóe**

# Hver einasta framkvæmd myndi gleypa allt vegaféð

**Stærðargráða aðkallandi samgöngubóta út frá höfuðborgarsvæðinu sést best á því að allt vegafé til nýframkvæmda á fjárlögum næði ekki að dekka kostnað við eina framkvæmd. Ráðherra telur gagnrýni á fjármögnun með veggjöldum ótímabæra – fyrst þegar niðurstaða nefndar hans kemur sé hægt að ræða málið.**

**SAMGÖNGUR** Þær framkvæmdir sem ráðast þarf í til að bæta samgöngur út frá höfuðborgarsvæðinu kosta meira, hver um sig, en allt vegafé á fjárlögum sem ætlað er til nýframkvæmda. Ráðherra telur að gagnrýni á uppbygginguna með veggjöldum sé ótímabær – dæma skuli þegar niðurstöður rannsóknarvinnu liggja fyrir.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær er að störfum starfshópur samgönguráðherra sem er að greina hvernig umfangsmiklum framkvæmdum við stofnleiðir út frá höfuðborgarsvæðinu verði best háttað. Starfshópurinn á að vinna hratt og skilar af sér á næstu vikum. Á þessu ári sé fjárveiting til nýframkvæmda á öllu landinu um ellefu milljarðar króna. Á sama tíma er starfshópurinn að vega og meta samgöngubætur sem eru af stærðargráðunni 100 milljarðar króna – er gróft mat Jóns Gunnarssonar, ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála. Það eru meðal annars Sundabraut, ný Hvalfjarðargöng, tvöföldun eða 2+1 vegur upp í Borgarnes, tvöföldun vegarins til Keflavíkur og tvöföldun vegarins austur fyrir Selfoss með nýrri brú á Ölfusá.

Í skriflegu svari Jóns við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að þessar samgöngubætur verði ekki kláraðar í nánustu framtíð að óbreyttu – enda kostnaðurinn níföld sú upphæð sem rennur til nýframkvæmda á fjárlögum. Því vill Jón láta kanna aðkomu einkaaðila og veggjöld sem innheimt yrðu á þessum leiðum. Þörfin sé gríðarleg, og rökin ekki síst öryggi vegfarenda til viðbótar við þau sem lúta að hagræði þeirra sem eru á þessari leið.

Spurður um vísbendingar um að almenningur leggist gegn slíkri fjármögnun framkvæmda og gjaldtöku segir Jón að á meðan hvorki liggur fyrir hvernig gjaldtöku yrði háttað, né hvað fengist fyrir veggjöldin, verði menn að staldra við og gaumgæfa rökin.

„Nánari upplýsingar um það munu ekki liggja fyrir fyrr en skýrsla starfshópsins hefur verið rýnd og tillögur gerðar á grundvelli hennar,“ segir Jón sem sér fyrir sér „styttri ferðatíma, styttingu vegalengda, sparnað í eldsneyti, minnkun útblásturs og stóraukið umferðaröryggi. Mögulega gætu tryggingaiðgjöld lækkað í kjölfarið með minni slysatíðni. Ég vil gjarnan hvetja allan almenning til þess að bíða eftir því að sjá hvað er í pakkanum, en spara sér það í bili að vera á móti einhverju sem það veit ekki hvað er.“

Verði ráðist í þessar framkvæmdir til hliðar við samgönguáætlun, eins og Jón segir, losnar um vegafé til að taka stærri skref í uppbyggingu á landsbyggðinni en annars er mögulegt. Í ferðum hans hafi þetta mál hvarvetna borið á góma; fólk vilji vita líklegt gjald og spyrji hvort unnt sé að hraða tilteknum framkvæmdum á landsbyggðinni með því að leggja á veggjöld – sem margir eru fúsir til yrði það til þess að ljúka verkefnum fyrr en ella. **svavar@frettabladid.is**

### Verkefni talin í tugum milljarða – of stór biti fyrir ríkissjóð?

*Allar tölur eru núvirt meðaltöl eldri upplýsinga um framkvæmdirnar (skýrslur, viðtöl í fjölmiðlum, skrifleg svör fyrirspurna á Alþingi).






**Ráðherra telur áratugi munu líða áður en samgöngubætur verða að veruleika, nema aðkoma einkaaðila komi til.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Ég sé fyrir mér styttri ferðatíma, styttingu vegalengda, sparnað í eldsneyti, minnkun útblásturs og stóraukið umferðaröryggi. Mögulega gætu tryggingaiðgjöld lækkað í kjölfarið með minni slysatíðni.
>
> Jón Gunnarsson, ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála




Ábyrgð og öll þjónusta innifalin í 2 ár.

Fylgir viðurkenndum Mercedes-Benz.



Verð 2.690.000.-

B 180 CDI

Árgerð 2013, ekinn 54 þús. km, dísil 1.796 cc 109 hö, beinskiptur.



Verð 3.990.000.-

B 180 CDI

Árgerð 2015, ekinn 11 þús. km, dísil, 1.461 cc, 109 hö, sjálfskiptur.

Mercedes-Benz

Askja notaðir bílar

Klettháls 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · notadir.is
Viðurkenndur endursöluaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Opnunartímar
Virka daga 10–18, laugardaga 12–16

Þú finnur okkur á Facebook
facebook.com/askjanotadirbilar

VELKOMIN Á RISA AFMÆLISHÁTÍÐ

# ICEWEAR MAGASÍN

L A U G A V E G I 9 1

STÆRSTA ÚTIVISTARVERSLUN LANDSINS **1 ÁRS**

## Heill heimur af útivistarvörum

Einstakt úrval af vönduðum útivistarfatnaði, skóm og fylgihlutum fyrir dömur, herra og börn

---

**Allt fyrir útivist á góðu verði**

Gönguferðir lengri og skemmri
Ferða- og útilegubúnaður tjöld, svefnpokar, bakpokar
Klifurbúnaður og aukahlutir
Fjallamennska
Vetrarfjallamennska

---

**SALEVA** ítalskur hágæða útivistarfatnaður og fylgihlutir
**ASOLO** ítalskir gæða gönguskór fyrir allar aðstæður
**ICEWEAR** vandaðar vörur á góðu verði

**20%** afsláttur af öllum vörum

FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS




STJÖRNUPORT NÆG BÍLASTÆÐI

P

ASOLO GRIVEL SALEWA ICEWEAR ICELAND



Ólafur Ólafsson mætti fyrir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis í gær og svaraði spurningum um skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um einkavæðingu Búnaðarbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Kvöddu Ólaf forviða eftir fundinn

**Þingmenn í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis gagnrýndu gögnin sem athafnamaðurinn Ólafur Ólafsson sendi þeim á þriðjudag. Ólafur mætti á fund þeirra í gær og þvertók fyrir að hafa beitt blekkingum við einkavæðingu Búnaðarbankans árið 2003.**

**VIÐSKIPTI** „Hvers vegna ertu að senda okkur þetta,“ spurði Jón Steindór Valdimarsson, þingmaður Viðreisnar og varaformaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, forviða á fundi nefndarinnar síðdegis í gær og beindi orðum sínum til athafnamannsins Ólafs Ólafssonar.

Jón vísaði þar í gögn sem Ólafur sendi nefndinni á þriðjudag og áttu að hrekja niðurstöðu Rannsóknarnefndar Alþingis um að aðkoma þýska bankans Hauck & Aufhäuser að kaupum S-hópsins á 45,8 prósenta hlut ríkisins í Búnaðarbankanum í janúar 2003 hefði einungis verið til málamynda og Ólafur þar leikið lykilhlutverk. Ólafur óskaði eftir að fá að mæta fyrir nefndina og tjá sig um aðkomu sína að einkavæðingu bankans og niðurstöðu rannsóknarnefndarinnar um að hann hafi blekkt ríkið, almenning og fjölmiðla.

Ólafur fullyrti á fundinum, og í ávarpi sem hann birti fyrir hádegi í gær, að Hauck & Aufhäuser hefði í raun keypt í bankanum. Líkt og í ávarpinu gerði hann mikið úr þeirri fullyrðingu sinni að ályktun rannsóknarnefndarinnar, um að þátttaka erlends fjárfestis hefði verið forsenda í kaupunum á Búnaðarbankanum, væri röng. Jón Steindór tók síðan til máls og fullyrti að gögnin sem Ólafur sendi nefndinni, og áttu að réttlæta það að hann fékk fund með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, hefðu öll með fáeinum undantekningum farið inn á borð rannsóknarnefndarinnar.

> **Ég skal viðurkenna það að ég átti satt að segja von á nýjum gögnum sem myndu varpa einhverju öðru eða skýrara ljósi á atburðarásina.**
>
> Jón Steindór Valdimarsson, varaformaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis



> **Hvers vegna komstu ekki hreint fram og sagðist vera að kaupa þetta sjálfur en ekki með aura Hauck heldur með láni frá Kaupþingi?**
>
> Vilhjálmur Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokks



„Ég skal viðurkenna það að ég átti satt að segja von á nýjum gögnum sem myndu varpa einhverju öðru eða skýrara ljósi á atburðarásina,“ sagði Jón Steindór.

Vilhjálmur Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokks, sat fundinn í gær í fjarveru Brynjars Níelssonar, formanns stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar. Vilhjálmur fullyrti fyrst árið 2005 að þýski bankinn hefði aldrei í raun verið hluthafi í Búnaðarbankanum. Þegar röðin var komin að honum stóð Vilhjálmur upp úr sæti sínu og gekk til Ólafs með tvö skjöl. Þar mátti finna fréttatilkynningu frá janúar 2003 þar sem kaupendur á hlutnum í Búnaðarbankanum fögnuðu aðkomu þýska bankans.

„Hér í þessum skjölum eru blekkingar,“ fullyrti Vilhjálmur. „Hvers vegna komstu ekki hreint fram og sagðist vera að kaupa þetta sjálfur en ekki með aura Hauck heldur með láni frá Kaupþingi?“

Lilja Alfreðsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, spurði í kjölfarið hvort Ólafur gæti í „hjartans einlægni“ svarað því hvort um blekkingu hafi verið að ræða. Hvort hann hefði átt frumkvæði að baksamningum sem Rannsóknarnefnd Alþingis greindi frá og tryggðu Hauck & Aufhäuser þóknanatekjur upp á eina milljón evra og fullt skaðleysi. Þótti nefndarmönnum það einkennileg viðskipti að þýski bankinn hefði ekki notið fjárhagslegs ávinnings fyrir utan þóknunina. Svaraði Ólafur því að þeir sem hefðu tekið mesta áhættu í kaupunum á Búnaðarbankanum hefðu borið mest úr býtum.

„Þetta var hvorki lygi né blekking,“ sagði Ólafur í kjölfarið.

Þegar rúmlega klukkustund var liðin spurði Ólafur hversu lengi fundurinn ætti að standa. Voru þá nokkrir þingmenn eftir á mælendaskrá en fundinum lauk um hálftíma síðar. Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata, hafði þá ítrekað að Rannsóknarnefnd Alþingis nyti fulls trausts nefndarinnar og nokkrir aðrir nefndarmenn kvartað yfir ófullnægjandi svörum af hálfu Ólafs. Nokkrir höfðu á orði við fréttamenn að ætlunarverkið, að hrekja niðurstöðu rannsóknarnefndarinnar, hefði ekki tekist. Vilhjálmur Bjarnason gekk fyrstur út og endurtók að mestu það sem hann hafði áður kallað yfir fundinn:

„Hvers vegna vorum við að mæta á þennan fund?“ **haraldur@frettabladid.is**






# CLARISONIC KYNNING

## Í HAGKAUP KRINGLUNNI OG SMÁRALIND
## 18. - 24. MAÍ.

Clarisonic tækið hjálpar þér að viðhalda fallegri og heilbrigðari húð. Sonic-sveiflutæknin tryggir milda og örugga húðhreinsun fyrir allar húðgerðir og hreinsar sex sinnum betur en með höndum eingöngu. Clarisonic fjarlægir fitu og óhreinindi sem eru föst í fínum línum og húðholum. Húðin verður mýkri og móttækilegri fyrir virkum efnum úr húðsnyrtivörum. Húðholur verða minna sjáanlegar og húðin frískleg og ljómandi.




**20% AFSLÁTTUR** AF ÖLLUM CLARISONIC VÖRUM Á KYNNINGU

**Mia Fit** passar hvar sem er, í handtöskuna, ræktina, sund eða í ferðalagið.




**Alpha Fit** herratækið er hannað til að hreinsa húð karlmanna og gefa þeim heilbrigðara útlit. Alpha veitir þægilega hreinsun sem undirbýr andlit og háls fyrir rakstur og minnkar inngróin hár.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Segja það vera vonbrigði að ekkert nýtt hafi kom fram

**Nefndarmenn stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar bjuggust við nýjum upplýsingum í máli Ólafs Ólafssonar um kaupin á Búnaðarbanka en sögðu þær vonir hafi brostið. Þingmaður VG lýsir fundinum sem enn einni reyksprengju Ólafs. Það er samdóma álit nefndarmanna að fundurinn í gær breyti litlu.**

## Vilhjálmur Bjarnason

þingmaður Sjálfstæðisfl.



Það kom ekkert nýtt fram og það eru mjög sérstakar skoðanir hans á eignarhaldi og afneitun á þeim gögnum sem Rannsóknarnefnd Alþingis virðist hafa dregið réttmætar ályktanir af. Þannig að þetta breytir engu um niðurstöðu skýrslu rannsóknarnefndarinnar.

Ólafur laug nokkrum sinnum eða að minnisleysið var mjög valkvætt. Skýrustu svörin voru að viðurkenna það að þessi þýski banki átti aldrei aðild að þessu máli. Það voru einhver félög honum tengd og það var nú rakið þarna nokkurn veginn. Það urðu óþarflega langar deilur um þessar milljón evrur til Hauck & Aufhäuser sem eru óskaplega einföld þóknun.

Ég vil að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd falist eftir því við Alþingi að þingið staðfesti niðurstöðu þessarar nefndar. Svo hef ég efasemdir um að sakir séu fyrndar í þessu máli. Það er skattsvikamál í þessu í fyrsta lagi og í öðru lagi þessi blekking að blekkja stjórnvöld með þessum hætti sem var gert.

## Oddný Harðardóttir

þingmaður Samfylkingar



Ólafur bað um að fá að koma fyrir nefndina og mér fannst sjálfsagt að hlusta á það sem hann hefði fram að færa. En það var ekkert nýtt, hvorki í því sem hann sagði né gögnunum. Ég svo sem bjóst ekki við neinu en mér fannst líklegt að eitthvað kæmi fram úr því hann lagði svona mikla áherslu á að koma fyrir nefndina.

## Svandís Svavarsdóttir

þingmaður Vinstri grænna



Mér fannst þetta fyrst og fremst ein af reyksprengjum Ólafs Ólafssonar. Það var ekkert nýtt í þessu á nokkurn hátt. Þá þarf ekki að eyða meiri tíma í það og við getum haldið áfram okkar vinnu á grundvelli rannsóknarskýrslunnar. Það lá algjörlega fyrir að hann taldi sig á einhvern hátt vera hafinn yfir samfélagið þegar hann neitaði að koma á fund Rannsóknarnefndar Alþingis. En varðandi efnisatriði málsins voru þetta allt kunnugleg svör. Hann lætur eins og þetta sé allt einn stór misskilningur og allt sem hann hafi gert hafi verið satt og rétt.

## Jón Steindór Valdimarsson

þingmaður Viðreisnar



Fundurinn var svo sem ágætur og Ólafur fór yfir sín mál. Síðan gafst okkur tækifæri til að spyrja. Ég átti nú von á því að það yrðu lögð fram gögn sem vörpuðu nýju ljósi á málið. Það sýndist mér ekki. Auðvitað hefur Ólafur sínar skoðanir á ýmsum þáttum þess en þær skoðanir verður að styðja gögnum og mér fannst hann ekki gera það vel. En engu að síður förum við yfir þetta og ræðum og metum hvort þarna hafi eitthvað komið fram sem gæti skipt máli. En mér fannst þessi fundur ekki breyta miklu um niðurstöðu rannsóknarskýrslunnar og málið í heild sinni. Varðandi næstu skref munum við funda á morgun og erum með verkplan um það hvernig við munum vinna þetta mál áfram.

## Lilja Alfreðsdóttir

þingmaður Framsóknarfl.



Ég hefði viljað sjá meira af nýjum gögnum sem hefðu þá stutt fullyrðingar Ólafs um að ekki hafi verið um blekkingu að ræða. Þau komu ekki. Auk þess tel ég að það sé nokkuð ljóst að erlent eignarhald hafi hjálpað þeim kaupendum sem gátu verið með slíkt. Þeir sem fóru fyrir kaupunum voru mjög meðvitaðir um það. Þess vegna snöruðu þeir þýska bankanum inn þegar sá franski hætti við af því það var gefinn plús fyrir erlent fjármagn sem jók líkur þeirra á að fá að kaupa Búnaðarbankann. Það sem hann nefnir að þetta hafi ekki verið skilyrði fyrir því að þeir keyptu skiptir ekki sköpum hér. Á þeim tíma voru stjórnvöld búin að leita að erlendu eignarhaldi, það vissu þessir aðilar.

## Kjartan Bjarni Björgvinsson

formaður Rannsóknarnefndar Alþingis



Rannsóknarnefndin hefur skilað niðurstöðum sínum. Þær eru skýrar og byggðar á umfangsmiklum gögnum. Vinnu nefndarinnar er lokið og málið er nú til meðferðar hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd,“ sagði Kjartan Bjarni Björgvinsson, formaður Rannsóknarnefndar Alþingis. Í máli sínu í gær sagði Ólafur Ólafsson meðal annars að hvatirnar að baki skýrslunni væru annarlegar og málsmeðferðin óásættanleg.

## Jón Þór Ólafsson

þingmaður Pírata



Þetta var stórskemmtilegur fundur og upplýsandi. Ekki um það sem fundurinn var um, heldur út af því að Ólafur kallar eftir því að koma fyrir nefndina, meðal annars til að tala um stjórnmálaástandið, en gerir það svo nánast ekki neitt. Hann var greinilega vel undirbúinn og kemur að þessum punkti að það hafi ekki verið skilyrði fyrir sölunni að hafa erlendan fjárfesti. Þannig kom hann því strax inn í umræðuna.

Allt þetta ferli sem við erum í núna, að fara yfir þessa rannsóknarskýrslu um sölu Búnaðarbankans, er liður í því að ákveða hvernig við ætlum að halda áfram með heildarrannsókn á allri einkavæðingunni.

## Nichole Leigh Mosty

þingmaður Bjartrar framtíðar



Þannig séð kom ekkert nýtt fram á fundinum sem ekki var í skýrslunni. En ef ég á að vera hreinskilin þá fannst mér gott að hann skyldi koma fyrir nefndina og vilja tala við okkur og svara spurningum. Það hefði alveg mátt vera skýrara. Ég vona að við förum vel í gegnum gögnin og rýnum betur í svörin hans til að draga einhvern lærdóm af þessu. Ég hafði væntingar um að við myndum heyra meira frá honum. Við erum að sigla aftur inn í góðærið og viðskipti eru blússandi svo mér finnst við verða að draga einhverjar ályktanir af því sem gerðist svo við getum verið vakandi fyrir því að þetta gerist ekki aftur.

---

Ólafur Ólafsson sagðist vilja gera hreint fyrir sínum dyrum og auka traust á ný í íslensku samfélagi.

**„Ég hefði getað sloppið við þessi svipugöng hér í dag,“**

sagði Ólafur og bætti síðar við:

**„Ég sit með kaleikinn og alla öskupokana bundna á bakið. Ég reyni að horfa fram á veginn og tel að það sem er að gerast í dag sé meira mikilvægt en það sem gerðist í gær og það sem gerist á morgun sé enn mikilvægara.“**

Jón Steindór Valdimarsson, varaformaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, gaf lítið fyrir þau gögn sem Ólafur sendi nefndinni.

**„Mig langar að segja að mér sýnist að í þessum gagnabunka séu sex skjöl sem eru ný.“**

Lilja Alfreðsdóttir, þingmaður Framsóknarflokks, sagði allt í málinu benda til þess að þýski bankinn hefði í raun verið leppur.

**„Vekur þetta engar grunsemdir hjá þér sjálfum um að blekkingum hafi verið beitt? Finnst þér þetta sjálfum ekkert grunsamlegt?“**

Hildur Sverrisdóttir sagði það ekki rétt hjá Ólafi að ríkið hefði ekki tapað á Lundafléttunni.

**„Burtséð frá krónunum þá held ég að íslenska ríkið hafi tapað, því við sitjum hérna eftir öll þess ár umlukin vantrausti.“**

Að fundi loknum gekk Ólafur að Vilhjálmi Bjarnasyni, sem hafði gengið hart fram á fundinum og þjarmað að Ólafi, og tók í höndina á honum.

**„Þér hefur verið illa við mig svo lengi að mér fannst ég þurfa að heilsa þér.“**





Öll Char-Broil grillin eru með TRU-infrared tækninni sem kemur í veg fyrir eldtungur og tryggir jafnari steikingu.

TRU INFRARED | ENGAR ELDTUNGUR | MINNI GASNOTKUN | Í ALLRI VEÐRÁTTU | STYTTRI ELDUNARTÍMI | BETRI STJÓRN Á HITA | SAFARÍKARI MATUR | 100% JAFN HITI



CHAR-BROIL BIG EASY
Steikarofn, reykofn og grill
54.900 KR.

CHAR-BROIL GASGRILL
Grillflötur 420x440 mm
2 brennarar
69.900 KR.

CHAR-BROIL GASGRILL
Grillflötur 670x470 mm
3 brennarar
109.900 KR.

CHAR-BROIL TITAN GASGRILL
Grillflötur 670x485 mm
3 brennarar
189.000 KR.

Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Sími 515 1500 | rekstrarland.is

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

PIPAR\TBWA · SÍA · 171891

CITROËN

# NJÓTTU STARFSINS. GÆÐIN HRÍFA.




**NEMO** VERÐ FRÁ:
**1.766.129** KR. ÁN VSK
2.190.000 KR. MEÐ VSK

**JUMPY** VERÐ FRÁ:
**2.733.871** KR. ÁN VSK
3.390.000 KR. MEÐ VSK

**BERLINGO** VERÐ FRÁ:
**2.048.387** KR. ÁN VSK
2.540.000 KR. MEÐ VSK

# NEMO, BERLINGO & JUMPY

**NÚTÍMALEG HÖNNUN • HAGKVÆMIR • SNAGGARALEGIR • RÚMGÓÐIR • SPARNEYTNIR**
**GOTT VERÐ • HLIÐARHURÐIR • ÖRYGGISGRINDUR • MISMUNANDI STÆRÐIR OG LENGDIR**

citroen.is

Citroën sendibílar eru framleiddir með gæði, hagkvæmni og áreiðanleika í huga. Mikil áhersla er lögð á sparneytni og fyrirtaks vinnuaðstöðu með góðu aðgengi. Þú getur stólað á fyrsta flokks gæði, öryggi og fyrirmyndarþjónustu Citroën sendibíla. Nemo er snaggaralegur sendibíll, lítill að utan en rúmgóður að innan með hliðarhurðum og fellanlegu skilrúmi til stækka rýmið og flytja lengri hluti. Berlingo er með þremur framsætum og kemur í tveimur lengdum, fjölnota sendbíll með ríflegu hleðslurými og góðri burðargetu. Jumpy er notendavænn og aðlagar sig að þínum þörfum, rýmið er allt að 6,6 m3 að rúmmáli og allt að 4 metrum að lengd með Moduwork búnaðinum. Til viðbótar getur hann dregið allt að 2,5 tonn. Hægt er að fá Citroën Jumpy í þremur mismunandi lengdum.

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Martraðarbyrjun hjá Donald Trump

**Forseti Bandaríkjanna er óvinsælli en fyrirrennarar hans voru eftir jafn langt starf. Tvö hneykslismál skekja nú ríkisstjórn Trumps. Hann á að hafa beðið yfirmann FBI um að stöðva rannsókn á þjóðaröryggisráðgjafa og deilt leynilegum upplýsingum með Rússum.**

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, hefur ekki verið jafn óvinsæll frá því hann tók við embætti og hann er nú. Þetta sýnir meðaltal skoðanakannana sem FiveThirtyEight hefur tekið saman. Mælist Trump með 39,7 prósenta stuðning nú.

Til samanburðar mældist Barack Obama með 60,7 prósenta stuðning, George W. Bush 54,4 prósent, Bill Clinton 47,9 prósent, George H.W. Bush 56,1 prósent og Ronald Reagan 68 prósent þegar þeir höfðu gegnt forsetaembættinu jafn lengi og Trump hefur nú gert.

Frétt Washington Post frá því á mánudag, sem snerist um að Donald Trump hefði sagt utanríkisráðherra Rússa, Sergei Lavrov, og sendiherra Rússa í Bandaríkjunum, Sergei Kislyak, frá leynilegum upplýsingum á fundi þeirra í síðustu viku þykir líkleg til þess að draga úr stuðningi við forsetann.

Það gerir frétt New York Times um að Trump hafi farið fram á það við James Comey, þá yfirmann alríkislögreglunnar, að stöðva rannsókn á tengslum Rússlands við Michael Flynn, fyrrverandi öryggisráðgjafa Trumps, sem rekinn var úr starfi, og einnig ákvörðun Trumps um að reka Comey úr starfi.

Frásögn New York Times stangast mögulega á við vitnisburð Andrews McCabe, starfandi yfirmanns Alríkislögreglunnar, er hann kom fyrir þingnefnd í síðustu viku. Sagði hann þá að enginn hafi reynt að trufla rannsókn FBI á tengslum rússneskra yfirvalda við liðsmenn Bandaríkjaforseta. Ekki er útilokað að McCabe hafi ekki vitað af fundi Trumps og Comey.

Vladimír Pútín, forseti Rússlands, kom Trump til varnar í gær. Sagði forsetinn að kollegi hans hefði ekki greint frá leynilegum upplýsingum. „Ef ríkisstjórn Bandaríkjanna telur það nauðsynlegt erum við reiðubúin til að verða henni úti um upptöku okkar af fundinum,“ sagði Pútín.

Heimildarmenn CNN segja hins vegar að Trump hafi sagt eftirfarandi á fundinum: „Ég fæ svo stórkostlegar upplýsingar. Fólk segir mér stórkostlegar upplýsingar á hverjum degi.“ Í kjölfarið á Trump að hafa greint frá upplýsingunum sem tengdust Ísrael og Íslamska ríkinu.

Talsmenn forsetans neituðu frásögn Washington Post í upphafi en sögðu síðar að það væri „algjörlega við hæfi“ að Trump deildi slíkum upplýsingum.

„Ég held að forsetinn þurfi síst af öllu á stuðningi Pútíns að halda einmitt núna. Það er hins vegar undarlegt að Rússar séu að taka upp fundi með forsetanum,“ sagði Adam Schiff, fulltrúi Demókrata í upplýsingamálanefnd fulltrúadeildar þingsins, í viðtali á CNN í gær. **thorgnyr@frettabladid.is**



## Möguleiki á ákæru

Þegar Bill Clinton var forseti Bandaríkjanna samþykkti fulltrúadeild þingsins að ákæra (e. impeach) hann, meðal annars fyrir að hindra framgang réttlætisins. Hafa margir andstæðingar Donalds Trump farið fram á að slíkt hið sama verði gert í tilfelli Trumps í ljósi ásakana um að hann hafi beðið yfirmann FBI um að stöðva rannsókn á fyrrverandi þjóðaröryggisráðgjafa sínum. Þá hækkuðu líkur á því undanfarna daga ef marka má veðbanka.

Óvíst er hvort slík ákæra næði í gegnum þingið. Til þess að fulltrúadeildin ákæri Trump þarf einfaldur meirihluti hennar að samþykkja það. Repúblikanar, flokksbræður Trumps, eru hins vegar í meirihluta í fulltrúadeildinni. Hafa verður þó í huga að ekki eru allir þingmenn Repúblikana eindregnir stuðningsmenn forsetans.

Ef fulltrúadeildin ákærir forseta þarf öldungadeildin hins vegar að sakfella til þess að forseti sé rekinn úr embætti. Til þess þarf 67 atkvæði. Afar ólíklegt er að núverandi öldungadeild myndi sakfella Trump en þar sitja 52 Repúblikanar, 46 Demókratar og tveir óháðir. Því þyrftu að minnsta kosti 19 Repúblikanar að kjósa gegn forseta sínum.

Kosið er um 33 öldungadeildarþingsæti á næsta ári. Hins vegar er einungis kosið um átta sæti sem Repúblikanar verma nú. Jafnvel þótt Demókratar héldu öllum sínum sætum og tækju átta af Repúblikönum þyrftu enn 11 Repúblikanar að kjósa gegn forsetanum.


# ORKUSJÓÐUR

## Orkusjóður auglýsir sérstaka styrki 2017

Í 7. grein reglugerðar nr. 185/2016 um Orkusjóð eru tilgreindar heimildir sjóðsins til að veita **sérstaka styrki:**

A) **Styrkir til verkefna sem stuðla að samdrætti í olíunotkun til húshitunar eða rafmagnsframleiðslu utan veitna.**

B) Styrkir til verkefna sem leiði til lægri kostnaðar við óniðurgreidda rafkyndingu húsnæðis eða mannvirkja í eigu sveitarfélaga.

C) Styrkir til verkefna sem leiða til orkusparnaðar.

**Ráðgjafarnefnd Orkusjóðs hefur ákveðið að styrkveitingar Orkusjóðs á árinu 2017 verði til verkefna samkvæmt A) lið ofangreindra heimilda.**

Eingöngu er um fjárfestingarstyrki að ræða þ.e. styrki til kaupa á tækjum og búnaði. Styrkur nemur 50% af kaupverði, **þó að hámarki 2,5 m.kr.**

**Við mat á umsóknum verður sérstaklega horft til:**

- Að fyrir liggi raunhæf áætlun um olíusparnað.
- Áætlaðs olíusparnaðar í hlutfalli við kostnað.
- Að verkefnið sé vel undirbúið og að fyrir liggi ítarleg verk- og kostnaðaráætlun.

## Umsóknarfrestur er til 20. júní 2017

Skrifleg staðfesting á afgreiðslu umsókna mun berast umsækjendum eigi síðar en 20. ágúst 2017

Orkustofnun fylgir stefnu stjórnvalda um rafræna stjórnsýslu og skal senda rafrænar umsóknir af vef Orkustofnunar www.os.is

Nánari upplýsingar hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri í síma 569 6083 – Netgang Orkusjóðs er jbj@os.is - Orkusjóður á www.os.is

ORKUSTOFNUN ORKUSJÓÐUR


# Íhaldsmenn ógna leiðtoga Frjálslyndra demókrata

**BRETLAND** Líklegt er að Tim Farron, leiðtogi flokks Frjálslyndra demókrata í Bretlandi, og fyrirrennari hans, Nick Clegg, missi sæti sín á breska þinginu í kosningum í júní. Frá þessu greindi Business Insider í gær.

Eru skipuleggjendur kosningabaráttu Íhaldsflokksins, flokks forsætisráðherrans Theresu May, vongóðir um að meðbyr í kjördæmi Farrons sem og að minnkandi stuðningur við Frjálslynda demókrata geti tryggt Íhaldsflokknum sæti hans og þar með komið miklu höggi á flokkinn.

Greina heimildarmenn Business Insider innan úr Íhaldsflokknum frá því að mikið fjármagn sé lagt í kosningabaráttu í kjördæmi Farrons, Westmorland and Lonsdale, og unnið sé eftir svonefndri „take-out-Tim“ áætlun.

Þá segjast innanbúðarmenn úr Verkamannaflokknum vongóðir um að þeim takist að hreppa sæti Cleggs í kjördæminu Sheffield Hallam.

Samkvæmt meðaltali skoðanakannana sem Financial Times tekur saman mælist Íhaldsflokkurinn með 48 prósenta stuðning, Verkamannaflokkurinn með 31 prósent og Frjálslyndir demókratar með níu prósent. **– þea**



**Tim Farron, leiðtogi Frjálslyndra demókrata.** NORDICPHOTOS/AFP

# Chelsea Manning fagnar frelsi eftir sjö ára fangelsi

**BANDARÍKIN** Chelsea Manning, uppljóstrari og fyrrverandi hermaður, var látin laus úr fangelsi í gær. Deildi hún mynd á Twitter þar sem sjá mátti „fyrstu skrefin inn í frelsið“.

Í stuttri yfirlýsingu sem Manning sendi frá sér í gær sagðist hún nú einbeita sér að framtíðinni. Hún væri mun mikilvægari en fortíðin.

Manning sat inni undanfarin níu ár fyrir að leka hundruðum þúsunda leyniskjala Bandaríkjahers til WikiLeaks. Var hún upphaflega dæmd í 35 ára fangelsi en Barack Obama fyrirskipaði að hún skyldi látin laus undir lok forsetatíðar sinnar.

„Eftir spennuþrungna fjögurra mánaða bið er stundin loksins runnin upp. Hvað sem bíður mín núna er mun mikilvægara en fortíðin. Ég er að reyna að átta mig aðeins á hlutunum akkúrat núna. Það er spennandi, vandræðalegt, skemmtilegt og nýtt fyrir mér,“ segir í yfirlýsingu Manning. **– þea**

> **Eftir spennuþrungna fjögurra mánaða bið er stundin loksins runnin upp.**
>
> Chelsea Manning, uppljóstrari


Nýttu tækifærið
Tilboðsdögum lýkur á laugardag!
20% AFSLÁTTUR af öllum gjafavörum
30–70% AFSLÁTTUR af völdum gjafavörum
30–70% AFSLÁTTUR af völdum sýningarhúsgögnum
Kynntu þér sérpöntunarafsláttinn af glæsilegum húsgögnum frá heimsþekktum framleiðendum.
Minotti
ROLF BENZ
arper
COR
Poliform
SANCAL
KFF
GERVASONI
freistil
* Þeir sem versla á modern.is geta fengið vörurnar sendar heim gegn vægu gjaldi. Einnig er hægt að sækja vörurnar í verslun Módern, Faxafeni 10.
ENN MEIRI VERÐLÆKKUN
Lax borð frá More 20% afsláttur af pöntunum
ABC hillur 20% af pöntunum
Tip Toe frá Sancal
Verð nú frá 299.920 kr.
Mad stóll frá Poliform 20% afsláttur af pöntunum
Catifa 46 frá Arper
Verð 39.900 kr.
Fullt verð 50.900 kr.
Eclipse sófaborð 20% afsláttur
M-sófi 15% kynningarafsláttur af nýjum áklæðum
15% afsláttur af öllum ljósum frá DCW / Lampe Gras
O sófaborð frá Ox 20% afsláttur
Costura stóll frá Stua
Verð nú frá 155.920 kr.
Andersen Quilt frá Minotti 20% afsláttur af pöntunum
15% afsláttur af öllum Circum speglum
MÓDERN
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10–18 • LAUGARDAGA KL. 11–16 • FAXAFENI 10 • 108 REYKJAVÍK • 534 7777 • modern.is

# Seðlabankinn spáir enn frekari styrkingu krónunnar í ár

**Seðlabankinn spáir að gengi krónunnar í ár verði að meðaltali 14,5 prósentum hærra en í fyrra og hækki um sex prósent í viðbót næstu tvö ár. Spáð er að árshækkun húsnæðisverðs nái hámarki í ár.**



Már Guðmundsson seðlabankastjóri gerði grein fyrir vaxtalækkuninni á fundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Seðlabanki Íslands spáir áframhaldandi styrkingu krónunnar til loka næsta árs. Gangi forsendur grunnspár eftir verður gengi krónunnar í ár að meðaltali ríflega 14,5 prósentum hærra en í fyrra og hækkar um ríflega sex prósent til viðbótar á næstu tveimur árum. Þetta kemur fram í ritinu Peningamálum sem gefið var út í gær.

Árið 2019 yrði gengi krónunnar 3,5 prósentum hærra en gert var ráð fyrir í febrúar, en rétt er að undirstrika óvissuna í þessum spám. Raungengið mun samkvæmt spánni hækka meira en áður hefur verið spáð. Gangi það eftir verður það orðið 11 prósentum hærra í lok spá tímans en á fyrsta fjórðungi þessa árs, sé miðað við hlutfallslegt verðlag.

Seðlabankinn lækkaði stýrivexti um 25 punkta í gær, og verða nú meginvextir bankans á sjö daga innbundnum innlánum 4,75 prósent. Bankinn spáir meiri hagvexti en hann spáði í febrúar, eða 6,3 prósentum í ár. Frávikið skýrist einkum af meiri vexti ferðaþjónustu en áður var búist við en að auki er útlit fyrir meiri slökun í aðhaldi opinberra fjármála í ár. Jafnframt er spáð 3,5 prósenta hagvexti á næsta ári.

Því er spáð að húsnæðisverð fari að lækka á ný á næsta ári. Raunverð húsnæðis hækkaði um 11,4 prósent í fyrra og hefur hækkað um tæplega 50 prósent frá því að það var lægst í ársbyrjun 2010. Hækkunin er svipuð og á tímabilinu frá ársbyrjun 2004 til ársloka 2007 og er raunverðið nú orðið lítillega hærra en það var hæst í lok árs 2007. Samkvæmt grunnspánni nær árshækkun húsnæðisverðs hámarki í ár en síðan hægir á henni frá og með næsta ári í takt við aukið framboð íbúðarhúsnæðis og aðlögun tekna og eftirspurnar að langtíma leitnivexti.

Seðlabankinn spáir áfram lágri verðbólgu. Hún mældist 1,8 prósent á fyrsta fjórðungi ársins. Verðbólga minnkaði lítillega framan af ári en jókst á ný í apríl þegar hún mældist 1,9 prósent. Verðbólga hefur því verið við eða undir verðbólgumarkmiði Seðlabankans í ríflega þrjú ár en það má að miklu leyti rekja til innfluttrar verðhjöðnunar og hækkunar á gengi krónunnar.

Verðbólguvæntingar eru á flesta mælikvarða í ágætu samræmi við verðbólgumarkmiðið og virðast þær hafa traustari kjölfestu í markmiðinu en lengi áður. saeunn@frettabladid.is



Costco stefnir að því að bjóða meðlimum sínum eldsneyti á hagstæðu verði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Bensínstöð Costco opnuð á undan búðinni

Stefnt er að því að opna bensínstöð Costco við Kauptún í Garðabæ nokkrum dögum áður en verslunin sjálf verður opnuð næstkomandi þriðjudag. Þetta staðfestir Steve Pappas, aðstoðarforstjóri Costco í Evrópu.

Í gær voru starfsmenn að prófa búnaðinn við eldsneytisdælurnar í aðdraganda opnunar.

Pappas segist ekki geta sagt til um það nú hvaða verð verði á bensíni hjá fyrirtækinu. Það muni skýrast þegar bensínstöðin verður opnuð. Hins vegar stefni Costco alltaf að því að bjóða meðlimum sínum upp á lægsta mögulega eldsneytisverðið og verð á öllu öðru. Ársaðild að Costco á Íslandi fyrir einstaklinga mun kosta 4.800 krónur á ári. – sg

**Verslun Costco í Kauptúni í Garðabæ verður opnuð á þriðjudaginn í næstu viku.**






Sena seldi vörur og þjónustu til kvikmyndahúsa fyrir 913 milljónir í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Seldu afþreyingu fyrir tvo milljarða á síðasta ári

**336** milljónum króna nam eigið fé Senu árið 2016

Árið 2016 hagnaðist Sena um 114,2 milljónir króna. Um er að ræða verulega aukningu milli ára en árið 2015 hagnaðist fyrirtækið um 56,7 milljónir króna.

Sala á vöru og þjónustu nam tveimur milljörðum króna á árinu, samanborið við 2,45 milljarða árið 2015. Þar af nam sala á vörum og þjónustu til kvikmyndahúsa 913 milljónum árið 2016, og jókst um 80 milljónir milli ára.

Fram kemur í ársreikningi að aðalstarfsemi félagsins er framleiðsla, útgáfa og dreifing á afþreyingarvöru í sinni breiðustu merkingu.

Á árinu 2016 var tónlistarrekstur samstæðunnar seldur og jafnframt seldi félagið dótturfélagið Sena Live ehf. sem sérhæfir sig í lifandi viðburðum.

Heildar eigið fé Senu nam 336 milljónum króna í árslok 2016, samanborið við 429 milljónir í árslok 2015. Hlutafé nam 94 milljónum króna og eignir í árslok námu samtals 868,8 milljónum króna. Skuldir námu samtals 527,7 milljónum króna, samanborið við 742 milljónir króna árið áður.

Á árinu störfuðu að meðaltali 43 hjá fyrirtækinu eða 11 færri en árið áður. Laun og launatengd gjöld námu 364 milljónum króna. Þar af námu laun framkvæmdastjóra 11,7 milljónum á árinu.

Hlutafé félagsins í upphafi og lok árs var allt í eigu Draupnis fjárfestingafélags ehf. Árið 2016 átti Jón Diðrik Jónsson 98 prósenta hlut í Draupni. Hann var jafnframt framkvæmdastjóri Senu á síðasta ári. Tillaga um greiðslu arðs var tekin fyrir á aðalfundi félagsins. – sg

# VIÐ **BÚUM VEL** UM VÖRUNA ÞÍNA

Við hjá Odda höfum viðað að okkur sérkunnáttu í hönnun og framleiðslu umbúða um áratuga skeið og nýtum þá þekkingu og reynslu til að bjóða viðskiptavinum og neytendum upp á góðar og umhverfisvænar umbúðalausnir sem henta hverju verkefni.

Góðar og vandaðar umbúðir tryggja örugga meðferð, geymslu, flutning og afhendingu á vörunum. Vel hannaðar umbúðir veita neytendum mikilvægar upplýsingar um innihald og tryggja að varan komist óaðfinnanleg í hendur neytenda.



## VIÐ ERUM ÞÍNIR RÁÐGJAFAR Í UMBÚÐUM

Við leggjum áherslu á að finna ætíð bestu lausnina til að umbúðirnar þjóni sem best markmiðum viðskiptavina, búi vel um vöruna og nýtist eins vel og mögulegt er. Hjá Odda njóta viðskiptavinir og neytendur áratuga reynslu okkar og þekkingar á hönnun og framleiðslu umbúða og tryggja þannig að varan skili sér í réttu ástandi alla leið á áfangastað.

Umbúðir framleiddar hjá Odda hafa umtalsvert minna kolefnisspor en hjá samkeppnisaðilum.*

*Skýrsla EFLU verkfræðistofu, okt. 2016

**www.oddi.is**

# Gömul og spræk



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Dægurperlan Old Man af plötunni Harvest er óður Neil Young til öldungsins sem hann réð til að sjá um búgarð sem hann keypti í Kaliforníu árið 1970. Boðskapur lagsins er sá að gamli maðurinn hafi sömu væntingar, þarfir og þrár og ungi maðurinn. Þannig séu þeir í raun og veru eins.

Rétt eins og öldungurinn þarf ungi maðurinn einhvern sem elskar hann og tekur utan um hann. Boðskapur lagsins er fallegur en stundum þegar við berum saman þarfir og væntingar eldri kynslóða við okkar eigin gleymist stundum að þarfir þeirra sem eldri eru snúast ekki um umönnun, þjónustu og væntumþykju. Fólk sem er komið af léttasta skeiði hefur jafn ólíkar og sérgreindar þarfir og þeir sem yngri eru. Þetta fólk þráir ekkert heitar en að finna að eftirspurn sé eftir hæfileikum þess. Að það hafi sinn stað í samfélaginu áfram. Að það finni fyrir tilgangi.

Stundum er sagt að aldur sé afstæður. Að einhverju leyti er það rétt enda spyr ástin ekki um aldur og hæfileikar ekki heldur. Hins vegar eru ýmis réttindi beintengd við aldur. Þannig geta menn fengið bílpróf sautján ára, lögráða verða menn átján ára en þá ræður einstaklingurinn bæði fé sínu og sjálfum sér. Samhliða þessu öðlast maður kosningarétt. Þá getur enginn boðið sig fram til forseta lýðveldisins nema að hafa náð 35 ára aldri samkvæmt stjórnarskránni. Nokkuð útbreidd samstaða er um þessi aldursmörk í íslensku samfélagi. Talið er nauðsynlegt að menn hafi öðlast ákveðinn þroska til að geta ráðstafað hagsmunum sínum og nægilega sterka dómgreind til að geta ráðstafað atkvæði í samræmi við lýðræðislegan rétt. Þá er nauðsynlegt að forseti Íslands búi yfir einhverri lágmarksreynslu sem manneskja og í atvinnulífi áður en hann tekur við embætti.

Efri aldursmörkin eru umdeildari. Á manneskjan að hefja töku lífeyris á tilteknu tímamarki eða þegar hún sjálf treystir sér til? Hæstaréttardómarar vinna ekki lengur en til sjötugs. Þeir geta látið af embætti þegar þeir hafa náð 65 ára aldri án launaskerðingar. Erlendis er fólki treyst fyrir ábyrgðarstöðum mun lengur enda eru 70 ár enginn aldur.

Reglulega heyrast fregnir af fólki sem var í fullu fjöri en var skyldað til að hefja töku lífeyris sökum aldurs. Hér má nefna kennara sem eru skikkaðir á eftirlaun þegar þeir verða 70 ára. Hér er oft um að ræða fólk sem hélt lífsþróttinn og lífsgleðina vegna vinnunnar. Það var vinnan og ástríðan fyrir henni sem hélt þessu fólki gangandi. Hver er réttlæting þess að skylda fólk í slíkum aðstæðum til að hefja töku lífeyris af því að það er orðið sjötugt? Af hverju að skylda fólk, sem vill og getur unnið, til að láta af störfum?

Vegna hækkandi lífaldurs þjóðarinnar og skorts á vinnuafli samhliða því er enn frekari ástæða til að gera fólki, sem enn hefur þrótt og kraft til vinna, mögulegt að vinna eins lengi og það sjálft kýs og treystir sér til. Að skylda fólk á eftirlaun og dæma það þannig úr leik í atvinnulífinu þjónar engum tilgangi og er óskynsamlegt í efnahagslegu tilliti.

**Hver er réttlæting þess að skylda fólk í slíkum aðstæðum til að hefja töku lífeyris af því að það er orðið sjötugt?**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Svipugöngin**
**Það fór ekki fram hjá neinum þegar Ólafur Ólafsson kom á fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis í gær til að skýra mál sitt varðandi kaupin á Búnaðarbankanum. Nefndarmenn höfðu tækifæri til að spyrja Ólaf spjörunum úr, dagskrárlið sem Ólafur kallaði svipugöng, en það varð fljótt ljóst hvaða þingmenn mættu til fundarins vel undirbúnir. Leikrænir tilburðir voru einnig skammt undan þegar Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, rétti fjölmiðlamönnum þykka möppu með gögnunum frá Ólafi svo blaðamenn gætu „loksins“ krufið málið til mergjar. Það var kannski eina skiptið sem Ólafur hafði í raun yfirhöndina á fundinum þegar hann benti Jóni Þór vinsamlega á að fjölmiðlamenn hefðu nú þegar fengið allan aðgang að gögnunum. Raunar eru gögnin svo gömul að þau hafa meira og minna legið fyrir í áratug.**

**Leiðrétting**
**Á þessum vettvangi var í gær sagt að Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir hefði þurft frá að hverfa úr borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins á kjörtímabilinu. Hið rétta er að eftir prófkjör flokksins árið 2013, þar sem Þorbjörg hafnaði í fjórða sæti, ákvað hún að taka ekki sæti á lista flokksins. Það varð svo til þess að Áslaug Friðriksdóttir færðist upp um sæti. Leiðréttist þetta hér með.**

**snaeros@frettabladid.is**

# Samræmd lífeyrisréttindi kalla á kjarabætur



**Þórunn Sveinbjarnardóttir**
formaður BHM

Þáttaskil verða í kjara- og réttindamálum opinberra starfsmanna um næstu mánaðamót þegar nýskipan A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brúar lífeyrissjóðs tekur gildi. Þeim sem hefja störf hjá hinu opinbera eftir 1. júní nk. verða búin sömu lífeyrisréttindi og gilda á almennum vinnumarkaði, þ.e. með aldurstengdri ávinnslu réttinda sem miðast við að lífeyristaka hefjist við 67 ára aldur. Núverandi sjóðfélagar munu eftir sem áður geta hætt störfum 65 ára og er tryggð jöfn ávinnsla réttinda með svokölluðum lífeyrisauka.

Hið nýja lífeyriskerfi mun hafa mest áhrif á kjör og stöðu nýrra opinberra starfsmanna og kallar á kjarabætur þeim til handa. Háskólamenntaðir koma seinna en aðrir út á vinnumarkaðinn og missa því af mikilvægum „ávinnsluárum“ í nýju lífeyriskerfi. Vinna starfshóps um jöfnun launa á milli almenna og opinbera markaðarins er nýhafin og ljóst er að kjörin þurfa að breytast hratt og örugglega til hins betra ef ríki og sveitarfélög ætla ekki að verða undir í samkeppni um hæft háskólamenntað starfsfólk. Fyrstu skrefin þarf að taka í næstu kjarasamningum aðildarfélaga BHM við ríkið.

Fleira veldur því að kjör og vinnuaðstæður háskólafólks eru í deiglunni. Æ fleiri eru sjálfstætt starfandi og/eða gegna hlutastörfum. Oft er um tímabundnar og ótryggar ráðningar að ræða. Sú tíð þegar stéttir háskólamenntaðra embættismanna gátu gengið að öruggum störfum hjá hinu opinbera vísum að loknu námi er löngu liðin. Samkeppni um góð störf er hörð en samræmt lífeyriskerfi á að auka hreyfanleika fólks á milli vinnumarkaða.

Framfarir á sviði upplýsingatækni, t.d. á sviði gervigreindar, munu valda miklum breytingum á starfsumhverfi háskólamenntaðra á næstu áratugum. Til að tryggja samkeppnishæfi þjóðarinnar þarf að bæta aðgengi að fjölbreyttri menntun á framhalds- og háskólastigi í hæsta gæðaflokki. BHM skorar á ríkisstjórnina að láta af fjársvelti háskólastigsins og kallar eftir samstarfi við stjórnvöld, menntastofnanir og atvinnulífið um greiningu á framtíðarþörfum á vinnumarkaði og áhrifum tækniframfara á vinnumarkaðinn og störf háskólafólks.

**Háskólamenntaðir koma seinna en aðrir út á vinnumarkaðinn og missa því af mikilvægum „ávinnsluárum“ í nýju lífeyriskerfi.**




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Bækur símar og vín

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Hugsum okkur tvö lönd sem eru alveg eins að öllu leyti öðru en því að í öðru landinu eru bækur uppi um alla veggi á flestum heimilum og borðin svigna undan bókastöflunum en í hinu landinu er hvergi nokkurs staðar bók að sjá, kannski vegna þess að þær eru geymdar í kössum niðri í kjallara. Í hvoru landinu skyldu íbúarnir lesa fleiri bækur? Spurningin svarar sér sjálf. Og hún skiptir máli því bækur bæta lífið. Þess vegna eru bókasöfn kostuð af almannafé.

Hægan, hægan, heyrist nú einhver segja. Allt ritmál er í þann veginn að birtast á vefnum. Rafbækur munu senda gamlar skruddur á sama stað og skilvinduna og rokkinn. Aðrir efast.

Hugsum okkur nú aftur tvö lönd sem eru alveg eins að öllu leyti öðru en því að í öðru landinu standa vínflöskur á borðum á flestum heimilum svo borðin svigna en í hinu landinu eru vínföng hvergi höfð uppi við og eru því ekki fyrir augum manna í dagsins önn. Í hvoru landinu skyldi meira vín vera um hönd haft? Spurningin svarar sér sjálf. Og hún skiptir máli því svarið getur hjálpað okkur við að mynda okkur skoðun m.a. á því hvort vín á heima í hillum matvörubúða eins og tíðkast t.d. í Danmörku eða ekki eins og t.d. í Noregi og Svíþjóð.

**Mér er minnisstæð saga vinar míns af brúðkaupsveizlu sem hann sat að Hótel Loftleiðum þar sem prúðbúnir gestirnir yrtu ekki hver á annan alla veizluna og ekki brúðhjónin heldur því allir voru í símanum.**

**Nálægðin skiptir máli**

Greiður aðgangur að vínföngum ýtir undir vínneyzlu eins og vandlegar rannsóknir hafa leitt í ljós og blasir raunar við öllum með opin augu og eyru. Nálægðin skiptir máli. Þess vegna hefur ríkið tekið að sér einkasölu á víni á Íslandi og víða annars staðar, t.d. í Noregi og Svíþjóð eins og áður kom fram og einnig t.d. í Kanada en ekki í Bandaríkjunum. Einkasölu ríkisins er ætlað að halda víni og öðru áfengi í hæfilegri fjarlægð frá neytendum til að draga úr drykkjuskap.

**Ef þú heyrnartólið tekur …**

Og þá er ég loksins kominn að efni dagsins.

Hugsum okkur nú tvö lönd sem eru alveg eins að öllu öðru leyti en því að í öðru landinu eiga næstum allir farsíma (Ísland í dag) og enginn í hinu landinu (Ísland fyrir 1990). Í hvoru landinu skyldi fólk nú eyða meiri tíma við símann? Spurningin svarar sér sjálf. Og hún kann að skipta máli. Mér er minnisstæð saga vinar míns af brúðkaupsveizlu sem hann sat að Hótel Loftleiðum þar sem prúðbúnir gestirnir yrtu ekki hver á annan alla veizluna og ekki brúðhjónin heldur því allir voru í símanum. Sjálfur man ég eftir fimm tággrönnum unglingsstúlkum sem sátu þröngt á litlum bekk í lystigarði í Hong Kong án þess að líta upp úr símunum sínum eða yrða hver á aðra því hver var í sínum heimi. Kennarar taka sumir eftir nemendum sem eru niðursokknir í síma sína og fylgjast ekki með því sem fram fer í tímum. Barnakennarar banna flestir farsímanotkun í kennslustundum, þykist ég vita.

**Skjáfíkn**

Nú vaknar brennandi spurning: Hvers vegna yrtu brúðkaupsgestirnir á Hótel Loftleiðum ekki hver á annan? Eða stelpurnar í Hong Kong? Og hvers vegna hanga sumir nemendur í símanum í kennslustundum frekar en að fylgjast með? Myndir þú, lesandi góður, vilja leggjast á skurðarborðið hjá lækni sem hékk í símanum öllum stundum frekar en að fylgjast með fyrirlestrum í læknadeild Háskólans, kryfja líkin og lesa bækurnar?

Hver er skýringin á skjáfíkninni? Býður síminn betur? Kannski.

En skýringin gæti einnig verið hin sama og í dæmisögunum að framan um bækurnar og vínið. Kannski er skýringin einfaldlega sú að símarnir eru tiltækir og ná því athygli. Nálægðin ýtir undir notkun þeirra sem getur snúizt upp í ofnotkun eins og einnig getur gerzt með bækur og vín o.fl.

Í fréttum um daginn var sagt frá brýnni þörf fyrir sálfræðimeðferð barna vegna skjáfíknar sem er nýtt orð í málinu og er ekki enn skráð í ritmálssafni Orðabókar Háskólans.

Hver er þá niðurstaðan? Sannleikurinn er ekki í símanum, ekki frekar en í bókum, og ekki einu sinni í góðum bókum, heldur í mönnum, sem hafa gott hjartalag eins og Halldór Laxness segir í *Alþýðubókinni*.





Öllum nýjum Bosch og Siemens kæli- og frystiskápum fylgir **gjafabréf í Kjötkompaní að verðmæti 30.000 kr.**

Komdu og gríptu tækifærið.

Við tökum vel á móti þér.



**Gildistími er frá 17. maí til 22. maí.**

**Opið virka daga frá kl. 8.30 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 14.**



Í öllum Siemens og Bosch kæliskápum er skúffa sem tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta.

Í sumum skápunum er svokölluð kjötskúffa þar sem finna má kaldasta svæðið í skápnum. Hentar fyrir ferskt kjöt, ferskan fisk, drykki og eldaða rétti.

2016 Framúrskarandi fyrirtæki

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# Leikmunur

## Opið bréf til kjósenda Bjartrar framtíðar



**Kári Stefánsson**
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

*„Guð hjálpi þeim sem heillast af hagfræðitölum hveitiframleiðslunnar en staldrar ekki við til að dást að kornaxinu. Þótt peningar falli vissulega ljúfar ofan í reiknilíkön og prósentur en aðrir þættir mannlífsins, þá skipta aðrir hlutir ekki síður máli. Kærleikur, virðing og mannréttindi eru ekki síður mikilvæg og ber að hafa hugfast í störfum bæði þings og ríkisstjórnar. Höfum það hugfast að við vorum ekki bara kosin til að taka ákvarðanir og fara með völd, heldur til þess að þjóna almenningi í landinu. Gerum það, verum góð.“*

Óttarr Proppé í þingræðu 2016

Formaður flokksins ykkar, hann Óttarr Proppé, slæddist inn í borgarpólitíkina í kjölfar Jóns Gnarrs. Hann var utangarðsmaður í huga samfélagsins sem ögraði ríkjandi stjórnmálamönnum sem höfðu fjarlægst fólkið í landinu og vilja þess í mikilvægum málum. Síðan var hann kjörinn á þing og í stjórnarandstöðu flutti hann hrífandi ræður um mikilvægi kærleikans og mannréttinda og þess að þing og ríkisstjórn geri sér grein fyrir því að peningar séu ekki allt (sjá ívitnun hér að ofan). Nú er hann heilbrigðismálaráðherra í ríkisstjórn peningastrákanna, Bjarna og Benedikts, og hefur um það stór orð hvað honum líði vel að vinna með þeim. Það er eins og hann hafi ekki hlýtt á eigin ræður hvað þá annað samið og flutt, nema þær hafi verið hugsaðar sem öfugmælavísur. Það er ekki nóg með að hann sætti sig við félagsskapinn, hann er orðinn einn af strákunum og það finnst honum kúl.

**Hann talaði um fjárhagslegan raunveruleika sem setti okkur skorður. Okkar svör við því voru að það hefði aldrei verið meiri auður í íslensku samfélagi og það væri vilji fólksins í landinu að skattleggja þennan auð að því marki að við höfum efni á mannsæmandi heilbrigðiskerfi. Það leist heilbrigðismálaráðherranum ekki á vegna þess að það kynni að valda óróa í hinu góða stjórnarsamstarfi.**

Fyrir kosningar var íslensk þjóð nokkuð einróma í þeirri skoðun sinni að heilbrigðiskerfið væri í rusli og það yrði að ráðast í myndarlega endurreisn þess. Krafa til Alþingis um að 11% af vergri landsframleiðslu yrði varið til reksturs heilbrigðiskerfisins var undirrituð af 85.000 atkvæðisbærum Íslendingum. Allir stjórnmálaflokkarnir hétu því að þeir myndu ráðast í endurreisnina eftir kosningar, að undanskildum Sjálfstæðisflokknum sem sló í og úr og hélt því stundum fram að það væri að mestu búið að endurreisa kerfið. Annað loforð sem allir flokkarnir veittu var að stemma stigu við einkavæðingu heilbrigðiskerfisins utan Sjálfstæðisflokkurinn sem einnig þar sló í og úr. Í stjórnarmyndunarviðræðunum segir formaður ykkar að hann hafi beðið um heilbrigðismálaráðuneytið sem hann og fékk. Nú skulum við skoða hvernig honum gengur að efna loforð honum Óttarr Proppé og hversu vel hann lýtur vilja fólksins í landinu. Það má vera að ykkur kjósendum hans finnist fullsnemmt að meta það eftir aðeins fjóra mánuði, en ekki gleyma því að við höfum fimm ára áætlun ríkisfjármála sem yfirlýstan vilja hans og samráðherra hans um það hvernig þeir hyggjast taka á heilbrigðiskerfinu.

### Loforð um endurreisn heilbrigðiskerfisins

Krafan til Alþingis sem var undirrituð af 85 þúsund manns í fyrra var upp á 11% af vergri landsframleiðslu til reksturs heilbrigðiskerfisins sem hefði aukið fé til þess um 40 milljarða króna á ári. Ríkisfjármálaáætlunin gerir ráð fyrir 45 milljörðum af nýju fé inn í kerfið á fimm árum. Þar af fara 36 milljarðar í nýbyggingu Landspítalans sem hefur ekkert með rekstur heilbrigðiskerfisins að gera. Af þeim níu milljörðum sem eftir standa er tveimur ætlað að standa straum af kostnaði við læknisþjónustu Íslendinga erlendis sem er furðuleg ráðstöfun á fé og verður vikið að henni hér síðar. Þá eru eftir sjö milljarðar króna af nýju fé á fimm árum sem gera 1,4 milljarða á ári eða rétt um þrjú prósent af kröfu fólksins í landinu.

Þegar rýnt er vendilega ofan í tölurnar í ríkisfjármálaáætluninni og gert ráð fyrir fólksfjölgun og breytingu í aldurssamsetningu er ljóst að það er gert ráð fyrir því að setja nákvæmlega ekkert nýtt fé í að endurskipuleggja og bæta þjónustu við landsmenn á næstu fimm árum. Endurreisn heilbrigðiskerfisins er ekki á dagskrá þessarar ríkisstjórnar.

Þegar við sátum á löngum fundi með Óttari Proppé niður í Vatnsmýrinni á föstudaginn 5. maí, ég og tveir forsvarsmenn læknisfræði í landinu, bentum við honum á þetta. Hann yppti öxlum og viðurkenndi að ríkisfjármálaáætlunin væri í litlu samræmi við kröfur fólksins í landinu en hann væri samt ánægður með hlut heilbrigðiskerfisins. Hann talaði um fjárhagslegan raunveruleika sem setti okkur skorður. Okkar svör við því voru að það hefði aldrei verið meiri auður í íslensku samfélagi og það væri vilji fólksins í landinu að skattleggja þennan auð að því marki að við höfum efni á mannsæmandi heilbrigðiskerfi. Það leist heilbrigðismálaráðherranum ekki á vegna þess að það kynni að valda óróa í hinu góða stjórnarsamstarfi. Honum er sem sagt meira í mun að þóknast Bjarna Benediktssyni og Benedikt Jóhannessyni en fólkinu í landinu. Þeir tveir virðast hins vegar staðráðnir í því að hunsa þann grundvallarþátt lýðræðisins sem felst í því að fara að vilja fólksins þegar hann er skýr. Og hvers vegna skyldi það svo vera er spurning sem beinir sjónum að einkavæðingu heilbrigðiskerfisins.

**Hvort sem reynist rétt er hann ekki maður orða sinna og kominn tími til þess að þið sem kusuð hann losið okkur við hann. Það er ekki bara nauðsynlegt fyrir okkur og ykkur heldur líka fyrir Óttar, vegna þess að hann er farinn að líta út eins og leikmunur á sviðinu þar sem Bjarni og Benedikt syngja vesöld og sult í bú hins almenna borgara.**

### Loforð um að stemma stigu við einkavæðingu heilbrigðiskerfisins

Þegar við félagarnir þrír bentum heilbrigðismálaráðherra á þá staðreynd að stefna Sjúkratrygginga sem hefur verið við lýði um árabil, að svelta Landspítalann en gera ríkulega samninga við félög heilbrigðisstétta, hafi leitt til mikillar einkavæðingar á heilbrigðisþjónustu sagðist hann gera sér grein fyrir þessu en hefði engin plön um að breyta stefnunni. Þessi háttur Sjúkratrygginga hlýtur að skoðast sem markviss tilraun til einkavæðingar vegna þess að ekki sparar hann fé. Með því að koma í veg fyrir að Spítalinn sé í stakk búinn til þess að sinna verkefnum er hins vegar búin til knýjandi þörf fyrir einkaframtakið.

Klíníkin í Ármúlanum er orðin flaggskip einkavæðingarinnar en þar eru framkvæmdar inngripsmiklar aðgerðir á sjúklingum. Þörfin fyrir þjónustu Klíníkurinnar er alfarið háð fjársvelti Landspítalans. Víkur nú sögunni að milljörðunum tveimur í ríkisfjármálaáætluninni sem eiga að fara í læknisþjónustu við Íslendinga erlendis. Það fé fer líklega í fyrstu til þess að borga fyrir aðgerðir framkvæmdar á einkasjúkrahúsum í Svíþjóð af þeirri gerð sem eru framkvæmdar á Klíníkinni í Ármúlanum. Síðan verður látið undan þrýstingi og borgað fyrir aðgerðirnar á Klíníkinni. Milljarðarnir tveir eru sem sagt fé sem er eyrnamerkt til þess að fjármagna einkavæðingu í íslenskri heilbrigðisþjónustu. Í stað þess mætti nota þetta fé til þess að útbúa Landspítalann til þess að sinna allri þeirri þörf sem er fyrir þessar aðgerðir á landi hér. Þar er öryggis sjúklinga mun betur gætt en á fábrotinni einkaklíník í Ármúlanum og aðgerðirnar nýtast til þess að mennta og þjálfa næstu kynslóð heilbrigðisstarfsmanna.

Er ekki nokkuð ljóst á því sem hér hefur verið rakið að það er dálítið bil milli þess Óttars sem flutti í fyrra ræðuna sem ég vitnaði í og hins sem nú situr sem heilbrigðismálaráðherra? Ég er að velta fyrir mér þeim möguleika að hann hafi í rauninni aldrei meint það sem hann sagði í ræðunum sínum. Hann vann lengi sem afgreiðslumaður í bókabúð og leit á sig sem mann bókmenntanna. Kannski var ræðunum hans einfaldlega ætlað að höfða til tilfinninga og hrífa eins og prósaískt ljóð án þess að að baki þeim væri loforð um að standa við eitt einasta orð sem hann sagði; án þess að hann meinti eitt einasta orð sem annað en tæki til þess að kitla tilfinningar. Hinn möguleikinn er sá að hann meini allt en skilji einfaldlega ekki það sem er að gerast í kringum hann og láti Bjarna og Benedikt, sem eru læsari á tölur en hann, þyrla í kringum sig bókhaldsskýi hnausþykku. Hvort sem reynist rétt er hann ekki maður orða sinna og kominn tími til þess að þið sem kusuð hann losið okkur við hann. Það er ekki bara nauðsynlegt fyrir okkur og ykkur heldur líka fyrir Óttar, vegna þess að hann er farinn að líta út eins og leikmunur á sviðinu þar sem Bjarni og Benedikt syngja vesöld og sult í bú hins almenna borgara.







# Sofandi þingmenn



**Björn B. Björnsson**
áhugamaður um almannahagsmuni

Þingmenn og ráðherrar eru kjörnir til að gæta hagsmuna almennings, en virðast ekki alltaf vera vakandi fyrir þessu hlutverki sínu.

Mikil áform eru nú uppi um stóraukið fiskeldi við strendur Íslands. Ástæðan er að slíkur rekstur er mjög arðbær nú og framtíðarhorfur góðar.

Fiskeldi byggist á notkun og nýtingu sameiginlegra auðlinda okkar, en þrátt fyrir það eru engin áform um að greinin borgi fyrir þessa notkun, greiði auðlindagjald.

Fiskeldi í sjókvíum mengar umhverfi sitt. Úr kvíunum kemur skítur og fóður sem mengar og skemmir sjávarbotninn. Úr kvíunum leka líka lyf sem fiskunum eru gefin og veruleg hætta er á að laxar sem sleppa úr kvíunum mengi (og jafnvel útrými) villtum laxastofnum við Ísland. Þá verður mikil sjónmengun af kvíunum sem verða settar upp í mörgum fegurstu fjörðum landsins.

Það er því eðlileg krafa að þeir sem ætla að fá leyfi til að hagnast með þessum hætti á sameiginlegum auðlindum okkar greiði fyrir þessi not.

Þetta virðist hins vegar alveg hafa gleymst. Kannski vegna dugnaðar fyrirtækjanna við að koma ár sinni fyrir borð. Alla vega hafa þingmenn hér steinsofið á verðinum við að gæta hagsmuna þeirra sem eiga auðlindina sem til stendur að nýta og menga.

Ríkisútvarpið skýrði nýlega frá því að í Noregi væru sveitarfélög í auknum mæli afhuga fiskeldi og vildu ekki meira af slíku. Ástæðuna segja sveitarfélögin vera þá að fiskeldið skili litlu til samfélagsins þrátt fyrir mikinn gróða fiskeldisfyrirtækjanna. Sveitarfélögin fái litlar beinar tekjur og sum þeirra mjög litlar afleiddar tekjur.

Á Íslandi kostar rekstrar- og starfsleyfi til fiskeldis eina milljón króna. Í Noregi kostar slíkt leyfi 150 milljónir króna og þegar Norðmenn prófuðu að bjóða upp slík leyfi fyrir nokkrum árum fengust 840 milljónir fyrir dýrasta leyfið.

Væri ekki ráð að þingmenn vöknuðu af sínum þunga svefni og gerðu hér bragarbót? Auðlindagjald af fiskeldi gæti að hluta runnið til viðkomandi sveitarfélaga og að hluta í auðlindasjóðinn sem á að tryggja okkur fyrir áföllum í framtíðinni. Ekki mun af veita.

Glæsilegt úrval á pier.is



TILBOÐ
HAVANNA BORÐ OG FJÓRIR STÓLAR 79.880,-



PARIGI STÓLL Áður 12.990,- NÚ 10.392,-

PARIGI BORÐ Áður 12.990,- NÚ 10.392,-

# SUMARGLEÐI

Gildir 18.–24. maí

## 20% AFSLÁTTUR AF SUMARVÖRUM, TEPPUM & SESSUM



FUGLABAÐ
Áður 2.990,- NÚ 2.392,-



BEKKUR úr járni dökkur
Áður 29.900,- NÚ 23.920,-





NID KÖRFUSTÓLL
30% afsláttur
Áður 59.900,-
NÚ 41.930,-



INDVERSK TEPPI
Áður 4.990,- NÚ 3.992,-







AUDREY SETT borð og 2 stólar
Áður 25.980,- NÚ 20.784,-





SESSUR
Áður 1.990,- NÚ 1.592,-







the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880



KRÓNAN
Krónan mælir með!
229 kr. kg
Rauðar vatnsmelónur, Kosta Ríka
Borðaðu mig - bestar núna!
-20%
299 kr. kg
Melónur, kantalópa, Hondúras
199 kr. kg
Gular melónur, Kosta Ríka
Verð áður 260 kr. kg
Tilboðin gilda til 21. maí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
Nýtt!
Gerðu þinn eigin Lamborgara!
GERÐU ÞINN EIGIN LAMBORGARA
Lamborgarar, brauð, Bernaisesósa, salt og pipar
1299 kr. pk.
2 stk. 120 g hágæða lamborgarar
ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK
BEIKONSULTAN shake&pizza
689 kr. stk.
Shake & Pizza beikonsulta
FABRIKKU SÓSAN
399 kr. stk.
Fabrikku sósa 300 ml
100% hamborgara-búðin þín!
90g - 449 kr. pk.
120g - 569 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.
Steikarborgari 120g
20% fita - góður á grillið
569 kr. pk.
alltaf 2 stk. í pakka
Grillaðu banana
Ódýrt
199 kr. kg
Bananar, Ekvador
Tilboðin gilda til 21. maí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN



Krónan mælir með!

**2799** kr. kg

Laxaflök beinhreinsuð, í lime og smjöri

**-30%**




**-25%**




**2299** kr. kg

Andabringur franskar Berberie

**Verð áður ~~3299~~ kr. kg**

**1699** kr. kg

Grísafile í Chili Teriaki eða karmellugljáð

**Verð áður ~~2280~~ kr. kg**


Tilboðin gilda til 21. maí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

**ódýrt**




**389** kr. pk.

Gestus rúnstykki, 6 stk./540 g




LÍFRÆNT VOTTAÐ

**199** kr. stk.

Oatly lífræn haframjólk, 1 lítri




**149** kr. stk.

Eplasafi, 1,5 lítrar




**299** kr. pk.

Gestus rauð smoothie blanda, 450 g




**199** kr. stk.

Gestus amerískar pönnukökur, 200 g










**Útsöluaðilar:**
Útilíf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum
**Dreifingaraðili:** DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á **dansport.is**




# Leynir MAST upplýsingum um lúsasmit?



**Jón Helgi Björnsson**
formaður Landssambands veiðifélaga

Í desember síðastliðnum óskaði Landssamband veiðifélaga (LV) eftir því við Matvælastofnun (MAST) að fá afrit af öllum eftirlitsskýrslum frá sjókvíaeldi sem stofnunin hefði undir höndum. Beiðninni var hafnað á grundvelli þess að hún væri of víðtæk. Auðvitað var ástæða beiðninnar að LV hefur ekki fullt traust á þeim takmörkuðu upplýsingum sem MAST veitir um umrædda starfsemi. Hins vegar eru hagsmunir LV af því að fá afrit af upplýsingum miklir þar sem fjallað er um áform fyrirtækja um að auka sjókvíaeldi á frjóum norskum laxi upp í 200.000 tonn í öllum fjörðum þar sem slíkt eldi er heimilt.

Í kjölfar þessarar neitunar á afhendingu gagna óskaði LV eftir upplýsingum um umfang lúsasmits frá 1. september 2016 til 15. febrúar 2017. Áður hafði komið fram í fjölmiðlum, m.a. hjá starfsmanni MAST, að óvenju mikið væri um lúsasýkingar í Arnarfirði. Í svari MAST, sem enn þá skilaði engum gögnum frekar en við fyrri fyrirspurn, kom eftirfarandi fram orðrétt: „Engin kvöð er á fiskeldisfyrirtækjum um að tilkynna nákvæmar tölur um lúsasmit, hvort sem er af völdum fiskilúsar eða laxalúsar og því hefur Matvælastofnun engar skrár eða skýrslur um lúsasmit á Austfjörðum eða Vestfjörðum.“

Þetta svar MAST er athyglisvert í ljósi þess að meðfylgjandi fyrra svari stofnunarinnar við erindi LV var leiðbeiningablað um lúsatalningu og lúsasmit í sjókvíum útgefið af Matvælastofnun sjálfri. Athygli vekur síðasta setning í þeim leiðbeiningum sem hljóðar svo:

„Talningarniðurstöður skal senda til MAST sem heldur utan um upplýsingarnar.“

Um tíðni talningar segir í eyðublaðinu: „Einu sinni í mánuði á tímabilinu 1. apríl til 1. júní, að því gefnu að hitastig sjávar sé yfir 4°C. Frá 1. júní til 1. október skal telja 2. hverja viku, og svo aftur mánaðarlega þar til veður og hiti hindrar.“

Síðan er gefið upp netfang tiltekins starfsmanns MAST.

Í þessu ljósi verður sú spurning áleitin, hvort MAST hefur í rauninni upplýsingar undir höndum en kýs að láta þær ekki í té. Hinn möguleikinn er að fyrirtækin hreinlega hundsi fyrirmæli MAST og upplýsi ekki um umfang lúsasmits í stöðvum sínum. Væri það enn einn áfellisdómur yfir eftirliti stofnunarinnar. Fyrir Landssamband veiðifélaga skiptir það ekki öllu máli. Aðalatriðið er að ekki fæst aðgangur að haldbærum upplýsingum um lúsasmit í íslensku fiskeldi. Staða LV til að gefa umsagnir um áform um allt að 200 þúsund tonna framleiðslu á norskum eldislaxi varðandi áhrif lúsasmits er því engin. Opinberir aðilar gefa ekki kost á upplýsingum, sem þeir þó augljóslega afla, og eiga að liggja til grundvallar mati á umhverfisáhrifum og útgáfu eldisleyfa. Við svo brotakennda stjórnsýslu verður ekki unað lengur.

Staða LV til að gefa umsagnir um áform um allt að 200 þúsund tonna framleiðslu á norskum eldislaxi varðandi áhrif lúsasmits er því engin. Opinberir aðilar gefa ekki kost á upplýsingum, sem þeir þó augljóslega afla, og eiga að liggja til grundvallar mati á umhverfisáhrifum og útgáfu eldisleyfa. Við svo brotakennda stjórnsýslu verður ekki unað lengur.

# Einstakt tækifæri!



**Axel Helgason**
formaður Landssambands smábátaeigenda

Vinna við gerð nýrrar aðgerðaáætlunar í loftlagsmálum ríkisstjórnarinnar var kynnt með samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar fyrir stuttu. Þar kennir ýmissa grasa en fátt sem tönn á festir um hvers sé að vænta. Hvað sjávarútveginn varðar var nefnt að möguleikarnir felast í orkuskiptum og tæknilausnum við veiðar.

Það hefur lengi verið ljóst að veiðar smábáta eru umhverfisvænni en veiðar stærri skipa og margar skýrslur sem staðreyna það. Sú nýjasta á þeim vettvangi er frá árinu 2014, unnin af MATÍS og ber heitið „Life Cycle Assessment on fresh Icelandic cod, loins“. Þar kemur meðal annars fram hversu sláandi munurinn er á togveiðum og línuveiðum smábáta. Sótspor togveiða er um það bil þrefalt meira en við veiðar á smábátum.

Því ætti það ekki að vefjast fyrir höfundum að nýrri aðgerðaáætlun stjórnvalda, þegar hún verður birt, að mikil áhersla verði lögð á að efla smábátaútgerð og veita þeim útgerðum sem hana stunda ívilnanir vegna umhverfissjónarmiða. Fordæmi eru fyrir slíku, t.d. við álagningu aðflutningsgjalda á bílum þar sem beint hlutfall er á milli gjalda og útblásturs $CO_2$. Á einfaldan hátt mætti byrja á því að við aukningu á útgefnu aflamarki í þorski eins og stefnir vonandi í, verði sú aukning eingöngu færð í krókaaflamark og strandveiðar, sem og til þeirra sem veiða með kyrrstæðum veiðarfærum – línu, handfærum, netum og hugsanlega síðar gildrum. Einnig væri hægt að nýta álagningu veiðigjalda sem hvata til smábátaútgerðar.

**Orkusparnaður**

En hvers er að vænta frá þeim ráðherrum sem skrifuðu undir viljayfirlýsinguna? Í febrúar síðastliðnum, á öðrum fundi Landssambands smábátaeigenda með sjávarútvegsráðherra, voru kynntar kröfur LS um sanngjarna hlutdeild smábáta í veiðiheimildum á makríl. Krafan er að smábátum verði úthlutað 16 prósentum í stað fjögurra prósenta. Ein af fjölmörgum röksemdum fyrir kröfunni fjallar um orkusparnað við veiðar á makríl með handfæri.

Tekið var raunverulegt dæmi frá síðustu vertíð af smábát sem veiddi 310 tonn af makríl og brenndi við það 2.600 lítrum af dísilolíu á rúmum sex vikum, eða tæplega níu lítrum á tonnið. Á vinnsluskipi við veiðar á sama magni af makríl, brennir það 42.000 lítrum af dísilolíu, eða um 135 lítrum á tonnið. Það er fimmtán sinnum meira en það sem smábáturinn brennir. Og hvað gerir þetta í magni ef þessi munur er uppfærður á 16 prósent af heimildunum eða um 26.000 tonn? Smábátar myndu brenna 235 þúsund lítrum af dísilolíu til að ná þessu magni en vinnsluskipið 3,5 milljónum lítra. Þetta gerir mismun upp á tæpar 3,3 milljónir lítra, sem samsvarar árs eyðslu rúmlega 3.100 dísilbíla sem brenna 7 lítrum pr./100 km og aka 15.000 km á ári, $CO_2$ magnið er um 10 þúsund tonn.

Ráðherra hafnaði þessari kröfu og setti nú í apríl reglugerð sem fyrst var sett á af Sigurði Inga Jóhannssyni árið 2015 þegar hann var gerður afturreka með lög um kvótasetningu makríls með undirskriftum rúmlega 50 þúsund Íslendinga. Reynslan af þessari reglugerð er subbuleg og leitt að ráðherra hafi ekki meiri metnað að standa betur að útdeilingu auðlinda þjóðarinnar.

Engin veiðiskylda er á neinum heimildum og á síðustu vertíð voru 37 þúsund tonn af makríl framseld frá þeim sem fengu upp í hendur þessi gæði. Í ár er ráðherra að úthluta rúmlega 30.000 tonnum af makríl til skipa sem ekki nýttu eitt kíló af sínum heimildum á síðustu vertíð, heldur leigðu þær allar frá sér á 26 kr. kílóið, samtals á rúmar 700 milljónir króna. Flokkur skipa án vinnslu fékk í fyrra úthlutað 7.900 tonnum af makríl sem dreifðust á 77 skip. 75 þeirra veiddu ekki neitt heldur leigðu frá sér heimildirnar, samtals 7.850 tonn. Í flokki vinnsluskipa var úthlutað um 28.000 tonnum á 23 skip. Sautján af þeim veiddu ekki neitt heldur leigðu frá sér heimildirnar, samtals um 19.000 tonn.

Nú bíða smábátaeigendur spenntir eftir því hvort orðum fylgja efndir, því hér hefur ráðherra einstakt tækifæri til að slá tvær flugur í einu höggi með því að verða við kröfum LS um aukna hlutdeild smábáta í makríl og minnka í leiðinni útblástur sem samsvarar akstri þúsunda dísilbíla.

Nú bíða smábátaeigendur spenntir eftir því hvort orðum fylgja efndir, því hér hefur ráðherra einstakt tækifæri til að slá tvær flugur í einu höggi með því að verða við kröfum LS um aukna hlutdeild smábáta í makríl og minnka í leiðinni útblástur sem samsvarar akstri þúsunda dísilbíla.

# Óþolandi óvissa um framhald skólastarfs



Helmut Hinrichsen
gæðastjóri við FÁ

Nú tæpum tveimur vikum eftir að upplýsingar um fyrirhugaða einkavæðingu Fjölbrautaskólans við Ármúla láku í fjölmiðla bólar ekkert á endanlegri tilkynningu þar að lútandi frá mennta- og menningarmálaráðherra. Biðin eftir svari ráðherra er orðin óþægilega löng og hefur slæm áhrif á starfsanda og líðan starfsmanna og nemenda skólans. Að öllu jöfnu hefði undirbúningur næsta skólaárs hafist fyrir nokkru í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Í því felast m.a. ráðningar stjórnenda og annars starfsfólks, endurnýjun tækjabúnaðar og skipulag kennslu. Dráttur á ákvörðun um framhald skólastarfs í Fjölbrautaskólanum við Ármúla hamlar þessari vinnu sem er löngu tímabær. Fyrir liggur að skólameistari Fjölbrautaskólans við Ármúla hættir, enda stóð til að skólinn yrði lagður niður. Hver dagur sem líður án endanlegrar ákvörðunar skaðar skólastarfið enn meira, hvort sem skólinn verður á endanum lagður undir Tækniskólann eða ekki.

**Biðin eftir svari ráðherra er orðin óþægilega löng og hefur slæm áhrif á starfsanda og líðan starfsmanna og nemenda skólans.**

Öll gögn um nemendafjölda næstu ára og rekstur skólanna eru þekkt. Upplýsingar um breytingar á nemendafjölda næstu ára liggja fyrir. Ljóst er að nemendum í framhaldsskólum mun fækka á allra næstu árum og fjölga síðan aftur að fáeinum árum liðnum. Upplýsingar um rekstur skólanna og starfsánægju liggja fyrir. Samkvæmt niðurstöðum úttekta er Fjölbrautaskólinn við Ármúla vel rekinn skóli. Hann býr að glæsilegu húsnæði sem hentar vel starfsemi skólans, öflugu starfsliði og ánægðum nemendahópi. Skólinn er í áttunda sæti sem Stofnun ársins í flokki stofnana með fleiri en 50 starfsmenn og þar með, þriðja árið í röð, sá framhaldsskóli á höfuðborgarsvæðinu sem fær hæsta einkunn starfsmanna. Atburðarás síðustu daga hefur skaðað þann jákvæða starfsanda sem fyrir var. Þekkt er að skólinn hefur á löngum tíma byggt upp öflugt fjarnám sem er vel sótt af nemendum á öllum aldri hvaðanæva af landinu og ljóst er að forsvarsmenn Tækniskóla Íslands myndu ekki slá hendinni á móti því að taka fjarnám okkar yfir. Öll gögn liggja fyrir. Eftir hverju er beðið?

Stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt einkavæðinguna sem hefur farið fram á bak við luktar dyr. En af hverju heyrist ekkert í þingmönnum stjórnarflokkanna? Hvað segja þingmenn og ráðherrar Bjartrar framtíðar og Viðreisnar? Ef andstaða meðal stjórnarliða skýrir þann drátt sem hefur orðið á endanlegri ákvörðun ráðherra væri eðlilegt að það kæmi fram í dagsljósið fyrr en seinna.

Að einkavæða ríkisskóla og segja starfsfólki hans upp er afdrifarík ákvörðun. Ákvörðun um framhald skólastarfs í Fjölbrautaskólanum við Ármúla þolir enga bið.

# Loftslagsmál eru orkumál



Hörður Arnarson
forstjóri Landsvirkjunar

Það var einkar ánægjulegt að sjá ríkisstjórnina ýta vinnu við gerð aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum úr vör á dögunum. Stjórnvöld gera sér grein fyrir því að loftslagsmál eru alþjóðlegt verkefni og að við Íslendingar getum ekki setið hjá, án þess að taka ábyrgð á þessu sameiginlega vandamáli allra þjóða heims.

Það er einmitt ánægjulegt að við Íslendingar erum í aðstöðu til að gera gott betur en aðrar þjóðir og vera í fararbroddi í loftslagsmálum í veröldinni. Áætlun ríkisstjórnarinnar miðar að því að við getum staðið við skuldbindingar okkar samkvæmt Parísarsamkomulaginu frá 2015, sem var að mínu mati vendipunktur í því hvernig alþjóðasamfélagið fæst við vandann og miðar við að halda hlýnun andrúmsloftsins innan við 2°C, miðað við upphaf iðnbyltingarinnar.

**Aukum notkun hreinnar orku og minnkum orkunotkun almennt**

Loftslagsmál eru orkumál, enda koma rúmlega tveir þriðju af losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum frá orkuvinnslu. Yfir 80% af orkunotkun í heiminum eru síðan vegna brennslu jarðefnaeldsneytis, en það þýðir að leiðirnar að markmiði Parísarsamkomulagsins eru fyrst og fremst tvær. Annars vegar er mikilvægt að draga úr vexti orkunotkunar almennt; hins vegar minnka kolefnislosandi orkunýtingu sem mest í heiminum – sér í lagi vegna brennslu kola og olíu.

**Aukin endurnýjanleg orkuvinnsla er ein árangursríkasta leiðin til að minnka kolefnislosandi orkuvinnslu á heimsvísu.**

Aukin endurnýjanleg orkuvinnsla er ein árangursríkasta leiðin til að minnka kolefnislosandi orkuvinnslu á heimsvísu. Spá Alþjóðaorkustofnunarinnar um orkunotkun til ársins 2040 gerir enda ráð fyrir tæplega 80% vexti í nýtingu endurnýjanlegrar orku, en á sama tíma er ekki gert ráð fyrir að kolanotkun í heiminum minnki, vegna aukinnar orkunotkunar.

Við Íslendingar stöndum í þeim sporum að 85% af orkunotkun okkar eiga sér uppruna í endurnýjanlegum orkuauðlindum. Til okkar er yfirleitt litið sem fyrirmyndar á heimsvísu, enda er ljóst að loftslagsmál væru mun viðráðanlegra vandamál, væri þetta hlutfall svona í öllum heiminum.

**Með sjálfbærni að leiðarljósi**

Þessum góða árangri höfum við náð með sjálfbærni að leiðarljósi, þar sem efnahagsáhrif og hagkvæmni hafa verið helsti drifkrafturinn. Við höfum náð að haga málum þannig að með nýtingu endurnýjanlegra orkuauðlinda þurfum við ekki að flytja inn eldsneyti fyrir raforkuframleiðslu og húshitun – óendurnýjanlega orkugjafa sem hafa í för með sér losun á gróðurhúsalofttegundum og aðra mengun.



Þegar við horfum á alþjóðasamfélagið kemur í ljós að Evrópa er leiðandi í baráttunni við loftslagsbreytingar í heiminum. Þar hefur verið tekin ákvörðun um að tvískipta verkefninu; annars vegar er um að ræða staðbundin markmið innan Evrópulanda, á ábyrgð stjórnvalda í hverju landi fyrir sig. Hins vegar er hið svokallaða ETS-viðskiptakerfi með losunarheimildir, sem ekki er bundið við landamæri og er á ábyrgð fyrirtækjanna sem losa. Yfir 11.000 fyrirtæki í Evrópu eru þátttakendur í ETS og markmið með kerfinu er að losun minnki um 40% til ársins 2030 miðað við losun árið 1990.

ETS-kerfið er hornsteinn í aðgerðum Evrópu í loftslagsmálum. Í því eru skýrir hagrænir hvatar til að draga úr losun með hagkvæmni að leiðarljósi með því að hvetja til framþróunar á sviðum þar sem mestir möguleikar eru á að ná árangri. Kerfið gerir ráð fyrir samdrætti í losun frá starfsemi fyrirtækja sem falla undir ETS-kerfið. Takmarkaður fjöldi losunarheimilda í Evrópu felur í sér að ef losun er aukin á ákveðnum stöðum þarf samdráttur að verða meiri annars staðar á svæðinu. Íslensk fyrirtæki sem nýta endurnýjanlega orku standa vel innan þessa kerfis. Helsti veikleiki ETS-kerfisins felst hins vegar í því að það er bundið við Evrópuálfuna, sem skapar hættu á því að kolefnislosandi starfsemi flytjist til annarra heimshluta, t.a.m. þróunarlanda, sem ekki eru með jafn metnaðarfull markmið og eftirlit í loftslagsmálum.

**Frumkvæði frá íslensku atvinnulífi**

Eins og ég vék að í byrjun er aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum fagnaðarefni. Það er þó að mínu viti afar mikilvægt, að íslensk orkufyrirtæki jafnt sem önnur fyrirtæki sýni frumkvæði í því að finna hagkvæmar leiðir og verkefni til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í krafti sérstöðu okkar og sérþekkingar getum við lagt mikið af mörkum, jafnt innanlands sem og á alþjóðlegum vettvangi, í þessu mikilvægasta verkefni samtímans.

# Að borga myndlistarmönnum: framtíðin í þremur skrefum



Jóna Hlíf Halldórsdóttir
formaður SÍM

Í rúm þrjú ár hefur SÍM barist fyrir því að koma á samningum milli listamanna og opinberra safna, til að greiða listamönnum fyrir sýningarhald í söfnunum. Í rúmt ár hafa verið tilbúin drög að slíkum samningi, sem byggir á fyrirmyndum erlendis frá. Samningsdrögin hafa verið nefnd Framlagssamningurinn og eru grundvöllur fyrir framtíðarfyrirkomulagi sýningarhalds á Íslandi, þar sem listamönnum sem sýna í virtustu sýningarsölum landsins verður greitt fyrir sýningarhald.

SÍM vann að Framlagssamningnum í samvinnu við forstöðumenn stærstu opinberu listasafnanna, og hefur kynnt drögin fyrir sveitarfélögum og ríki frá því í október 2015 sem hluti af herferðinni VIÐ BORGUM MYNDLISTARMÖNNUM. Afstaða SÍM hefur jafnframt verið sú að ríki og sveitarfélög, sem eiga og reka stærstu opinberu listasöfn landsins, verði að tryggja listasöfnunum þær aukafjárveitingar sem þarf til að koma samningnum á. Þrjú mikilvægustu skrefin sem þarf að hafa í huga til að koma á framtíðarfyrirkomulagi eru þessi.

**1. Full fjármögnun framlagssamningsins er nær en við höldum**

Út frá upplýsingum frá Listasafni Íslands, Listasafni Reykjavíkur, Listasafninu á Akureyri, Listasafni Árnesinga, Listasafni Reykjanesbæjar, Hafnarborg og Gerðarsafni, sem birtar eru í STARA nýjasta tímariti SÍM, er ljóst að kostnaður vegna launa til listamanna eykst árið 2017 miðað við síðasta ár. Óskað var eftir upplýsingum frá söfnunum um hver kostnaðurinn yrði ef farið væri eftir Framlagssamningnum miðað við sýningardagskrá 2017, auk upplýsinga um hvað áætlað er að greiða listamönnum sem sýna á árinu. Upplýsingarnar eru birtar í tímaritinu sundurliðaðar miðað við þóknun, vinnuframlag og listamannaspjall. Fram kom að áætlað er að greiða samtals kr. 12.038.400. á árinu, sem yrði rúmlega 25% hækkun milli ára. Slíkar breytingar eru jákvæðar og skref í rétta átt.

**Það eru vonbrigði að ekki hafi fleiri söfn beðið um aukafjárveitingu til þess að greiða myndlistarmönnum eftir Framlagssamningnum.**

Þessar upplýsingar fela líka í sér að framtíðin er mun nær en við höldum. Listasöfnin á Íslandi eru nú þegar tiltölulega nálægt því að geta fjármagnað greiðslur til listamanna samkvæmt Framlagssamningnum. Ef miðað er við árið 2017 þarf einungis 25 milljónir króna samanlagt frá sveitarfélögunum og ríki til að greiða myndlistarmönnum í samræmi við Framlagssamninginn. Það myndi breyta starfsumhverfi myndlistarmanna til samræmis við nágrannalöndin eins og Danmörk, Noreg og Svíþjóð. Ef launakostnaður safnanna hækkar áfram með sama hætti milli ára, yrðu greiddar þóknanir frá söfnunum í samræmi við Framlagssamninginn eftir fimm ár.

**2. Ekkert kemur af sjálfu sér: listasöfn og listamenn þurfa að vinna saman að fjármögnun samningsins**

Ef listasöfn á Íslandi myndu nú þegar greiða listamönnum eftir Framlagssamningnum á árinu 2017 væri heildarkostnaðurinn við það kr. 38.342.500. Til að hægt sé að komast þangað, þurfa listasöfnin að biðja um aukið fjármagn við gerð rekstraráætlana fyrir hvert starfsár. Það hefur hingað til ekki verið gert af krafti. Jafnframt þurfa söfnin að gera ráð fyrir því að kostnaður vegna launa til listamanna sé liður sem muni vaxa á næstu árum.

Nýlistasafnið var eina listasafnið sem bað um aukafjárveitingu á síðasta ári, til þess að greiða myndlistarmönnum eftir Framlagssamningnum miðað við sýningardagskrá 2017. Hafnarborg bað um aukafjárveitingu til þess að greiða myndlistarmönnum og fékk eina milljón króna. Það eru vonbrigði að ekki hafi fleiri söfn beðið um aukafjárveitingu til þess að greiða myndlistarmönnum eftir Framlagssamningnum.

Framtíðin kemur ekki af sjálfu sér; myndlistarmenn, söfn og stjórnvöld þurfa að vinna saman að breytingunum. Söfnin þurfa að biðja um og gera ráð fyrir að fá aukið fjármagn til þess að greiða eftir Framlagssamningnum. Því ef við spyrjum ekki þá er svarið alltaf nei.

**3. Listamenn krefjist að fá greitt samkvæmt Framlagssamningnum**

Myndlistarmenn sem fá boð um að sýna í söfnum sem rekin eru af opinberum aðilum, ríki og sveitarfélögum, þurfa að standa með sjálfum sér. Þeir þurfa að þora að biðja um að greitt verði eftir Framlagssamningnum vegna sýningarhaldsins. Ef það gengur ekki eftir þurfa þeir að þora að spyrja: hvers vegna ekki?

Frá því SÍM hóf herferðina Við borgum myndlistarmönnum, virðist sem málaflokknum um greiðslur þóknana til listamanna hafi verið gefinn meiri gaumur og greiðslur vegna þóknana hafa vissulega aukist milli ára. Við erum samt ekki komin þangað sem við ætlum. Því meiri pressu sem við setjum á okkur sjálf, listasöfnin og eigendur þeirra, því styttri tíma tekur að komast þangað.

Það er ekkert að því að semja um kaup og kjör og óska eftir að fá laun fyrir sína vinnu. Það þarf kjark til að standa með sjálfum sér og við höfum nóg af honum nú þegar. Við notum hann á hverjum degi í okkar störfum. Nú þurfum við að nýta hann til að semja um kaup og kjör. Og svo þurfum við að nýta hann til að standa saman í gegnum þessar breytingar.

# Fólk
Tíska

FIMMTUDAGUR 18. MAÍ 2017



MYND/LEIFUR WILBERG ORRASON

# Umhverfið í öndvegi

Magna Rún Rúnarsdóttir útskrifast úr fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands í vor. Í útskriftarlínu sinni, sem hún sýndi í Hörpu, lagði hún áherslu á umhverfisvitund. →2



**Magnús Þór Sigmundsson og Jóhann Helgason verða með stórtónleika í Bæjarbíói á laugardag en 45 ár eru frá því að fyrsta hljómplata þeirra kom út.**

viðburðir →8


SUMARGLEÐI
Gildir til 22. maí
20-70%
AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM
ALLAR AÐRAR VÖRUR Á 10% AFSLÆTTI

SUMARGLEÐI COMMA
GILDIR TIL 22. MAÍ
comma,
SMÁRALIND

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Framhald af forsíðu ➜

Mér fannst mikilvægt að skilja eftir eins lítið fótspor á jörðinni eftir fatalínu mína og ég gæti. Ef það er eitthvað sem ég hef lært á síðustu þremur árum í skólanum er að iðnaðurinn í kringum fatahönnun er ekkert sérstaklega fagur og einn sá mest mengandi í heiminum, í rauninni annar í röðinni á eftir olíuiðnaðinum,“ segir Magna Rún sem ákvað því að vinna umhverfisvæna endurunna línu.

„Ég óf marga litla búta úr niðurklipptum hvítum stuttermabolum sem ég fékk úr Rauða krossinum og bútana litaði ég svo með avókadósteini og hýði sem gefur fallegan bleikan tón. Einnig litaði ég gömul rúmföt með gulu laukhýði og reif svo niður í ræmur og óf í stórum vefstól. Svo litaði ég með indígólit, en hann er einn af fáum náttúrulegum bláum tónum sem er hægt að nálgast,“ lýsir Magna Rún.

Hún segir heilmikla vinnu liggja að baki fatalínu sem þessari, sér í lagi þar sem hún ákvað að búa til liti og efni sjálf. „Sem betur fer fékk ég mikla hjálp frá fjölskyldu og vinum. Til að mynda voru móðir mín og systir í fullri vinnu við að vefa 100 búta úr stuttermabolum sem voru svo notaðir í bleika jakkann og buxurnar,“ segir hún glettin.

Hönnunar- og framleiðsluferli útskriftarlínunnar gekk nokkuð jafnt og þétt fyrir sig þó hún viðurkenni að stressið hafi verið nokkuð. „En við erum mjög þéttur og góður hópur í bekknum og pössuðum upp á hvert annað. Ég gæti ekki hugsað mér að hafa verið án þeirra í þessu ferli, því þetta var samvinna þó svo við höfum öll verið að vinna í okkar eigin línu.“



Magna Rún vann tískulínu sína úr endurunnum efnum. MYND/GVA

**„Til að mynda voru móðir mín og systir í fullri vinnu við að vefa 100 búta úr stuttermabolum sem voru svo notaðir í bleika jakkann og buxurnar.**

Fyrirsæturnar á útskriftarsýningunni komu frá Eskimo og dóttir og bekkjarfélagarnir völdu í sameiningu þau módel sem þeim leist best á. „Kennarinn okkar, hún Kata, raðaði módelunum niður á lúkk en öll vorum við með þrjár til fjórar innkomur, svo það myndaðist mikill hasar í skiptingum baksviðs. Við völdum einnig förðun og hár í sameiningu og fengum til okkar Fríðu Maríu förðunarfræðing sem útfærði hugmyndir okkar og sá svo um förðunina á sýningardaginn ásamt sínu teymi.“

Magna Rún segir tískusýninguna hafa gengið vonum framar. „En það var smá hökt í aðalæfingunni sem var haldin klukkutíma fyrr. Þar festist til dæmis eitt módelið í skóm og varð seint í næstu innkomu,“ segir hún og brosir.

Nemendur sáu ekki sýninguna sjálfa enda uppteknir við að klæða módelin baksviðs. „Það var samt ótrúleg spenna sem fór um mann þegar lagið byrjaði, en við vorum öll með okkar lag. Það var mikið spennufall eftir sýningu og í raun mjög skrýtið að þetta sé bara búið! Eftir 16-17 tíma vinnudaga síðastliðna mánuði getur maður loksins andað,“ segir Magna Rún sem ætlar að vinna í möppunni sinni (portfolio) í sumar. „Kannski fer ég eitthvert út í starfsnám eða framhaldsnám næsta haust, það er enn ekki komið í ljós.“




„Mér fannst mikilvægt að skilja eftir eins lítið fótspor á jörðinni eftir fatalínu mína og ég gæti,“ segir Magna Rún. MYND/ANTON BRINK



Blá klæði úr náttúrulegum indigólit. MYND/LEIFUR WILBERG ORRASON



Bleiki liturinn fékkst með avókadósteini. MYND/LEIFUR WILBERG ORRASON



Sýningin gekk hnökralaust fyrir sig. MYND/LEIFUR WILBERG ORRASON



Mikil vinna liggur að baki tískulínunni. MYND/LEIFUR WILBERG ORRASON




Guerlain kynning í Sigurboganum 18. – 20. maí

Við kynnum TERRACOTTA Sun Trio, nýja bronz og skyggingar pallettu sem veitir sólkyssta húð, fullkomna skyggingu og einstakan ljóma.

Guerlain sérfræðingur verður á staðnum og veitir persónulega ráðgjöf.

20% AFSLÁTTUR af öllum vörum frá Guerlain.

SIGURBOGINN

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Naglsveppir – lausn án lyfseðils



Amorolfin ratiopharm er ætlað til notkunar á bæði tá- og fingurneglur.

## Amorolfin ratiopharm lyfjalakk á neglur við naglsveppum sem fæst án lyfseðils í næsta apóteki. Eina lyfið án lyfseðils við naglsveppum




**Amorolfin ratiopharm er notað einu sinni í viku eða samkvæmt ráðleggingu læknis. Með í pakkningunni eru einnig hreinsigrisjur, naglaþjalir og fjölnota spaðar til að dreifa úr lakkinu.**

Amorolfin ratiopharm er eina lyfið við naglsveppum sem fæst án lyfseðils á Íslandi," segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Það var mjög ánægjulegt að bæta lyfinu við úrval lausasölulyfja LYFIS, en við höfum markvisst unnið að því að auka framboð lyfja sem hægt er að kaupa án lyfseðils."

### Staðbundin verkun og aukaverkanir sjaldgæfar

Lyf sem innihalda amorolfin eru komin í lausasölu í nokkrum öðrum Evrópulöndum og hefur tilkoma lyfsins í lausasölu aukið aðgengi almennings að meðferðarkosti við naglsveppum. Amorolfin er breiðvirkt sveppalyf sem er mjög virkt gegn algengum tegundum af naglsveppum. Amorolfinið smýgur úr lyfjalakkinu inn í og í gegnum nöglina og getur þar af leiðandi útrýmt sveppnum sem er illa aðgengilegur í naglbeðnum. Þar sem meðferðin er staðbundin eru aukaverkanir mjög sjaldgæfar og þá aðallega svæðisbundnar, sem er mikill kostur fyrir notandann.

Algengustu einkenni naglsveppasýkingar eru þykknun naglarinnar og litabreyting. Nöglin getur t.d. orðið hvít, svört, gul eða græn. Verkir og óþægindi geta einnig komið fram.

### Amorolfin ratiopharm einungis einu sinni í viku

Bera skal lyfjalakkið á sýktar fingur- eða táneglur einu sinni í viku eða samkvæmt ráðleggingu læknis. Meðferð skal haldið áfram óslitið þar til nöglin hefur endurnýjað sig og viðkomandi svæði er læknað. Meðferð við naglsveppum tekur langan tíma þar sem nöglin þarf að vaxa fram og getur þurft að meðhöndla svæðið í 6-12 mánuði. Amorolfin ratiopharm má nota með öðrum lyfjum en ekki má nota naglalakk eða gervineglur á meðan verið er að nota lyfið.

Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfsins fyrir notkun og kynna sér helstu varúðarreglur. Stutta samantekt um lyfið má sjá hér aftar.

**Notkunarsvið:** Amorolfin ratiopharm lyfjalakk inniheldur amorolfin og er notað til meðferðar við sveppasýkingum í nöglum sem áður hafa verið greindar af lækni eða til meðferðar á endurteknum sveppasýkingum. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir amorolfini eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. **Varúð:** Forðast skal að lyfjalakkið komist í snertingu við augu, eyru og slímhúðir. Sjúklingar með undirliggjandi sjúkdóma sem eru móttækilegir fyrir sveppasýkingum í nöglum ættu að ræða viðeigandi meðferð við lækni. Slíkir sjúkdómar eru útlægir blóðrásarkvillar, sykursýki og ónæmisbæling. Sjúklingar með visnaðar neglur og ónýtar neglur ættu að ræða viðeigandi meðferð við lækni. Eldfimt. **Meðganga og brjóstagjöf:** Notkun lyfsins skal ákveðin af lækni. **Skömmtun:** Lyfjalakkið er borið á sýktar fingur- eða táneglur einu sinni í viku eða samkvæmt ráðleggingu læknis. Meðferð skal haldið áfram óslitið þar til nöglin hefur endurnýjað sig og viðkomandi svæði er læknað. Ekki ætlað börnum. **Aukaverkanir:** Aukaverkanir eru mjög sjaldgæfar, helst staðbundnar, s.s. neglur geta orðið mislitar eða losnað frá naglbeðnum. **Lesið vandlega fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu.** SmPC: Apríl 2016.

# Nýr nefúði við ofnæmiskvefi

## Mometason Evolan nefúði inniheldur barkstera og fæst nú í apótekum án lyfseðils. Nefúðinn er ætlaður bæði við árstíðabundnu ofnæmiskvefi sem og langvarandi bólgu í nefslímhúð.

Mometason Evolan nefúðinn inniheldur barksterann mometason fúróat. Barksterar eru mjög virk bólgueyðandi efni sem hindra myndun ýmissa boðefna í ónæmiskerfinu, m.a. í ofnæmi," segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. Einkenni frá nefi vegna ofnæmis geta verið nefstífla, nefrennsli, kláði í nefi og hnerri. „Með því að gefa barkstera í nef er hægt að hafa staðbundin áhrif á þessi algengu ofnæmiseinkenni frá nefi," segir Hákon.

Ofnæmiskvef, sem er árstíðabundið, eru ofnæmisviðbrögð sem koma fram þegar andað er að sér m.a. frjókornum frá trjám, grösum og blómum eða sporum frá myglu og sveppum. Stöðug nefslímubólga kemur fram allt árið um kring og einkennin geta verið vegna ofnæmis fyrir ýmsum mismunandi ofnæmisvöldum, til dæmis rykmaurum, dýrahári (eða húðflögum), fjöðrum eða ákveðnum fæðutegundum. Mometason Evolan minnkar þrota og ertingu í nefinu og dregur þannig úr nefstíflu, nefrennsli, kláða og hnerra.

Hjá sumum einstaklingum byrjar Mometason Evolan að draga úr einkennum 12 klst. eftir fyrsta skammt, en það geta liðið allt að 2 dagar þar til fullur árangur af meðferðinni kemur fram. Mjög gott er fyrir þá sem fá að jafnaði mikið ofnæmiskvef vegna frjókorna að byrja að nota lyfið nokkrum dögum áður en frjókornatímabilið hefst til að lágmarka einkennin eins og kostur er.






Mometason Evolan minnkar þrota og ertingu í nefi og dregur þannig úr nefstíflu, nefrennsli, kláða og hnerra.



Algengir ofnæmisvaldar.

LYFIS
Traust í lyfjum

**Notkunarsvið:** Mometason Evolan er ætlað til notkunar hjá fullorðnum, 18 ára og eldri, til meðferðar við einkennum árstíðabundinnar eða langvarandi bólgu í nefslímhúð. **Ekki má nota lyfið** ef til staðar er ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna eða ómeðhöndluð, staðbundin sýking í nefslímhúð. Ef viðkomandi hefur nýlega gengist undir nefaðgerð eða er með áverka í nefi. **Gæta skal sérstakrar varúðar** hjá einstaklingum með virka eða dulda berkla í öndunarfærum eða ómeðhöndlaðar sveppa-, bakteríu- eða altækar veirusýkingar og hjá ónæmisbældum einstaklingum. Lyfið inniheldur benzalkonklóríð. **Meðganga og brjóstagjöf:** Við meðgöngu, brjóstagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað. **Skömmtun:** *Fullorðnir:* 2 úðaskammtar í hvora nös einu sinni á dag. Þegar stjórn hefur náðst á einkennum má minnka skammtinn í 1 úðaskammt í hvora nös einu sinni á dag. **Algengar aukaverkanir:** Höfuðverkur, hnerrar, blóðnasir, eymsli í nefi eða koki, sár í nefi, sýkingar í öndunarvegi. **Lesið vandlega fylgiseðil sem fylgir lyfinu.** SmPC: Mars 2016.

# Eltir ekki tískuna en safnar kjólum

Thelma Jónsdóttir safnar vintage kjólum og hefur notað þá alla. Hún leitar uppi fróðleik um kjólana og heldur utan um safnið á Facebook.




**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is


Frá því ég var unglingur hef ég ekki farið hefðbundnar leiðir í fatavali og áhuginn á vintage fötum vaknaði snemma. Í fyrstu keypti ég bara einn og einn kjól þar til kjólarnir tóku alfarið yfir. Undanfarin tíu ár hef ég nær eingöngu gengið í gömlum kjólum og því hefur kjólasafnið stækkað ansi hratt," segir Thelma Jónsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri Endurmenntunar Háskóla Íslands. Í kjólasafni Thelmu eru um 120 kjólar í dag sem hún hefur keypt á flóamörkuðum og í vintagebúðum víða um heim, flesta í Berlín þar sem hún bjó í nokkur ár. Marga þeirra hefur hún átt í meira en tuttugu ár og notar reglulega.

„Ég er lítið fyrir að fylgja tískustraumum og er hrifnust af kjólum frá tímabilinu 1955 til 1975. Efnin og gæðin á saumaskapnum á þessum tíma voru miklu meiri en nú og oft voru kjólarnir sérsaumaðir. Þeir eru því margir einstakir og það heillar mig," segir Thelma. „Smám saman hafa kjólarnir orðið að áhugamáli hjá mér. Ef það er ferðalag til útlanda framundan leggst ég í rannsóknarvinnu áður og leita uppi spennandi búðir eða markaði til að kaupa kjóla. Meðan aðrir fara á söfn fer ég í vintagebúðir," segir Thelma.

„Það er þó ákveðinn munur á second hand búðum og vintage. Auðvitað geta leynst dýrindis vintage flíkur inni á milli í verslunum sem selja notaðar fíkur. Ég er reyndar orðin ansi lunkin í að finna þær innan um annað. Ég veit að hverju ég er að leita."

## Safnið á Facebook

Eftir tiltekt í fataskápnum um páskana stofnaði Thelma Facebook-síðuna Kjólasafn Thelmu. Þangað setur hún inn ljósmyndir af kjólum og fylgihlutum eins og handtöskum og skóm, ásamt upplýsingum.

„Mig langaði til þess að halda betur til haga upplýsingum um kjólana, til dæmis hvar þeir voru keyptir. Eins hef ég reynt að aldursgreina kjólana og get fylgt eftir ýmsum vísbendingum til þess, svo sem hvort rennilásinn er úr málmi, frágangi sauma og hvort þvottaleiðbeiningar eru í orðum eða táknum. Ef nafn framleiðanda kemur fram á miða er hægt að fylgja því eftir. Ég á til dæmis nokkra kjóla frá þýska merkinu Trevira sem framleiðir meðal annars efni í íþróttafatnað í dag. Ég sendi línu á fyrirtækið ásamt mynd af kjól og spurðist fyrir. Ég fékk svar um hæl og upplýsingar um kjólinn og meira að segja nokkrar gamlar auglýsingar frá fyrirtækinu á þessum tíma. Facebook-síðan átti í fyrstu bara að vera fyrir mig og mína nánustu en nú hafa mörg hundruð manns líkað við síðuna. Vinsældirnar komu mér skemmtilega á óvart. Það væri auðvitað algjör draumur að komast í samband við einhvern sérfræðing í aldursgreina föt sem gæti skoðað safnið mitt með mér."

Rauða kjólinn kallar Thelma Kaffibaunakjólinn út frá munstrinu. Líklega er hann frá árinu 1960 en hún keypti hann í Rauðakrossbúðinni.



**Á Facebook-síðuna Kjólasafn Thelmu setur Thelma inn myndir og fróðleik um kjólana.** MYND/STEFÁN










# LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466






Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Sumar mussur



Kr. 5.990.- Str. S-XXL

Rita

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030


SHIMANO
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
VEE TIRE CO.
TAKE YOURSELF FURTHER
CUBE AIM
Verð frá 69.990kr
CUBE 200
CUBE 240
CUBE 240
Tacx
ParkTool
Xenofit
www.xenofit.de
STAGES
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
RolfPRIMA
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 16:00

# Lindex opnar undirfataverslun

## Lindex hefur starfrækt verslanir á Íslandi í sex ár og færir núna út kvíarnar í miðbænum. Ný undirfataverslun Lindex verður opnuð á morgun að Laugavegi 7.

Þessi nýja verslun verður sérhæfð undirfataverslun. „Við höfum um árabil skoðað ólíkar staðsetningar í miðbænum. Við viljum að gestir miðbæjarins geti upplifað tískuvörur okkar. Við erum einstaklega ánægð með þennan stað á Laugaveginum við hliðina á veitingahúsinu Ítalíu,“ segir Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir, umboðsaðili Lindex á Íslandi.

Lindex hóf göngu sína sem undirfatafyrirtæki árið 1954 í Allingsås í Svíþjóð. Fyrir rúmum þremur árum urðu tímamót þegar Bravolution-línan var kynnt til sögunnar. Hún markaði upphaf að því að hjálpa konum að finna sitt uppáhaldssnið, bæði í brjóstahöldurum og undirfatnaði. Í auglýsingaherferðum fyrirtækisins hafa staðalímyndir verið brotnar þar sem fyrirsætur eru starfsfólk og viðskiptavinir Lindex. Í haust var herferðinni fagnað í vinskap og kærleika þeirra kvenna sem hafa setið fyrir í auglýsingum. Þeim var boðið að bjóða vinkonum sínum að vera fyrirsætur í einn dag til þess að undirstrika þessa nýju nálgun.

„Margar konur eiga erfitt með að finna undirfatnað sem passar þeim fullkomlega. Með þessari byltingarkenndu aðferð verður það mun auðveldara, fljótlegra og þægilegra fyrir viðskiptavininn að velja sér undirfatnað,“ segir Inger Lundqvist, hönnunar- og innkaupastjóri í undirfatadeild Lindex. „Boðið verður upp á undirfatnað í fallegu umhverfi sem á sér ekki hliðstæðu þar sem um 130 fm verða tileinkaðir þessu mikilvæga sviði Lindex auk þess sem hin vinsæla Lindex-snyrtivörulína verður í boði ásamt aukahlutum,“ segir Inger.

Nýja verslunin verður með nýtt útlit Lindex verslana á Íslandi en fyrirtækið hefur hlotið verðlaun fyrir hönnun á verslunum sínum. Útlitið sem lítur dagsins ljós hér á landi kom fyrst fram þegar fyrirtækið opnaði útibú í London fyrir tveimur árum. „Við höfum gjörbylt rýminu fyrir viðskiptavini og erum ótrúlega ánægð með nýtt útlit verslana okkar. Innréttingahönnunin lyftir vöruúrvali okkar og gefur viðskiptavinum bestu verslunarupplifunina,“ segir Henrik Rosenlund, framkvæmdastjóri hönnunar- og útlits verslana hjá Lindex.

Útlitið einkennist af björtum litum í bland við svart og viðaráferð sem gefur hönnuninni ótvírætt skandinavískt yfirbragð. Til viðbótar er rauði liturinn ríkjandi í smáatriðum og í gegnum verslunina sem dregur fram einkenni vörumerkisins.“



Lindex hannar undirföt fyrir konur í mismunandi stærðum.

> Margar konur eiga erfitt með að finna undirfatnað sem passar þeim fullkomlega.














FRÁBÆR sumartilboð í ZikZak í **Kringlunni** og á **Glerártorgi** - 30% afsláttur af öllum úlpum!
Stærðir 36-56
30% AFSLÁTTUR AF ÚLPUM OG JÖKKUM!
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 8.990 st.36-56
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 8.990 st.36-56
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 8.990 st.36-56
JAKKI ÁÐUR 16.990 NÚ 11.890 st.36-56
JAKKI ÁÐUR 16.990 NÚ 11.890 st.36-56
JAKKI ÁÐUR 16.990 NÚ 11.890 st.36-56
Tískuhús Zik Zak
www.Facebook.com/zikzakkringlan
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314

# Lög sem snerta þjóðarsálina

## Magnús Þór Sigmundsson og Jóhann Helgason verða með stórtónleika í Bæjarbíói á laugardag en 45 ár eru frá því fyrsta hljómplata þeirra kom út.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Magnús og Jóhann ætla að flytja mörg af sínum þekktustu lögum á tónleikunum og ættu aðdáendur að fá eitthvað fyrir sinn snúð. Magnús segir að það sé Börkur Hrafn Birgisson, kenndur við Jagúar og Benzin music, sem eigi hugmyndina að þessum tónleikum. „Hann hefur verið drifkrafturinn,“ segir hann en æfingar hafa staðið yfir í vikunni. „Börkur hefur gengið með þessa tónleika í maganum í nokkurn tíma. Hann langaði að velja nokkur af lögunum okkar og gera þeim góð skil. Börkur er sjálfur gítarleikari og bróðir hans, Daði, sem er með honum er hljómborðsleikari. Þetta eru duglegir strákar sem hafa verið að vinna með ýmsum tónlistarmönnum, til dæmis Bubba Morthens.

Börkur hefur lagt mikla vinnu í undirbúning og það er mikill kraftur í honum,“ segir Magnús en þeir félagar voru síðast með stórtónleika þegar þeir hituðu upp fyrir Eagles í júní árið 2011. Við erum öðru hverju að troða upp tveir en við erum ekkert sérstaklega að ræða það. Núna verðum við með hljómsveit með okkur, mjög góða tónlistarmenn.“

### Ljúfu lögin

Fyrsta plata Magnúsar og Jóhanns kom út árið 1972 eða fyrir 45 árum en leiðir þeirra lágu fyrst saman í hljómsveitinni Nesmenn. Þegar sú hljómsveit lognaðist út af árið 1968 héldu þeir félagar samstarfinu áfram og hafa gert alla tíð síðan. Þeir eiga aragrúa laga sem hafa lifað með þjóðinni og verða mörg þeirra flutt á tónleikunum. Má þar nefna lög eins og Álfar, Söknuður, Ísland er land þitt, Ást, Blue Jean Queen, Jörðin sem ég ann, Í Reykjavíkurborg, Þú átt mig ein svo eitthvað sé nefnt. „Þetta eru lög sem hafa snert þjóðarsálina en við munum nálgast þau frjálslega,“ segir Magnús.

„Fyrsta platan okkar sem nefndist bara Magnús og Jóhann sló rækilega í gegn. Ég verð að viðurkenna að það kom okkur mjög á óvart. Við vorum eiginlega að leika



Þeir eru ekki óvanir því að vinna saman þessir kappar. Stórtónleikar verða með þeim í Bæjarbíói á laugardagskvöld. MYND/ANTON BRINK

> Fyrsta platan okkar sem nefndist bara Magnús og Jóhann sló rækilega í gegn. Ég verð að viðurkenna að það kom okkur mjög á óvart.
>
> **Magnús Þór Sigmundsson**

okkur að taka upp þessi lög á segulband í kjallaranum hjá Jóhanni. Ómar Valdimarsson blaðamaður frétti af þessu, fékk upptökur og kom þeim fyrir í einhverjum menntaskóla. Síðan byrjaði síminn að hringja og áður en við vissum af vorum við komnir í sjónvarp og á sviðið í Háskólabíói með Trúbroti sem var vinsælasta hljómsveitin. Þegar ég hugsa um þetta eftir á finnst mér eins og okkur hafi verið kastað út í djúpu laugina. Fljótlega varð svo hljómsveitin Change til. Jóhann grínaðist með að við yrðum að standa upp en þá höfðum við alltaf komið fram sitjandi með kassagítara. Hann vildi líka breyta um lagastíl,“ útskýrir Magnús og bætir við að þeir verði nú sitjandi á tónleikunum á laugardag.“

### Margt að gerast

Fyrir utan tónleikana á laugardag er Magnús Þór að vinna með Lúðrasveit Þorlákshafnar og Stefáni Jakobssyni í Dimmu. Lúðrasveitin ætlar að flytja vel valin lög úr safni Magnúsar sem Stefán flytur. Það verða þrennir tónleikar, þeir fyrstu í kvöld kl. 20.30 í Ráðhúsinu í Þorlákshöfn, síðan á Hótel Örk á morgun og í Gamla bíói á laugardag. „Ég verð sögumaður á þessum tónleikum svo það er nóg að gera. Ég hef mjög gaman af því að þessi lög sem fóru burtu frá manni á sínum tíma skuli koma svona aftur og aftur í ýmsum útfærslum og með nýju fólki,“ segir Magnús sem einnig var að taka upp plötu með klassískri útgáfu af lögum sínum. „Það er ungur maður, Tómas Jónsson, afar hæfileikaríkur píanóleikari, sem leikur lögin á flygil. Platan er á rólegum og ljúfum nótum. Ég held að þetta sé besta plata sem ég hef komið að,“ segir hann. „Ég er enn með plötuna heima og á eftir að koma henni á markað en þetta eru sautján lög.“

Þetta er ekki það eina því Magnús Þór er einnig að vinna plötu með hljómsveitinni Árstíðum sem kemur út í haust. „Það var æðislegt að vinna með þessum strákum. Þeir eru að gera góða hluti.“

Magnús segir að þetta hafi verið viðburðaríkt ár í tónlistinni. Nokkur laga hans voru flutt sem ópera í Hljómahöll en söngvari var Elmar Gilbertsson. „Það var líka skemmtilegt. Það er svo ótrúlegt að hlusta á lögin sín í svona fjölbreyttum útsetningum,“ segir Magnús sem býr í Hveragerði með hænur, hunda og ketti.

Gagnlegt og áhugavert nám sem nýtist þér

Viðurkenndur bókari
Lykill að góðu starfi

Nám til undirbúnings fyrir próf á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins skv, 43. grein laga nr. 145/1994 um bókhald. Kennslan fer fram í samvinnu við KPMG. Kennt er þrjá daga í viku frá kl. 16:30 – 19:30.

Starfsmennt greiðir skólagjöld sinna félagsmanna.

INNRITUN STENDUR YFIR TIL 9. JÚNÍ. Sjá mk.is

Menntaskólinn í Kópavogi
Sími: 594 4000

Frekari upplýsingar veita:
inga.karlsdottir@mk.is
gardar.vilhjalmsson@mk.is



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN | FERÐAMÁLASKÓLINN | LEIÐSÖGUSKÓLINN



Ein stærsta vöru- og þjónustusýning sem haldin hefur verið á Íslandi fyrir almenning
Framkvæmdir & viðhald
Garðurinn
Nútímaheimilið
Fjölskyldan matur & frístundir
Um 100 fyrirtæki kynna allt það NÝJASTA
OPIÐ LAU 11-18 SUN 11-17
amazing
HOME SHOW
LAUGARDALSHÖLL
HELGINA 20. OG 21. MAÍ
Sjáðu DRAUMA HERBERGI Þórunnar Antoníu og Friðriks Dórs
BARNA HORN KRUMMA
ÍS-BÍLLINN
HOPPU KASTALI
FRÁBÆR DAGSKRÁ fyrir alla fjölskylduna
KOMDU OG UPPLIFÐU!
DAGSKRÁ Á SVIÐI
LAUGARDAGUR 20. MAÍ
12:30 - Íþróttaálfurinn
14:00 - Bíbí og Björgvin, töfrandi lög ævintýranna
15:00 - Einar Mikael töframaður
16:00 - Vísinda-Villi
SUNNUDAGUR 21. MAÍ
12:30 - Sirkustrúðurinn Wally
13:30 - Bíbí og Björgvin, töfrandi lög ævintýranna
15:00 - Einar Mikael töframaður
16:00 - Bollywood-dívur Kramhússins
Miðasala á www.midi.is og við inngang
Miðaverð kr. 1.200 / Frítt fyrir eldri borgara og 16 ára og yngri (í fylgd fullorðinna)
SI Samtök iðnaðarins
www.amazinghomeshow.is
Nýsköpunarmiðstöð Íslands

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
Trésmíði • múrverk • málun, blikk • háþrýstiþvottur, og þakklæðningar.
ÖRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA.
UPPL. Í SÍMA 858 3300

## Nudd

Slökurnudd, heilsunudd á nuddstofunni á Grafarvogi. Tímapantanir í Síma 771 2117.

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Simi 694 7881, Zanna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Heilsa

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vigsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is



Thai- nuddstofan hjá Joom bíður Thailenskt heilsunudd Suðurlandsbraut 16. Pantanir í sima 8923899

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

jonogoskar.is s.552-4910

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Húsnæði óskast

Vantar fullbúna íbúð á Höfuðborgarsvæðinu til skammtímaleigu. Upp. s 821 5600

## Sumarbústaðir



Útvegum efni í hágæða-timburhús frá Finnlandi. Sumarhús- einbýlishús Fjölbreytt úrval- gott verð.
Upplýsingar hjá ghalldor@simnet.is

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Hönnun

KG
HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna í boði

Jói Fel

**ÓSKUM EFTIR BAKARA OG BAKARANEMA Í BAKARÍIÐ HJÁ JÓA FEL**
ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA STRAX BAKARA OG BAKARANEMA .
**VINSAMLEGA SENDIÐ UMSÓKN Á JOIFEL@JOIFEL.IS**

Vissir þú að... holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á
Barnaheill Save the Children á Íslandi

## Tapað / Fundið

# TÝND



**Kisan Salka**
Týndist 15. maí frá Vogalandi 1.
Vinsamlegast hafið samband í síma 8223685






Fáðu þér appið!
www.fasteignir.is

**Club car golfbílar**



**Til afgreiðslu strax.**
19019 ehf • S. 893-3393 • Gunnsteinn • www.19019.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3 Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

EYJALIND
**Gúmmíbelti**
- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



**Dáleiðsla**
Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.

Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslufræðingur
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Sími 550 9800 www.tjaldaleiga.is
Tjaldaleiga skáta
Við leigjum samkomutjöld af ýmsum stærðum og gerðum sem henta við hin fjölbreyttustu tækifæri.

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist Parketlagnir og viðhald

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

Fljótsdalshérað

# Tillaga að deiliskipulagi – Grásteinn Fljótsdalshérað

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 3.5.2017 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Grásteinn skv.1.mgr.41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðkoma að skipulagssvæðinu er nú um Borgarfjarðarveg og bráðabirgðaveg frá heimreið að Randabergi. Borgarfjarðarvegur er stofnvegur samkvæmt vegaskrá.

Tillaga að deiliskipulagi liggur austan við Borgarfjarðarveg innan landnotkunarfláka L1 aðalskipulags og afmarkast til vesturs og suðurs af landnotkun A5, atvinnusvæði aðalskipulags Fljótsdalshéraðs 2008-2028.

Deiliskipulagstillagan felur í sér að skipuleggja blandaða byggð á eignarlandi því sem upphaflega var stofnað sem Eyvindará 13. Gert er ráð fyrir að byggð verði einnar til tveggja hæða sérbýlishús. Hámarkshæð húsa er 8m frá gólfkóta jarðhæðar. Hús skulu vera mænishús með þakhalla 15-45°. Mænislínur húsa skulu vera sem næst samsíða eða hornrétt á götulínur. Hámarks nýtingarhlutfall er 0,35. Mælt er með því að óbyggðar byggingar á svæðinu taki mið af núverandi byggingum, hvað varðar ásýnd, hlutföll, efnis- og litaval o.s.frv.

Heimilt verði að reka gistiþjónustu í öllum húsum á skipulagssvæðinu í atvinnuskyni.

Kvöð um lagnaleið er á lóð Grásteins nr.1 og Stakkabergi 4,5 og 6.

Gögn kynningar eru aðgengileg á heimasíðu Fljótsdalshéraðs www.fljotsdalsherad.is og hægt að nálgast í afgreiðslu bæjarskrifstofu, Lyngási 12, 700 Egilsstaðir.

Athugasemdir eða ábendingar berist á netfangið fljotsdalsherad@fljotsdalsherad.is eða í afgreiðslu bæjarskrifstofu að Lyngási 12, 700 Egilsstöðum.

**Frestur til að leggja fram ábendingar eða athugasemdir er til 12. júlí 2017.**

***skipulags- og byggingarfulltrúi Fljótsdalshéraðs***

**Vísir hf óskar eftir að fastráða vélavörð sem getur leyst af yfirvélstjóra á Kristínu Gk 457. Kristín er línuveiðiskip með beitningarvél.**

Nánari upplýsingar gefur skipstjóri í síma 856 5730 eða á heimasíðu Vísis www.visirhf.is

VÍSIR

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe SAFT

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

Sveitarfélagið ÁRBORG

# Austurvegur 52-60a Selfossi – lýsing deiliskipulagsáætlunar

Samkvæmt 1.mgr.40.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing deiliskipulags fyrir lóðirnar Austurvegur 52-60a á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Um er að ræða deiliskipulag á skipulagssvæði sem skilgreint er sem miðsvæði.
Skipulagssvæðið afmarkast af Hrísholti í suðri, Rauðholti í vestri og Austurvegi í norðri. Í austri er afmörkunin við Merkiland og göngustíg á milli Austurvegar og Merkilands.

Í fyrirhuguðu deiliskipulagi verða skilgreindir byggingareitir innan lóða. Tiltekið verður meðal annars hámarksbyggingarmagn (nýtingarhlutfall) innan hvers reits og hámarks hæð húsa Nýtingarhlutfall lóða á miðsvæðum innan Selfoss er á bilinu 1.0 – 2.0. Í deiliskipulaginu verður kveðið á um bílastæðafjölda, staðsetningu stæða og útfærslu þeirra. Í samræmi við aðalskipulag verður þess gætt í deiliskipulagi að stór bílastæðaflæmi verði ekki mótandi umhverfisþáttur.

Lýsing deiliskipulagsáætlunarinnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi og í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 Selfossi á skrifstofutíma frá kl. 8-15. Skriflegum ábendingum er hægt að koma á framfæri á sama stað og á netfangið bardur@arborg.is fyrir 2.júní 2017. Einnig er hægt að kynna sér lýsinguna á heimasíðu Sveitarfélagsins, http://www.arborg.is

***Bárður Guðmundsson***
***skipulags- og byggingafulltrúi***

Sveitarfélagið ÁRBORG

# Grænuvellir og nágrenni Selfossi - lýsing deiliskipulagsáætlunar

Samkvæmt 1.mgr.40.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing deiliskipulags fyrir lóðir við Grænuvelli og nágrenni á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Um er að ræða deiliskipulag á skipulagssvæði sem skilgreint er sem íbúðarsvæði og miðsvæði.
Skipulagssvæðið afmarkast af Austurvegi í suðri, Fagurgerði í vestri, Árvegi í norðri og Hörðuvöllum í austur.

Í fyrirhuguðu deiliskipulagi verða skilgreindir byggingareitir innan lóða. Tiltekið verður meðal annars hámarksbyggingarmagn (nýtingarhlutfall) innan hvers reits og hámarks hæð húsa. Nýtingarhlutfall lóða á íbúðarsvæðum er 0.3 – 0.45 en á miðsvæðum á bilinu 1.0 – 2.0. Ef um er að ræða mögulega hættu vegna flóða verður tilgreind lágmarks hæð gólfkóta íbúðarhúsa. Hæð botnplötu ber að vera yfir flóðalínu.

Lýsing deiliskipulagsáætlunarinnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi og í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 Selfossi á skrifstofutíma frá kl. 8-15. Skriflegum ábendingum er hægt að koma á framfæri á sama stað og á netfangið bardur@arborg.is fyrir 2.júní 2017. Einnig er hægt að kynna sér lýsinguna á heimasíðu Sveitarfélagsins, http://www.arborg.is

***Bárður Guðmundsson***
***skipulags- og byggingafulltrúi***




# Öryggis- og þjónustuíbúðir

**2-4 herbergja að stærð 76-140 fm**

Aðgengi að þjónustu - heimaþjónusta, heimahjúkrun, félagsstarf, heilsuefling og matur í hádeginu

**Afhending í júlí 2017**

Yfirbyggðar suður svalir

**Eigið bílastæði í upphitaðum lokuðum bílakjallara**

Íbúðir fyrir +60 ára sem vilja búa miðsvæðis og aðgang að þjónustu

**Aðeins 11 íbúðir eftir af 44**




**OPIÐ HÚS**

fimmtudaginn 18.maí kl.17:00-18:00





Spennandi uppbygging í Sóltúnsþorpinu framundan í þjónustu við aldraða

Fleiri teikningar á : **www.soltunibudir.is**

MIKLABORG

www.miklaborg.is 5697000

Nánari upplýsingar veita:



**Jórunn Skúladóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is



**Svan G. Guðlaugsson**
aðstm. fasteignasala
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is



**Axel Axelsson**
aðstm. fasteignasala
Sími: 778 7272
axel@miklaborg.is



**Ásgrímur Ásmundsson**
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120
asgrimur@miklaborg.is

| Herbergi | Stærðir frá | Verð frá |
|---|---|---|
| 2 | 78,1 fm | 47,7 millj. |
| 3 | 96,2 fm | 52,9 millj. |
| 4 | 111,9 fm | 61,3 millj. |




NÝTT Á STÖÐ 2 SPORT

**TEIGURINN** með Gumma Ben og Bjarna Guðjóns

Teigurinn er upphitunarþáttur sem tekur fyrir hverja umferð Pepsi-deildar karla fyrir sig. Umsjónarmenn eru Gummi Ben og Bjarni Guðjóns, en þeir félagar fara ítarlega í stórleiki, heimsækja liðin á æfingar og leggja ýmsar áskoranir fyrir þau.

SPORT BESTA SÆTIÐ

SÍMI 1817 | 365.IS | 365

## Sigurgleði í Safamýrinni



**Bikarinn á loft** Sigurbjörg Jóhannsdóttir og Steinunn Björnsdóttir lyfta Íslandsmeistarabikarnum í sameiningu eftir eins marks sigur Fram á Stjörnunni, 27-26. Framkonur eru vel að titlinum komnar en þær unnu sex af sjö leikjum sínum í úrslitakeppninni. Fram hefur nú 21 sinni orðið Íslandsmeistari í kvennaflokki, oftast allra liða. Tvær landsliðskonur eru á leið heim í Fram sem verður með enn sterkara lið á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Íslandsmeistaratitillinn í Safamýrina eftir dramatík

Fram er Íslandsmeistari kvenna í handbolta eftir sigur á Stjörnunni í fjórða leik liðanna í Safamýrinni í gærkvöldi. Lokatölur urðu eins marks sigur, 27-26 og Fram vann því einvígið 3-1. Framstúlkur töpuðu aðeins einum leik í úrslitakeppninni. Þetta er 21. Íslandsmeistaratitill Fram í kvennaflokki.

**HANDBOLTI** Það er ekki hægt annað en að segja að Fram sé vel að þessum sigri komið. Liðið var lengi framan af með forystu á toppi Olís-deildarinnar, en þær töpuðu einmitt fyrir Stjörnunni í úrslitaleik um deildarmeistaratitilinn í síðustu umferð deildarkeppninnar. Þær virtust bara hafa eflst við það og standa nú uppi sem verðskuldaðir Íslandsmeistarar.

„Við skoðuðum þann leik mjög vel og fundum lausnir,“ sagði Stefán Arnarsson, þjálfari Fram, í leikslok. „Við komum með þær lausnir í leikjum eitt og tvö, en Stjarnan las okkur svo í leik númer þrjú. Síðan komum við með nýjar lausnir í kvöld sem svínvirkuðu,“ sagði glaðbeittur Stefán.

### Mikil breyting frá síðasta leik

Allt annað var að sjá til Fram-liðsins í þessum leik samanborið við leik númer þrjú þar, ef teknar eru frá fyrstu mínútur leiksins, en eftir það leiddu þær út allan leikinn og unnu að lokum 27-26.

Mikill fögnuður braust út hjá Frömurum í leikslok og Steinunn Björnsdóttir og Sigurbjörg Jóhannsdóttir, fyrirliðar liðsins, lyftu bikarnum á loft fyrir framan troðfulla Safamýrina.

### Byggt á traustum grunni

Varnarleikur Fram í vetur hefur verið ógnasterkur og hefur verið aðalsmerki liðsins, en þar er ansi góður grunnur. Einnig hafa þær á að skipa stórskyttunum Ragnheiði Júlíusdóttur og Hildi Þorgeirsdóttur í sóknarleiknum. Í markinu er svo besti markvörður deildarinnar, að öðrum ólöstuðum, Guðrún Ósk Maríasdóttir, en hún átti enn einn frábæra leikinn í gærkvöldi.

Guðrún varði vel á þriðja tug skota í leiknum, en það var við hæfi að hún var í leikslok valin mikilvægasti leikmaður úrslitakeppninnar. „Við ætluðum að hefna fyrir tapið í hinum úrslitaleiknum gegn Stjörnunni. Ég hef aldrei upplifað þetta og þetta er bara geðveikt. Þetta er búið að vera frábært tímabil og ótrúlega gaman að enda þetta svona,“ sagði Guðrún Ósk kampakát í leikslok.



**Guðrún Ósk Maríasdóttir krónaði frábært tímabil með því að verja 27 skot í leiknum í gærkvöldi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**21.**

Íslandsmeistaratitill Fram í handbolta kvenna

### Þjálfarinn ólseigi

Það eru fáir betri í þessu fagi en þjálfari Fram, Stefán Arnarsson, en hann vann meðal annars fjóra Íslandsmeistaratitla með Val á tíma sínum á Hlíðarenda. Þetta var hans fyrsti Íslandsmeistaratitill með Fram síðan hann tók við liðinu.

Handbragð hans sást á liðinu og á hann hrós skilið fyrir sína framgöngu með þetta lið. Geysilega sterkur varnarleikur með besta markvörðinn og agaður sóknarleikur skilaði sínu.

### Tapið súrt en tímabilið gott

Það er ekki hægt annað en að hrósa Stjörnuliðinu fyrir tímabilið. Þær stóðu í ströngu allt tímabilið; unnu deildarmeistaratitilinn og urðu bikarmeistarar. Þær verða svekktar í kvöld og eitthvað næstu daga, en þegar þær líta til baka á tímabilið geta þær verið stoltar af sínum árangri þetta tímabilið. anton@365.is

## Nýjast

**Olís-deild kvenna - lokaúrslit**

**Fram - Stjarnan 27-26**

**Mörk Fram:** Ragnheiður Júlíusdóttir 9, Hildur Þorgeirsdóttir 7, Marthe Sördal 4, Steinunn Björnsdóttir 4, Guðrún Þóra Hálfdánardóttir 2, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1.
**Varin skot:** Guðrún Ósk Maríasdóttir 27.
**Mörk Stjörnunnar:** Helena Rut Örvarsdóttir 9, Sólveig Lára Kjærnested 6, Hanna G. Stefánsdóttir 4/1, Rakel Dögg Bragadóttir 3/2, Esther Viktoría Ragnarsdóttir 2, Stefanía Theodórsdóttir 2.
**Varin skot:** Heiða Ingólfsdóttir 2, Hafdís Renötudóttir 3.

*Fram vann einvígið 3-1 og er Íslandsmeistari í 21. sinni í sögu félagsins.*

**Borgunarbikar karla**
***32 liða úrslit***

| | |
|---|---|
| Leiknir F. - KR | 1-4 |
| ÍBV - KH | 4-1 |
| KA - ÍR | 1-3 |
| Þróttur V. - Stjarnan | 0-1 |
| Grindavík - Völsungur | 7-1 |
| Árborg - Víðir | 0-1 |
| Fylkir - Breiðablik | 1-0 |
| ÍA - Fram | 4-3 |
| Haukar - Víkingur R. | 2-4 |

**Enska úrvalsdeildin í fótbolta**

**So'ton - Man. Utd. 0-0**

## Staða efstu liða

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 37 | 29 | 3 | 5 | 80-32 | 90 |
| Tottenham | 36 | 24 | 8 | 4 | 73-24 | 80 |
| Man. City | 37 | 22 | 9 | 6 | 75-39 | 75 |
| Liverpool | 37 | 21 | 10 | 6 | 75-42 | 73 |
| Arsenal | 37 | 22 | 6 | 9 | 74-43 | 72 |
| Man. Utd | 37 | 17 | 15 | 5 | 52-29 | 66 |
| Everton | 37 | 17 | 10 | 10 | 61-41 | 61 |

ÁHUGI Á HERÐI SEM YFIRGEFUR LÍKLEGA BRISTOL
Hörður Björgvin Magnússon, landsliðsmaður í fótbolta, er líklega á leið frá Bristol City í ensku B-deildinni en áhugi á honum er mikill þrátt fyrir lítinn spiltíma seinni hluta tímabilsins, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Hörður gekk í raðir Bristol fyrir síðustu leiktíð og byrjaði frábærlega en hann byrjaði fyrstu 24 leiki liðsins í B-deildinni. Hann fékk svo aðeins að spreyta sig í fjórum af næstu 22 leikjum og var meira og minna ónotaður varamaður og stundum ekki í leikmannahópnum. Þessi 24 ára gamli varnarmaður sem hefur fengið leiki með íslenska landsliðinu undanfarna mánuði er eftirsóttur í Englandi, í Þýskalandi, Belgíu, Hollandi og á Spáni, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Óvíst er hvort Hörður fer á láni eða skiptir alfarið um félag.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.35 | Leicester - Tottenh. | Sport 2 |
| 19.05 | Víkingur Ó. - Valur | Sport |
| 20.00 | AT&T Byron Nelson | Golfst. |
| 20.30 | Kingsmill Champ. | Sport 4 |
| 21.15 | Borgunarbikarmörkin | Sport |
| 18.00 | FH - Sindri | Kaplakrikavöllur |
| 18.00 | Magni - Fjölnir | Grenivík |
| 19.15 | Víkingur Ó.- Valur | Ólafsvík |
| 20.00 | Valur - FH | Valshöllin |


SPORTDAGAR
25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SPORTVÖRUM
18. - 21. MAÍ*
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI / SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
ÁRNASYNIR



Leikstjórnandinn Sigþór Árni Heimisson valdi frekar að spila fyrir uppeldisfélagið sitt KA og fór frítt frá Akureyri (Þór). FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Leikmenn mega velja sér lið

**Kapphlaupið um leikmenn Akureyrar handboltafélags á milli KA og Þórs er hafið. Þór sér verðmæti í Akureyrarnafninu og heldur styrktarsamningum og þjálfaranum. Ekki útilokað að Þór verði aftur til seinna.**

**HANDBOLTI** Sigþór Árni Heimisson, leikstjórnandi Akureyrar handboltafélags, varð í gær fyrsti maðurinn sem endurstofnað lið KA semur við en þessi uppaldi KA-maður ákvað að spila frekar með KA í 1. deildinni heldur en Akureyri sem er nú meistaraflokkur og annar flokkur Þórs, erkifjendanna úr Þorpinu.

Eftir slit KA og Þórs á fundi með Handknattleikssambandi Íslands í fyrradag varð ljóst að bæði KA og Akureyri (Þór) senda lið til leiks í 1. deildinni eftir að AHF féll en í staðinn fyrir að taka upp eigið nafn á ný héldu Þórsarar Akureyrarnafninu sem er búið að byggja upp undanfarinn áratug.

„Það eru verðmæti í vörumerkinu Akureyri handboltafélag eins og samningar við styrktaraðila. Við erum bara að yfirtaka félagið frá a-ö. Félagið er áfram til þótt pabbinn eða mamman yfirgefi heimilið. Við erum bara með forræði yfir króganum núna,“ segir Árni Óðinsson, formaður Íþróttafélagsins Þórs, um slitin.

### Svartir og flottir

Árni segir allt óbreytt hjá Þórsurum fyrir utan það, að liðið rekur nú Akureyri Handboltafélag. Þórsarar verða áfram til, rauðir og hvítir, upp í 3. flokk en eftir það tekur við 2. flokkur og svo meistaraflokkur AHF.

„Við ætlum bara að vera svartir og flottir. Unglingaflokkarnir okkar hafa verið flottir undanfarin ár og eru í mjög góðu umhverfi. Þeir verða áfram Þór. Síðan Akureyri var sett á laggirnar höfum við skilað einum átta strákum í atvinnumennsku þannig að eitthvað erum við að gera rétt í uppbyggingunni,“ segir Árni, en hvernig er staðan á samningsmálum leikmanna, þjálfara og styrktaraðila?

„Það standa allir samningar sem hafa verið gerðir. Það verður engum leikmanni haldið nauðugum en Sverre Jakobsson er með samning í ár til viðbótar og er þjálfari Akureyrar handboltafélags í dag. Styrktarsamningar halda sér líka en við sjáum augljóslega verðmæti í þeim.“

Þórsarar, eins og KA-menn, hafa verið á fullu að funda og vinna í sínum málum. Hver framtíðin verður hjá Akureyri til lengri tíma er óráðin. Þórsarar sjá hag sinn í að reka AHF áfram núna en það er ekkert útilokað að endurvekja Þór síðar meir þótt það sé ekki á stefnuskránni í dag.

„Það verður bara að reyna á það hversu vel okkur tekst að halda utan um þetta vörumerki. Núna er það verðmætara fyrir okkur heldur en ekki en svo er allt breytingum háð,“ segir Árni.

> **Það verður bara að reyna á það hversu vel okkur tekst að halda utan um þetta vörumerki.**
>
> Árni Óðinsson, formaður Þórs

### Leikmenn fara frítt

KA gaf eftir nafnið, styrktarsamningana og þjálfarann til að snúa aftur gulir og bláir á næsta ári. Nú hefst kapphlaup félaganna um leikmennina sem geta farið frítt á milli liða fyrir norðan en Akureyri (Þór) fær hagnaðinn ef leikmenn eru seldir annað.

„Samkvæmt þessum samningi sem gerður var á milli HSÍ, Þórs og KA eru leikmannasamningar í eigu Akureyrar en við megum ræða við alla leikmennina og ef þeim líst betur á okkar framtíðarsýn mega þeir skipta um lið endurgjaldslaust. Það eina sem flækir málin er ef önnur lið vilja fá leikmennina. Kaupi eitthvert lið leikmann í sumar sem er samningsbundinn Akureyri fær það, eða Þór, allt kaupverðið. Það skiptist ekki jafnt eins og það gerðist áður. Þessu fórnuðum við,“ segir Sævar Pétursson, framkvæmdastjóri KA.

Hann bætir við að bæði félög séu nú í því að kynna leikmönnum sína framtíðarsýn en aðspurður hvort það þýði ekki á íslensku að KA-menn fari í KA og Þórsarar verði eftir í Akureyri svarar Sævar: „Jú, það gæti verið einmitt þannig.“

### Þarf að finna útgönguleið

Árni Óðinsson, formaður Þórs, segir engan leikmann hafa gefið sig fram enn þá sem vill fara yfir en fundað var með leikmönnum í gær. „Þar voru KA-menn á fundi. Það var bara verið að gera leikmönnum og þjálfurum grein fyrir stöðunni. Ef einhver vill fara verður það bara þannig en það þarf að finna útgönguleið,“ segir hann.

Þórsarar hafa óskað eftir því að spila áfram í Höllinni en KA spilar í sínu húsi. Eins og staðan er núna er Sigþór Árni Heimisson eini leikmaður meistaraflokks KA fyrir utan unga gutta í 3. flokki en Sævar segist reikna með því að 2. flokks leikmenn Akureyrar sem eru uppaldir hjá þeim gulu komi nú yfir.

Kapphlaupið er í það minnsta hafið. **tomas@365.is**



Craig Pedersen fylgir liðinu ekki til San Marínó. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Pedersen fer ekki með

**KÖRFUBOLTI** Craig Pedersen, landsliðsþjálfari karla í körfubolta, stýrir liðinu ekki á Smáþjóðaleikunum sem fram fara í San Marínó í lok maí og byrjun júní og aðstoðarmaður hans, Arnar Guðjónsson, fylgir heldur ekki liðinu.

Margir lykilmenn landsliðsins verða heldur ekki með en níu nýliðar eru í tólf manna hópi íslenska liðsins. Þarna fá yngri menn tækifæri til að vinna sér inn síðustu lausu sætin í EM-hópnum sem fer til Helsinki í lok ágúst.

Hópurinn er byggður upp á U20 ára landsliðinu en þjálfari þess, Finnur Freyr Stefánsson, stýrir íslenska liðinu í San Marínó. Hann er einnig aðstoðarþjálfari landsliðsins og auðvitað þjálfari Íslandsmeistara KR.

Kristófer Acox er reynslumesti leikmaður íslenska hópsins sem var kynntur í gær en hann á samt aðeins tólf landsleiki að baki.

Landslið kvenna er skipað öllum þeim bestu leikmönnum sem leikfærir eru. Gunnhildur Gunnarsdóttir er barnshafandi og í fríi að þessu sinni. Keflvíkingurinn Birna Valgerður Benónýsdóttir er eini nýliðinn í liðinu. Helena Sverrisdóttir er komin aftur inn í landsliðið eftir barnsburðarleyfi.

**Kvennaliðið:** Berglind Gunnarsdóttir, Snæfelli, Birna Valgerður Benónýsdóttir, Keflavík, Emelía Ósk Gunnarsdóttir, Keflavík, Hallveig Jónsdóttir, Val, Helena Sverrisdóttir, Haukum, Hildur Björg Kjartansdóttir UTPA, Ingunn Embla Kristínardóttir, Grindavík, Ragna Margrét Brynjarsdóttir, Stjörnunni, Sandra Lind Þrastardóttir, Horsholms, Sara Rún Hinriksdóttir, Canisius, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir, Skallagrími, Thelma Dís Ágústsdóttir, Keflavík.
**Karlaliðið:** Emil Karel Einarsson, Þór Þ., Gunnar Ólafsson, St. Francis, Jón Axel Guðmundsson, Davidson, Kári Jónsson, Drexler, Kristinn Pálsson, Marist, Kristófer Acox, KR, Maciek Baginski, Njarðvík, Matthías Orri Sigurðarson, ÍR, Ólafur Ólafsson, Grindavík, Pétur Rúnar Birgisson, Tindastóli, Tryggvi Snær Hlinason, Þór Ak., Þórir Guðmundur Þorbjarnarson, KR. **tomas@365.is**





FH-konur fagna hér einu af sjö mörkum FH-liðsins í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Besta byrjun FH-kvenna í fjóra áratugi

**FÓTBOLTI** FH hefur unnið þrjá síðustu leiki sína í Pepsi-deild kvenna og er í þriðja sæti deildarinnar eftir fjóra leiki. Þetta er besta byrjun kvennaliðs FH í rúma fjóra áratugi.

FH hefur aldrei fengið fleiri stig (9) í fyrstu fjórum leikjunum í efstu deild kvenna síðan þriggja stiga reglan var tekin upp 1984. FH-liðið byrjaði einnig vel í fyrra og var þá í fjórða sæti á sama tíma með tvo sigra og 7 stig. FH-stelpurnar eru hins vegar búnar að skora fimm fleiri mörk í sumar en á sama tíma í fyrra og vinna einum leik meira.

Eftir naumt tap á móti Blikum á útivelli í fyrsta leik (0-1) hefur FH-liðið unnið Fylki (2-0), Hauka (3-0) og KR (2-1). Þetta eru þrjú neðstu lið deildarinnar og FH á því enn eftir að ná í stig á móti betri liðum deildarinnar.

Það þarf að fara alla leið aftur til ársins 1976 til að finna tímabil í efstu deild þar sem kvennalið FH vann þrjá af fyrstu fjórum leikjum sínum. Þetta tímabil fyrir 41 ári er einmitt síðasta tímabilið þar sem FH-konur urðu Íslandsmeistarar. FH varð fjórum sinnum Íslandsmeistari á árunum 1972 til 1976.

FH-liðið er skemmtileg blanda af ungum heimastúlkum og sterkum erlendum leikmönnum og á það sameiginlegt með toppliði Þórs/KA.

Hin sextán ára gamla Guðný Árnadóttir er markahæst hjá FH-liðinu með tvö mörk en þau hafa bæði komið með skoti beint úr aukaspyrnu. Hin fimmtán ára gamla Karólína Lea Vilhjálmsdóttir hefur síðan komið að fjórum mörkum FH-liðsins í sumar með því að skora (1), gefa stoðsendingu (1) eða eiga þátt í undirbúningi (2). **– óój**



Annar leikur Vals og Víkings Ó. á skömmum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

# Bikarvörnin hefst í Ólafsvík

**FÓTBOLTI** Þrjátíu og tveggja liða úrslitum Borgunarbikars karla lýkur í kvöld með þremur leikjum.

Valsmenn, bikarmeistarar síðustu tveggja ára, fara til Ólafsvíkur og mæta þar Víkingum. Þessi lið mættust í 1. umferð Pepsi-deildarinnar þar sem Valur hafði mikla yfirburði og vann 2-0. Lið Víkings hefur breyst talsvert á síðustu tveimur vikum og Ólsarar náðu í sín fyrstu stig í Pepsi-deildinni um helgina. Valsmenn eru hins vegar með sjö stig eftir fyrstu þrjár umferðirnar í Pepsi-deildinni.

Íslandsmeistarar FH fá Sindra frá Höfn í Hornafirði í heimsókn í Kaplakrika. FH er með fimm stig í 5. sæti Pepsi-deildarinnar en Sindri er með tvö stig í 6. sæti 2. deildarinnar. FH varð síðast bikarmeistari 2010.

Magni, toppliið 2. deildar, fær Fjölni í heimsókn á Grenivíkurvöll. Með sigri á Grafarvogsbúum jafna Magnamenn sinn besta árangur í bikarkeppni KSÍ frá upphafi en þeir komust einnig í 16-liða úrslit fyrir fjórum árum. **– iþs**


Aron Dagur heldur áfram í bláu en í öðru bæjarfélagi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

# Stjarnan bætir við sig mönnum

**HANDBOLTI** Tveir leikmenn Gróttu, Aron Dagur Pálsson leikstjórnandi og Lárus Gunnarsson markvörður, sömdu í gær við Stjörnuna í Garðabæ og leika með liðinu í Olís-deildinni á næstu leiktíð. Stjarnan er að styrkja sig vel fyrir átökin næsta vetur en liðið var áður búið að ná samningum við landsliðsmanninn Bjarka Má Gunnarsson.

Grótta er nú búin að missa þrjá leikmenn og stendur uppi markvarðalaus því Lárus Helgi Ólafsson er farinn til Aftureldingar. Þá lét Gunnar Andrésson af störfum sem þjálfari eftir tímabilið.

Stjarnan hélt sæti sínu í deildinni þrátt fyrir að lenda í 9. sæti. **– tom**





Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**Katrín Eiríksdóttir**

lést föstudaginn 12. maí á elli- og hjúkrunarheimilinu Grund. Útför hennar fer fram frá Áskirkju mánudaginn 22. maí kl. 13.00.

**Kristín Sveinsdóttir**
**Pétur Árni Carlsson**
**Elín Á. Sveinsdóttir**
**Sólveig K. Sveinsdóttir**
**Már Grétar Pálsson**
**Sigurbjörg E. Eiríksdóttir**
**Pjetur Már Helgason**
**ömmu- og langömmubörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Rafns Haraldssonar**

Bræðrabóli,
Ölfusi.

**Sigurbjörg Jónsdóttir**
**Daði Rafnsson**
**Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir**
**Hlín Rafnsdóttir**
**Derek Murphy**
**Rafn Haraldur Rafnsson**
**Ásgerður Kristrún Sigurðardóttir**
**Sigríður Rafnsdóttir**
**Manello Marakabei**
**og barnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Guðmunda Árnadóttir**

Skipasundi 64,
Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum 13. maí. Útförin fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 24. maí kl. 11.00.

**Ingiríður Oddsdóttir**
**Óli Pétur Friðþjófsson**
**Þórunn Oddsdóttir**
**Örn Ottesen Hauksson**
**Davíð Atli Oddsson**
**Ingigerður Friðriksdóttir**
**Hjörtur Oddsson**
**Guðrún Þórisdóttir**
**Eygló Íris Oddsdóttir**
**Hannes Sampsted**
**Dagný Oddsdóttir**
**Jónas Hjartarson**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts okkar ástkæra sonar, bróður, mágs, fósturföður og afa,

**Árna Gíslasonar.**

**Gísli Guðmundsson**
**Margrét Árnadóttir**
**Guðmundur Kr. Gíslason**
**Svanhildur Steingrímsdóttir**
**Soffía M. Gísladóttir**
**Ragnar Magnússon**
**Andri Örn, Aníta Björg og Amalía Tía**



Okkar ástkæra

**Jóhanna Kristjónsdóttir**

lést 11. maí síðastliðinn. Hún verður jarðsungin frá Neskirkju á morgun, föstudaginn 19. maí klukkan 13. Við þökkum innilega þá miklu samúð og hluttekningu sem okkur öllum hefur verið sýnd.

Blóm og kransar eru afþakkaðir en þau sem vilja minnast Jóhönnu láti Fatímusjóðinn vinsamlegast njóta þess: Reikningsnúmer: 0512-04-250461 - kennitala: 680808-0580.

**Börn hennar**
**Elísabet Kristín Jökulsdóttir, Illugi Jökulsson, Hrafn Jökulsson og Kolbrá Höskuldsdóttir;**
**barnabörnin**
**Kristjón Kormákur Guðjónsson, Jökull Ingason Elísabetarson, Garpur Ingason Elísabetarson, Gísli Galdur Þorgeirsson, Vera Sóley Illugadóttir, Ísleifur Eldur Illugason, Máni Hrafnsson, Örnólfur Hrafn Hrafnsson, Þórhildur Helga Hrafnsdóttir, Jóhanna Engilráð Hrafnsdóttir, Magdalena Sigurðardóttir;**
**barnabarnabörn, tengdafólk og aðrir aðstandendur.**



**Kvennakór Reykjavíkur heldur uppi stuðinu í Guðríðarkirkju á morgun.**

# Kvennakór Reykjavíkur syngur inn sumarið

**Kvennakór Reykjavíkur ætlar að syngja inn sumarið á morgun með tónleikum þar sem fjölbreytt tónlist verður tekin fyrir. Meðal þess er nýtt lag eftir tónskáldið Halldór Smárason.**

Við fögnum vori og íslenskri sumarblíðu með tónlist í takti við veður. Fjölbreytt, heillandi, sefandi en umfram allt lífleg og fjörleg,“ segir Svanhildur Sverrisdóttir, ein meðlima Kvennakórs Reykjavíkur um sumartónleikana sem kórinn heldur á morgun.

„Við munum taka allt frá þekktum dægurlögum Abba, Bítlanna, Lennons og Queen til ungverskra þjóðlaga og svo laga með ryþma-klappi þar sem sannarlega reynir á samhæfni, húmor og danshæfileika. Einnig flytjum við gullfallegt nýtt lag eftir Halldór Smárason við ljóð Haralds Stígssonar, Minningarbrot, sem frumflutt var um síðustu helgi á landsmóti íslenskra kvennakóra á Ísafirði.“

> **Við munum taka allt frá þekktum dægurlögum Abba, Bítlanna, Lennons og Queen til ungverskra þjóðlaga.**

Lögin eru valin af kórstjóranum Ágotu Joó. „Hún hikar ekki við að fara ótroðnar slóðir og takast á við frumlegar og krefjandi útsetningar. Um undirleik sjá svo Birgir Bragason á bassa, Erik Robert Qvick á slagverk og Vilberg Viggósson á píanó. “

„Við munum dusta rykið af óborganlegu skúringanúmeri,“ segir Svanhildur. Spurð nánar út í hvað það þýðir segir hún: „Hið óborganlega skúringanúmer er flutningur á laginu Three ways to vacuum your house eftir Stephen Hatfield og fjallar um duglegar húsmæður sem sannarlega standa sig í stykkinu við heimilisþrifin en rasa svo út inn á milli. Kórinn býður tónleikagestum þar upp á tilþrif hvað varðar spor og hreyfingar og jafnvel búninga,“ útskýrir Sesselja sem lofar góðri skemmtun.

„Kvennakór Reykjavíkur hefur unnið til verðlauna fyrir framúrskarandi flutning á fjölbreyttri tónlist. Hann æfir af miklum metnaði og tekst á við fjölþjóðlega tónlist á ýmsum tungumálum,“ bætir hún við að lokum.

Þess má geta að tónleikarnir eru haldnir í Guðríðarkirkju og hefjast klukkan 20.00. Miðaverð er 3.000 krónur í forsölu en 3.500 krónur við innganginn. **gudnyhronn@365.is**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Jónsdóttir**

Dyngjuvegi 17,
Reykjavík,

lést 11. maí á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 22. maí kl. 15.00.

**Sighvatur Sævar Árnason**
**Þórhalla Arnljótsdóttir**
**Ásta Árnadóttir**
**Gunnar Árni Ólason**
**Kristín Árnadóttir**
**Hlynur Reimarsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



Elskulegur sambýlismaður minn, bróðir okkar og mágur,

**Ómar Freyr Sigurðsson**

Krummahólum 8,
Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 6. maí. Útförin fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 22. maí kl. 15.00.

**Elín Björg Valdórsdóttir**
**Ólína Þórunn Sigurðardóttir**
**Friðrik Kristjánsson**
**Ástþór Sigurðsson**
**Helga Oddsdóttir**
**Geir Sigurðsson**
**Berglind Elfarsdóttir**
**Einar Marteinn Sigurðsson**



Ástkær móðir, tengdamóðir og amma,

**Elva M. Ólafsdóttir**

Aflagranda 40, Reykjavík,

lést á Vífilsstöðum 7. maí síðastliðinn. Ættingjar vilja koma á framfæri þökkum til starfsfólks Vífilsstaða og starfsfólks deildar 12E á Landspítala. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug. Útförin var gerð í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Heimir Guðjónsson**
**Ragnhildur Elín Lárusdóttir**
**Ólafur Guðjónsson**
**Lísbet Ósk Karlsdóttir**
**Haukur Heimisson**
**Baldur Búi Heimisson**
**Guðjón Karl Ólafsson**
**Hilmir Freyr Heimisson**
**Elva Björk Ólafsdóttir**
**Ásta Lovísa Heimisdóttir**



Okkar yndislegi lífsförunautur og fyrirmynd,

**Róbert Helgi Gränz**

þúsundþjalasmiður,
Hjallabraut 33, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 13. maí. Útförin fer fram frá Digraneskirkju í Kópavogi mánudaginn 22. maí klukkan 15.00.

**Jóhanna Ingimundardóttir**
**Jenna Gränz**
**Björgvin Jónsson**
**Daði Gränz**
**Sigurrós Halldórsdóttir**
**Ólafur Gränz**
**Erna Rósa Eyþórsdóttir**
**og barnabörnin.**

# WHIRLPOOL **DAGAR**

## ÖLL WHIRLPOOL HEIMILISTÆKI MEÐ ALLT AÐ 60% AFSLÆTTI




**ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - ÖRBYLGJUOFNAR - OFNAR**
**HELLUBORÐ - GUFUGLEYPAR - KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - FRYSTIKISTUR**



**40%**

**Whirlpool AKP457IX**
Actual Line Multifunction 8 blástursofn með klukku og 65L ofnrými. Niðurfellanlegt grill sem auðveldar þrif og tvöfalt gler í hurð. Orkuflokkur A. Stál.

**TILBOÐ**
**29.995**
FULLT VERÐ 44.995



**38%**

**Whirlpool ACM804NE**
4 spansuðu hellur með snertitökkum. Tímastilling og booster á öllum hellum. Stilling til að láta suðu koma upp og lækka ásamt barnalæsingu og glerkanti. 60 cm.

**TILBOÐ**
**39.995**
FULLT VERÐ 64.995



**16%**

**Whirlpool WHM2511**
251 lítra frystikista með körfu. Hraðfrysting og ljós í kistunni. 2 hjól og 2 fætur, lás og ECO stilling. Orkuflokkur A+. 42dB. Hvít.

**TILBOÐ**
**49.995**
FULLT VERÐ 59.995



**16%**

**Whirlpool WUO3T321X**
14 manna uppþvottavél með 10 þvotta-kerfum og sótthreinsikerfi. 6th sense með gufuþvotti sem nemur óhreinindi í vatninu. LCD skjár sýnir þvottatíma. Þvottahæfni A. Orkuflokkur A++. Þurrkgeta A. 41 dB. Stál.

**TILBOÐ**
**79.995**
FULLT VERÐ 94.995



Lífstíðar ábyrgð á mótor

**27%**

*Íslenskt skjáborð og leiðarvísir.*

**Whirlpool FSCR12440C**
1400 snúninga og 12 kg þvottavél með stafrænu kerfisvali og 6th sense. Hægt að fylgjast með og stýra kerfum í gegnum app. Íslenskt stjórnborð. Lífstíðarábyrgð á mótor. Orkuflokkur A+++.

**TILBOÐ**
**129.995**
FULLT VERÐ 179.995




**Heimilistæki** ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Stíf norðanátt vestan til en lægir þegar líður á daginn. Dálítil rigning eða skúrir en víða léttskýjað suðvestan til. Hiti 3 til 13 stig, hlýjast syðst.




### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° ↘6 | 6° ↗10 | 6° ↑2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 5° ↓2 | 10° ↑5 | 3° ↘3 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° →3 | 8° ↗14 | 9° ↗9 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 12° ↗4 | 13° ↘5 | 5° →5 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | | 4 | | | 2 | | |
| | | | | 3 | 1 | | 8 | 4 |
| | | 5 | | 6 | | | 7 | |
| | | | | 1 | | 4 | | |
| | 7 | | 6 | 2 | | | | 5 |
| 4 | | 9 | | | 7 | 1 | 6 | |
| | | | | | | | | 1 |
| 5 | | 7 | | | | 9 | | |
| | 2 | 6 | | 5 | 3 | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 5 | | 2 | | | | 3 |
| | 4 | | | | | 2 | | |
| 3 | | | 4 | 6 | 1 | | 7 | |
| | | | | | 5 | | | 6 |
| | | | 9 | 1 | | 7 | | |
| 5 | | 4 | | 8 | 2 | | | |
| | 5 | 2 | 1 | | 4 | 9 | | |
| | | | | | | 4 | 1 | |
| | | | | | 7 | 3 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | 6 | | |
| | | | | 2 | | | | 4 |
| | | 4 | | 7 | | | | |
| 5 | 4 | | | | | 3 | | |
| | | 2 | 8 | 9 | | | 5 | |
| 7 | | | 2 | | | 8 | | |
| 8 | | | 4 | | 6 | 1 | 9 | |
| | 9 | | 3 | | | | 7 | 6 |
| 3 | | | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. nægilega
6. kraðak
8. prjónavarningur
9. útdeildi
11. þys
12. mælieining
14. rusl
16. ætíð
17. strá
18. annríki
20. tvíhljóði
21. þráður

**LÓÐRÉTT**
1. dreitill
3. belti
4. hirsla
5. þei
7. fiskur
10. spor
13. mánuður
15. blað
16. verkfæri
19. númer




**LÁRÉTT**: 2. nógu, 6. ös, 8. les, 9. gaf, 11. ys, 12. gramm, 14. drasl, 16. sí, 17. íla, 18. önn, 20. au, 21. garn.
**LÓÐRÉTT**: 1. lögg, 3. öl, 4. geymsla, 5. uss, 7. sardína, 10. far, 13. mai, 15. lauf, 16. sög, 19. nr.

## Skák Gunnar Björnsson

Guðmundur Gíslason (2.336) átti leik gegn Sigurbirni Björnssyni (2.268) á Íslandsmótinu í skák í Hafnarfirði.

**Hvítur á leik**

**37. Hxa7! Dxc3 38. b6 Dd4 39. Ha8+ Kg7 40. b7 1-0.**

Héðinn Steingrímsson er efstur með 5½ vinning að loknum sex umferðum. Guðmundur Kjartansson er annar með 5 vinninga. Sjöunda umferð fer fram í dag. Teflt er í Hraunseli, Flatahrauni 3.

**www.skak.is:** Allt um Íslandsmótið.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 8 | 5 | 6 | 3 | 1 | 7 | 4 |
| 4 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 8 | 4 | 1 | 5 | 9 | 2 |
| 5 | 2 | 1 | 9 | 7 | 4 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 8 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 |
| 7 | 6 | 9 | 2 | 3 | 8 | 4 | 5 | 1 |
| 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 7 | 3 | 6 | 5 |
| 9 | 3 | 7 | 4 | 5 | 6 | 2 | 1 | 8 |
| 1 | 5 | 6 | 3 | 8 | 2 | 9 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 8 | 9 | 1 | 5 | 4 | 2 | 6 |
| 9 | 4 | 6 | 2 | 3 | 8 | 7 | 5 | 1 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 | 8 | 3 | 9 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 8 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 8 | 9 | 4 | 5 | 2 | 6 | 1 | 7 | 3 |
| 6 | 1 | 3 | 7 | 4 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 2 | 3 | 1 | 6 | 7 | 4 | 5 | 9 | 8 |
| 4 | 6 | 9 | 8 | 5 | 2 | 3 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 7 | 3 | 9 | 1 | 6 | 4 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 5 | 7 | 8 | 1 | 4 | 2 | 3 | 6 |
| 1 | 2 | 3 | 6 | 5 | 7 | 8 | 9 | 4 |
| 2 | 4 | 1 | 9 | 6 | 3 | 7 | 8 | 5 |
| 3 | 8 | 6 | 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 1 | 8 | 2 | 4 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 4 | 3 | 2 | 8 | 1 | 5 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 4 | 7 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 8 | 3 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 4 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# GLÆSILEGAR ÚTSKRIFTARGJAFIR




PÁLL VALSSON VALDI

VILDARVERÐ:
5.599.-
Verð:
6.999.-

Íslensk öndvegisljóð




**Fyrirboðar og tákn**
**VILDARVERÐ: 5.599.-**
Verð: 6.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 21. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# BÍLAR

**KOSTIR OG GALLAR**

## MERCEDES BENZ C-CLASS COUPÉ

- 2,0 LÍTRA BENSÍNVÉL
- 184 HESTÖFL
- AFTURHJÓLADRIF

**Eyðsla** 5,3 l/100 km í bl. akstri
**Mengun** 123 g/km $CO_2$
**Hröðun** 7,5 sek.
**Hámarkshraði** 237 km/klst.
**Verð frá** 6.130.000 kr.
**Umboð:** Askja

- Útlit
- Innrétting
- Verð á tengiltvinnútgáfu

- Lítið skottrými
- Sérlega í Cabriolet

**Mercedes Benz C-Class Coupé** og **Cabriolet** eru bílar sem allra augu festast á. Annar með sína hallandi afturlínu og hinn með blæjuna niðri spila þeir á tilfinningaskalann. Með mikinn íburð að innan og mikið úrval vélbúnaðar.



Mercedes Benz C-Class Coupé og Cabriolet má fá með miklu úrvali vélarkosta, þ.e. með 170 og 204 hestafla 2,1 lítra dísilvélum og 156, 184, 211, 245 og 333 hestafla bensínvélum, auk AMG útgáfu bílsins með 367, 476 eða 510 hestafla kostum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sannir töffarar


Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is




Mercedes Benz C-Class Coupé er þriðja gerðin sem kom út af núverandi C-Class bíl og sá hann fyrst dagsljósið árið 2015. Honum var fylgt á eftir með Cabriolet-gerð ári seinna, eða blæjubíl. Þar fer svo til alveg sami bíll, nema að þak hans er úr mjúku efni en ekki stáli. C-Class er nú af fjórðu kynslóð, þ.e. frá árinu 2014 og fyrst komu sedan-útgáfan og langbakur og þeim er svo fylgt á eftir með þessum Coupé- og Cabriolet-gerðum. Fyrir það fyrsta er Mercedes Benz C-Class einkar fallegur bíll en í Coupé-formi er hann enn fallegri. Hallandi afturlínan gefur bílum almennt sportlegra yfirbragð og það klæðir þennan bíl einkar vel. Hann er eiginlega algjör töffari og það fékkst staðfest með mörgum forvitnum augum í reynsluakstri hans, hvað þá þegar skipt var yfir á Cabriolet-útgáfuna. Þá var nú aldeilis spaðalegt að spóka sig um götur bæjarins í sólinni sem skein glatt á meðan á reynsluakstrinum stóð. Bíllinn sá vakti svo mikla athygli að langt er að minnast annars eins. Einhver blessun var yfir reynsluakstursmanni við prófun beggja bílanna því sólin skein frá fyrstu til síðustu mínútu í nokkurra daga prufu á þessum tveimur gæðingum.

### Mikið vélaúrval

Mercedes Benz C-Class Coupé og Cabriolet má fá með miklu úrvali vélarkosta, þ.e. með 170 og 204 hestafla 2,1 lítra dísilvélum og 156, 184, 211, 245 og 333 hestafla bensínvélum, auk AMG útgáfum bílsins með 367, 476 eða 510 hestafla kostum. Alls ekki lítið úrval þar á ferð. Reynsluakstursbílarnir báðir voru með 184 hestafla bensívélinni sem er 2,0 lítra. Með henni heitir bíllinn með harða þakinu C 200 Coupé og kostar 6.130.000 kr. í grunnverði en þar sem hann var fjórhjóladrifinn er hann á 6.760.000 kr. Blæjuútgáfan kostar 7.410.000 kr., en þá með drifi aðeins á afturöxlinum. Þessi vélarkostur hljómar ekki sem nein spyrnukerra, en samt er þessi bíll ári sprækur og ekki nema 7,5 sekúndur í hundraðið, enda er togið 300 Nm. Uppgefin eyðsla þessa bíls er 5,3 lítrar, en í reynsluakstrinum lá hann milli 9 og 10 lítra og er það væntanlega raunhæfari tala til viðmiðunar en sú sem frá framleiðandanum kemur.















Töffaraskapurinn heldur áfram þegar inn í bílana er komið. Segja verður að þeir séu býsna laglegir innanborðs. Klassískar lofttúðurnar eru á sínum stað og hin sérstaka staðsetning stillitakka fyrir framsætin er í hurðunum.

### Fjöðrun stillt fyrir þægindi í akstri

Vélin vinnur vel með 9 gíra sjálfskiptingunni og svo margra gíra skipting tryggir að vélin er alltaf á sínum heppilegasta snúningi. Bæði C 200 og C 200d útgáfur bílsins má þó fá með beinskiptingu frá verksmiðjum Benz, þó svo Askja sé ekki með þá í auglýstu vöruúrvalinu. Mercedes Benz C-Class Coupé á sér aðallega tvo keppinauta, Audi A5 Coupé og BMW 4 Series og þar fer hörð samkeppni. Allir þessir bílar hafa sína kosti, líklega er C-Class Coupé þeirra þægilegastur, BMW 4 Series þeirra sportlegastur í akstri og Audi A5 Coupé þeirra sparneytnastur. Allir eru þeir samt fagrir bílar sem vekja athygli hvar sem þeir fara. Aksturseiginleikar C-Class Coupé eru fremur góðir, en hann slær samt ekki við keppinautum sínum hvað það varðar. Miklu fremur er C-Class Coupé þægilegur í akstri og allri meðhöndlun. Hann eyðir ójöfnum vel, svo fremi sem þær eru ekki of stórar. Fjöðrunin er ekki of stíf og er greinilega sett þannig upp að hún veiti þægindi í akstri fremur en ómótstæðilega hæfni í beygjum. Fyrir það munu margir þakka, en mestu bílabrjálæðingarnir bölva í hljóði.

### Glæsileg innrétting

Þegar kemur að innviðunum í C-Class Coupé er óhætt að gefa Benz talsvert hrós. Innréttingin er af miklum klassa og klæðir töffaralegt ytra útlit bílsins. Hægt er að tala um nokkurn íburð þar og meira að segja sætin eru talsvert meira djúsí en í hefðbundnum C-Class og ekki vantar rafstillingarnar í þeim. Allir ættu að finna sína bestu akstursstöðu í þessum bíl. Meira að segja má lengja setuna fram á við og er það frábær kostur í langakstri. Sem fyrr í Benz eru stillitakkarnir í hurðum bílsins. Aftursætin eru fyrir tvo og þó svo ágætt sé að setjast í þau er fremur þröngt um fullvaxna, bæði hvað varðar fóta- og höfuðrými. Sjö tommu aðgerðaskjár er fyrir miðju mælaborði og er það snertiskjár. Þar má flestu stjórna hæglega en þó fundust ekki með góðu móti stillingar fyrir hljóðkerfi bílsins sem aldeilis átti að leika sér með, en þar fór griðarflott Burmeister kerfi sem ekki varð þó notið til fulls því það er greinilega fyrir lengra komna að finna út úr stillingum þess á tveimur mínútum. Eftir það finnst greinarritara til siðs að hætta tilraunum sem þá taka of langan tíma til að finnast og virka. Skottrými í C-Class Coupé er ekki sérlega mikið og enn minna í Cabriolet, en þessir bílar eru ekki hugsaðir fyrir stórfjölskyldur eða til langra ferðalaga. C-Class Coupé og Cabriolet eru ferlega flottir bílar, en þó er rétt að benda áhugasömum C-Class kaupendum á enn eina gerð bílsins, C 350 e sem er tengiltvinnbíll á aðeins 5.650.000 kr. en samt 279 hestöfl.



**Nýtt SOCKER** hengiblómapottar
**895,-/stk.**



**Nýtt JACKFRUKT** garðklippur **1.350,-**



**INGEFÄRA** blómapottur
Ø12, H14cm **495,-**



**Silfurkambur**
**995,-/10 í pk.**
*Fæst á sumar-blómamarkaðnum*

# Leggðu rækt við sumarævintýrin

Leyfðu sumarævintýrunum að blómstra! Við höfum opnað sumarblómamarkaðinn fyrir framan verslunina. Komdu við og skoðaðu glæsilegt úrval af sumarblómum, trjám og runnum, blómapottum, mold, fræjum, áburði og öðrum gróðurvörum. Við hlökkum til að sjá þig!



**Dalía 995,-**
*Fæst á sumar-blómamarkaðnum*



**Nýtt SOCKER** fata/blómapottur. 10l **1.290,-**



**3.490,-**
**ASKHOLMEN**
fellibörð



**GRÄSMARÖ** garðyrkjuáhöld
**495,-/3 í setti**



**SALLADSKÅL**
garðkanna **3.990,-**



**Stjúpur 1.190,-/10 í pk.**
*Fæst á sumarblómamarkaðnum*



**995,-**
**Margaríta** *Fæst á sumarblómamarkaðnum*

**3.950,-**



**ASKHOLMEN**
blómakassi



**Nýtt SOCKER** blómapottar
með hanka **1.290,-/stk.**



**695,-**
**Jarðarberjaplanta**
*Fæst á sumarblómamarkaðnum*



**JORDGUBBE**
staflanlegur blóma-pottur **1.290,-**



**Sólboði 995,-**
*Fæst á sumar-blómamarkaðnum*



**Sýprus 1.890,-**
H120cm. *Fæst á sumar-blómamarkaðnum*




## Nýr bæklingur!

Nýi sumarbæklingurinn er á leiðinni til þín. Honum verður dreift inn á öll heimili landsins sem samþykkja fjölpóst. Þú getur líka skoðað rafræna útgáfu á www.IKEA.is

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

IKEA®

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2017


markhönnun ehf
netto
-30%
SS LAMBALÆRI
FROSIÐ
1.199 KR KG
ÁÐUR: 1.394 KR/KG
NAUTA T-BONE STEIK
1 STK P/PK FERSK
3.289 KR KG
ÁÐUR: 4.698 KR/KG
KJARNAFÆÐI
-20%
-40%
LAMBALÆRI ÚRBEINAÐ
MEÐ FETA & SÓLÞURRKUÐUM
TÓMÖTUM
2.878 KR KG
ÁÐUR: 3.598 KR/KG
KJÖTBANKINN
GRÍSAKÓTILETTUR
BRASILIA FRÁ KJARNAFÆÐI
1.199 KR KG
ÁÐUR: 1.998 KR/KG
Danpo
CHICKEN INNER FILLET
Danpo
-27%
-40%
KJÖTSEL
LÆRISSNEIÐAR
BLANDAÐAR
1.499 KR KG
ÁÐUR: 2.498 KR/KG
DANPO KJÚKLINGALUNDIR
700 GR.
1.094 KR STK
ÁÐUR: 1.498 KR/STK
X-tra
Sour cream & Onion
X-TRA FLÖGUR
SOURCREAM 300 GR.
295 KR PK
ÁÐUR: 369 KR/PK
X-tra
Salt
-20%
X-TRA FLÖGUR
SALT 300 GR.
295 KR PK
ÁÐUR: 369 KR/PK
Organic Pizza
Salami & Rucola
Organic Pizza
Margherita
Organic Pizza
Mozzarella & Pesto
ORGANIC PIZZA
RUCOLA SALAMI
498 KR STK
ÁÐUR: 598 KR/STK
ORGANIC PIZZA
MARGHERITA
498 KR STK
ÁÐUR: 598 KR/STK
ORGANIC PIZZA
MOZZARELLA & PESTO
498 KR STK
ÁÐUR: 598 KR/STK
Tilboðin gilda 18. - 21. maí 2017
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.


-25%
-20%
NAUTAMJAÐMASTEIK
2.249 KR KG
ÁÐUR: 2.998 KR/KG
netto
KJÚKLINGAVÆNGIR
FRÁ NETTÓ
239 KR KG
ÁÐUR: 398 KR/KG
KENGÚRU FILLE
3.198 KR KG
ÁÐUR: 3.998 KR/KG
-30%
-20%
GINA
KAFFEE PADS
RÖSTFRISCH
GINA
KAFFIPÚÐAR
50 STK.
398 KR PK
ÁÐUR: 498 KR/PK
ÝSUBITAR
1 KG. ICE FRESH.
1.189 KR KG
ÁÐUR: 1.698 KR/KG
-32%
SALAT- OG VEFJULAX
REYKTUR, ROÐLAUS
& BEINLAUS 500 GR.
986 KR KG
ÁÐUR: 1.450 KR/KG
-50%
VATNSMELÓNA
125 KR KG
ÁÐUR: 249 KR/KG
sistema STORAGE
VATNSBRÚSI
SQUARE 725 ML
599 KR STK
ÁÐUR: 798 KR/STK
NUTRAMINO
HEAT
HIGH CAFFEINE
BCAA
0 SUGARS
-29%
CADBURY CURLY WURLY
4 PK. 104 GR.
198 KR STK
ÁÐUR: 279 KR/STK
Quinoa+
KÍNÓASTYKKI
MEÐ MÖNDLUM & SÚKKULAÐI 40 GR.
199 KR STK
ÁÐUR: 249 KR/STK
NUTRAMINO HEAT BCAA ENERGY 330 ML
MANGO /PASSION
259 KR STK
STRAWBERRY /WATERMELON
259 KR STK
BOUNTY
BOUNTY MINI
6 PK. 171 GR.
198 KR STK
ÁÐUR: 298 KR/STK

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

# Vonandi gaman að syngja og þá gaman að hlusta

**Í tilefni af þrjátíu ára afmæli Árbæjarkirkju hefur Sigurður Bragason, söngvari og tónskáld, samið nýtt verk við ljóð Jóns Arasonar biskups.**



Sigurður Bragason, tónskáld og söngvari. Nýtt verk eftir hann verður frumflutt á 30 ára afmælistónleikum Árbæjarkirkju í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigurði Bragasyni er margt til lista lagt en auk þess að vera kunnur fyrir söng bæði hér heima og utan landsteinanna hefur hann einnig samið nokkur tónverk og fjölda laga fyrir kóra og einsöngvara. Í kvöld kl. 20 verður frumflutt nýtt verk eftir Sigurð á afmælistónleikum Árbæjarkirkju en Sigurður segir að þau hafi pantað verkið frá honum á sínum tíma. „Þau höfðu verið að flytja Ave Maríuna mína á nokkrum tónleikum og af mörgum kórum. Í framhaldi af því hafði Krisztina Kalló Szklenár, stjórnandi og organisti við kirkjuna, samband við mig og bað mig um að semja verk sem væri í svipuðum stíl og Ave María. Hún bað um mjög lagrænt verk og þar sem ég hafði verið að frumflytja annað verk á stórum styrktartónleikum fyrr í vetur þá reyndist þetta verða ansi mikil vinna að vera með bæði þessi verkefni í gangi á sama tíma. En það tókst að klára þetta í tíma.“

Sigurður segir að verkið sé samið við þrjá ljóðabálka eftir Jón Arason, biskup á Hólum. „Þetta verður frumflutningur í kvöld og á laugardaginn kl. 16 verðum við svo í Skálholti þar sem Jón var reyndar tekinn af lífi blessaður,“ segir Sigurður og víkur að því hvers vegna ljóð eftir Jón Arason hafi orðið fyrir valinu. „Ave Marían er í svona lagrænum og aðeins eldri stíl þó svo að hljómasamsetningin sé nýleg þannig séð. Gæti verið úr gamalli tónlist rétt eins og úr popptónlist og þá jafnvel frá Bítlunum. Ég hugsaði með mér að það væri gaman að vera með skáld frá gamla tímanum en vera svo með í verkinu hljóma sem tengjast okkar tímum og þá einkum léttari tónlist. Þannig næst að hafa þetta lagrænt þannig að nánast allir geta sungið þetta en samt er mikið í þetta lagt og vefnaðurinn flókinn. Ég nota mikið kontrapunkt sem er þessi gamla tónsmíðaaðferð og leitast við að hafa þetta hljómrænt og gera þetta þannig að fólkinu finnist gaman að syngja þetta og vonandi þá hlustendum gaman að hlusta.“

Auk þess að blanda saman gömlum og nýjum tíma þá nýtir Sigurður einnig kirkjuna sjálfa fyrir verkið. „Já, ég ákvað að semja þetta verk fyrir kór og bergmálskór sem er staðsettur hinum megin í kirkjunni. Í einum þættinum munu einsöngvararnir svo mynda kross þannig að sópraninn stendur við altarið og tenórinn í hinum enda kirkjunnar, bassinn hægra megin við áhorfendur í kirkjunni en altinn vinstra megin. Þannig mynda þau kross og kallast á hvert við annað. Þannig að ég er svona aðeins að leitast við að nota kirkjuna sem hljóðfæri. Árbæjarkirkja er nefnilega góð til tónleikahalds, orgelið er mjög gott og þarna er fallegur hljómur og aðstaða öll til fyrirmyndar. Það verður líka boðið upp á kaffi og konfekt eftir tónleikana en svo eru þau að fara að byggja nýtt safnaðarheimili þannig að það er heilmikið að gerast í kirkjustarfinu.“

**ÉG ÁKVAÐ AÐ SEMJA ÞETTA VERK FYRIR KÓR OG BERGMÁLSKÓR SEM ER STAÐSETTUR HINUM MEGIN Í KIRKJUNNI.**

Það er í mörg horn að líta hjá Sigurði þessa dagana en hann hefur verið að taka upp geisladisk að undanförnu en þar er hann í hlutverki söngvarans. „Ég hef verið við það úti í Düsseldorf og hann er að fara að klárast. Vonandi kem ég með hann fyrir næstu jól en þar er ég að syngja Tsjaíkovskíj, Liszt og líka Pál Ísólfsson, Jón Leifs og Jón Þórarinsson svo einhverjir séu nefndir. Þetta er tónlist frá sex löndum, allt litauðug verk og mörg hver viðamikil. Afar skemmtilegt verkefni. En svo er að koma út frá mér þessa dagana bók með fjórtán kór- og einsöngslögum undir titlinum Tært drýpur vatnið. Þannig að það er nóg að gera.“

magnus@frettabladid.is

Full búð af nýjum vörum!
Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34
VERSLUN Guðsteins Eyjólfssonar
Síðan 1918

Við erum komin í Hafnarfjörðinn
við hliðina á Bónus
gæludýr.is





Stórsveit Reykjavíkur flutti nýja íslenska tónlist undir stjórn Snorra Sigurðarsonar á mánudagskvöldið.

## Kötturinn í sekknum

**TÓNLIST**
★★★★☆

Stórsveit Reykjavíkur flutti nýja íslenska tónlist. Stjórnandi: Snorri Sigurðarson.

**Kaldalón í Hörpu**
mánudaginn 15. maí

Einu sinni sá ég Gísla Martein taka viðtal við Atla Heimi Sveinsson tónskáld. Gísli Marteinn sagði að hann og annað venjulegt fólk skildi ekki tónlist Atla. Atli spurði hann þá hvort hann hefði einhvern tímann komið á tónleika með tónlist sinni. Gísli Marteinn svaraði því neitandi.

Þetta var nokkuð undarlegt, því er ekki að neita. Gísla Marteini er þó vorkunn. Ný tónlist í akademíska geiranum var lengi vel litin hornauga, enda komu fáir á slíka tónleika. Tónlistargagnrýnandinn Henry Pleasants (1910-2000) skrifaði á sínum tíma bók sem heitir Serious Music and All That Jazz. Þar hélt hann því fram að djassinn væri rökrétt framhald af sígildri tónlist 19. aldarinnar. Miklu rökréttari en tilraunir til að þróa nýtt tónlistartungumál á borð við það sem Gísli Marteinn skilur ekki.

Djassinn er áberandi á Íslandi og á slíkum tónleikum eru ekki bara spilaðir þekktir standardar. Þeir eru líka vettvangur fyrir nýsköpun. Gott dæmi eru hinir árlegu tónleikar Stórsveitar Reykjavíkur þar sem frumflutt er ný tónlist. Að þessu sinni voru þeir haldnir í Kaldalóni á mánudagskvöldið. Snorri Sigurðarson stjórnaði og á dagskránni voru nokkur lög eftir hann sjálfan meðal annarra. Þau voru öll skemmtileg, lífleg og flæðandi.

Sérstaka athygli vakti lagið Kötturinn í sekknum. Snorri sagði að það hefði verið samið eftir að nemandi hans (hann kennir á trompet) sýndi honum tónstiga sem væri ættaður frá franska tónskáldinu Messiaen. Tónlist Messiaens byggir á annars konar reglum en þekktastar eru í dag, og tónstigarnir hans eru dálítið spúkí. Lag Snorra var snilld. Það var skemmtilega annarlegt og fullt af drifkrafti. Andstæður áleitinna málmblásturshendinga og glitrandi píanóhljóma voru einkar áhrifaríkar. Hvílík fegurð!

Anna Gréta Sigurðardóttir átti líka tvö flott lög á tónleikunum. Hið síðara var sérstaklega glæsilegt, það var margbreytilegt og spannaði vítt svið, allt frá innhverfri, ísmeygilegri stemningu upp í ofsafenginn hápunkt.

Lög eftir Hauk Gröndal og Kjartan Valdimarsson voru rólegri, laglínurnar kannski ekkert það grípandi, en þar voru samt ótal blæbrigði sem sköpuðu mikla stemningu.

Hljóðfæraleikurinn á tónleikunum var til fyrirmyndar ef frá er talið býsna falskur málmblástur í fyrstu tveimur lögunum. Hljómsveitin var greinilega ekki komin í gang þá. Óþarfi er að telja upp alla einleikarana, sem voru margir og aldrei sá sami, en þeir léku ávallt fallega og af nostursemi. Þetta voru magnaðir tónleikar og frábært dæmi um þá miklu grósku sem ríkir í djassinum um þessar mundir.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Líflegir tónleikar með spennandi nýrri tónlist.

# Kynning á POSCA pennum laugardaginn 20. maí hjá A4 í Kringlunni.

Við fáum til okkar heimsþekktan götulistamann, SPZero76 frá Bristol, sem mun sýna möguleikana sem POSCA litirnir gefa í listsköpun, kenna tækni og gefa hugmyndir að notkun. Allir fá að prófa litina og einnig verður í gangi happadrætti þar sem aðalvinningurinn er hjól, myndskreytt af SPZero76 sjálfum.










## 3 fyrir 2

18.–22. MAÍ

**TILBOÐ Á POSCA PENNUM ÞÚ KAUPIR TVO OG FÆRÐ ÞRIÐJA LITINN Í KAUPBÆTI**

## Málning í penna

POSCA eru vatnsheldir tússlitir með málningu í*. Litirnir fást í fjölmörgum litum og breiddum og þá má nota til að teikna á fatnað, skó, hjólabretti, snjóbretti, grindverk, steina, húsgögn, veggi, glugga - hvað sem hverjum dettur í hug.

*gott er að verja slétta fleti með því að spreyja lakki yfir þegar búið er að lita.




**Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.**

**Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

# Byggt á skammtafræði og afstæðiskenningu

**Í samhengi við stjörnurnar eftir Nick Payne hefur farið sigurför um heiminn og ratar nú á fjalir Tjarnarbíós á vegum nýs leikhóps. Leikstjórinn Árni Kristjánsson segir verkið ófyrirsjáanlegt og heillandi.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is


Árni Kristjánsson leikstjóri er nýkominn heim úr framhaldsnámi á Englandi en á morgun frumsýnir leikhópurinn hans í Tjarnarbíói. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ein af síðustu frumsýningum leikársins verður í Tjarnarbíói annað kvöld þegar leikhópurinn Lakehouse frumsýnir Í samhengi við stjörnurnar eftir breska leikskáldið Nick Payne. Árni Kristjánsson, leikstjóri sýningarinnar og annar stofnenda leikhópsins, kynntist verkinu þegar hann var við nám í Englandi en nýverið lauk hann mastersprófi í leikstjórn frá hinum virta skóla Bristol Old Vic Theater School.

**Nýta samböndin**

„Þetta var skemmtilegur tími. Það eru bara fjórir sem komast inn í þetta nám á ári og ég var sá eini sem átti ekki enskuna að móðurmáli. Þetta er eins og hálfs árs nám og allan tímann er það mjög vinnutengt, þannig að maður fær fullt af tækifærum til þess að vinna í Bristol Old Vic leikhúsinu sem er ótengt skólanum. Svo leikstýrði ég á Shakespeare hátíð í Globe ásamt því að vinna mitt lokaverkefni.“ Grunnur Árna var í námi við Listaháskóla Íslands í námi sem kallast Fræði og framkvæmd og hann segir að sú sérstaka blanda sem er innan þess náms hafi nýst honum vel. „Áður en ég fór út var ég svo að kenna, leikstýra og skrifa þannig að þetta er orðið nokkur fjölbreytt,“ segir Árni léttur.

Árni segir að eftir að hann og unnusta hans, Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, hafi snúið heim frá Englandi hafi þau ákveðið að ráðast í að stofna leikhóp. „Við stofnuðum saman leikhópinn Lakehouse og Harpa Fönn sér um að framleiða þessa sýningu og semur einnig tónlistina en hún hefur áður verið með tónlist fyrir m.a. Vinnsluna enda er henni ófátt til lista lagt. Markmiðið með leikhópnum er að vinna með ný leikrit, bæði hérlendis og vonandi erlendis, og nýta svona þau sambönd sem ég myndaði í mínu námi í Englandi því í þeim eru ótvírætt ákveðin verðmæti sem er um að gera að nýta.“

**Lífið og eðlisfræði**

Árni segir að þau hafi valið verkið Í samhengi við stjörnurnar eftir Nick Payne vegna þess að þau hafi séð það sem góðan upphafspunkt. „Þetta er verk sem vakti mjög mikla athygli þegar það kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 2012. Það var síðan sett upp á Broadway með Jake Gyllenhall og Ruth Wilson árið 2014 og hefur að auki ferðast vítt og breitt um heiminn.

Verkið virðist alltaf vekja mikla athygli, bæði er það mikil þraut fyrir leikara og svo er þetta einstaklega frumlega skrifað verk þó svo sagan sem um ræðir sé eitthvað sem allir tengja við. Þetta er saga um tvær manneskjur sem kynnast og verða hrifnar hvor af annarri sem er óneitanlega ekki ýkja frumlegt en verkið er byggt á lögmálum skammtafræði og afstæðiskenningarinnar. Í mörgum litlum bútum fáum við að sjá hvernig verkið þróast út frá ákvörðunum persónanna tveggja. Þannig að það er svona leikur að þessu: Hvað ef? Hvað ef ég hefði gert þetta en ekki eitthvað annað? Og við fáum að sjá allar ákvarðanir þeirra lifa samtímis í mismunandi strengjum.“


Birgitta Birgisdóttir og Hilmir Jensson í hlutverkum sínum á sviðinu í Tjarnarbíói. MYND/JULIE ROWLAND

Þrátt fyrir þessa eðlisfræðilegu byggingu verksins segir Árni að þeir sem hafi átt það til að sofa í gegnum eðlisfræðitímana í menntaskóla þurfi ekkert að óttast. „Nei, maður þarf ekki að vera með gráðu í eðlisfræði til þess að skilja verkið. Alls ekki. Þetta er lífið. Líf okkar er soldið svona og þetta verk er leið til þess að komast nær því að skilja hvað lífið er ófyrirsjáanlegt. Það eru svo margar ákvarðanir sem við tökum sem gjörbreyta lífi okkar og reyndar líka ákvarðanir sem við tökum ekki sjálf. Höfum ekkert um að segja. Það er eitthvað sem allir tengja við.“

**ÞAÐ ERU SVO MARGAR ÁKVARÐANIR SEM VIÐ TÖKUM SEM GJÖRBREYTA LÍFI OKKAR OG REYNDAR LÍKA ÁKVARÐANIR SEM VIÐ TÖKUM EKKI SJÁLF. HÖFUM EKKERT UM AÐ SEGJA. ÞAÐ ER EITTHVAÐ SEM ALLIR TENGJA VIÐ.**

**Leikarar og barn**

Það eru þau Birgitta Birgisdóttir og Hilmir Jensson sem fara með hlutverk parsins í leikritinu en Árni segir að verkið feli í sér mikla áskorun fyrir leikara og því hafi þau farið þá leið að vera með leikaraprufur. „Þau stóðu sig bæði alveg æðislega í prufunum. Birgitta hefur verið fastráðin í Þjóðleikhúsinu síðasta árið og Hilmir hefur líka verið að gera ákaflega góða hluti, m.a. hér á leiklistarjaðrinum. Birgitta og Hilmir hafa aldrei leikið saman áður en það hefur verið mjög gaman að blanda saman þeirra kröftum af því að þau eru bæði svo skapandi og frumleg en líka mjög agaðir og tæknilega færir leikarar.

Að auki þá njótum við líka krafta Þórunnar Maríu Jónsdóttur sem hannar leikmynd og búninga af listfengi, Hafliði Emil Barðason sér um ljós og tæknimál og mér til aðstoðar við leikstjórnina er Ólafur Ásgeirsson þannig að þetta er einvalalið.“

Í samhengi við stjörnurnar verður frumsýnt á föstudagskvöldið en það er ekki eini draumurinn sem þau Árni og Harpa Fönn hafa gengið með í maganum því með haustinu eiga þau von á sínu fyrsta barni. „Já mikið rétt. Það er barn á leiðinni þannig að það er margt í gangi. Núna er allt að verða klárt fyrir frumsýninguna og svo njótum við þess líka að leikararnir eiga börn og hafa verið að gefa okkur ýmis góð ráð svona í ferlinu enda fyrirmyndarfólk í alla staði.“



# Tiltekt





Við tökum til
og bjóðum valdar vörur
á stórlækkuðu verði.

FRITZ HANSEN, ROSENDAHL, STELTON,
ERIK JORGENSEN, MARIMEKKO,
JOSEPH JOSEPH, CARL HANSEN,
HAY OG ALLIR HINIR

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

## 15-70% AFSLÁTTUR

Í DAG FIMMTUDAG,
Á MORGUN FÖSTUDAG,
Á LAUGARDAG
OG Á SUNNUDAG,
18. - 21. MAÍ















# Sverð, seiðkarlar og konungleg vitleysa

**KVIKMYNDIR**

**King Arthur: Legend of the Sword**

★★★☆☆

**Leikstjóri:** Guy Ritchie
**Framleiðendur:** Guy Ritchie, Akiva Goldsman, Joby Harold
**Handrit:** Joby Harold, Guy Ritchie, Lionel Wigram
**Aðalhlutverk:** Charlie Hunnam, Jude Law, Djimon Hounsou




Breski leikstjórinn Guy Ritchie hefur gert það að góðum vana að flytja eitthvað hundgamalt yfir í nýjan, nútímalegri búning og brennimerkja það með sínum eigin stíl. Þetta á við um krimmamyndir hans sem sækja í heimaslóðirnar sem og poppaðra, hasardrifnara efnið frá Hollywood, hvort sem það er Sherlock Holmes, hin stórlega vanmetna The Man from U.N.C.L.E. eða King Arthur.

Það er erfitt að halda tölu á því hversu margar myndir hafa verið gerðar um Artúr konung, riddara Camelots eða galdrana þar í kring, alvarlegar sem yfirdrifnar, en þar bætist núna Ritchie í hópinn og matreiðir goðsagnirnar með sínum brögðum, bæði til hins betra og verra.

Í raun er ekki mikið svigrúm í boði hér til að koma áhorfendum á óvart. King Arthur: Legend of the Sword flytur goðsögnina alveg að byrjunarreitnum; áður en aðalmaðurinn varð konungur og gengur þessi útgáfa út á togstreitu hans við fortíð sína og tökin sem hann hefur á töfrasverði sínu. Úr verður bæði upprisu- og hefndarsaga í einni, löðrandi í fantasíu sem leikur sér að göldrum, risavöxnum dýrum, skúrkum og senum sem eru eins og beint teknar úr tölvuleik. Dark Souls kemur meðal annars upp í hugann.

Ritchie hefur sagt að nálgun sín á King Arthur væri eins konar blanda af Hringadróttinssögu og Snatch og þetta leynir sér ekki. Myndin er metnaðarfull, vel slípuð á marga vegu og nokkuð skemmtileg, svo lengi sem áhorfandinn lætur það ekki trufla sig að hún gengur í gegnum allar helstu klisjurnar sem snúa að upphafssögum.

Flest það sem hefur einkennt fyrri myndir leikstjórans finnst hér í ágætu magni; flott músík þar á meðal, háhraða tökur, hress klipping, kómískir stælar og vissulega stæltir og slagsmálaóðir töffarar. Það er ekki vitlaust að segja að flestar myndir leikstjórans búi yfir vissri karlafýlu en þessar betri frá honum hafa yfirleitt verið hlaðnar orku, skrautlegum karakterum og fínum slettum af léttgeggjuðum húmor.

King Arthur er þunn og svolítið tætt mynd, stundum hryllilega illa skrifuð. Hún gengur annars vegar upp með skreytingum leikstjórans, enda hefur hann gott auga fyrir því að stilla upp römmum með ferskum hætti. Klippingin gefur henni líka svakalegan púls, yfirleitt með aðstoð frá stefjum eftir Daniel Pemberton.

Sviðsmyndir, brellur og búningar eru í toppflokki, sem er enn eitt merkið um að framleiðsluaurinn sést allur á skjánum. Leikhópurinn lyftir heildarpakkanum líka aðeins, þótt varla sé hægt að segja að hverri frammistöðu fylgi einhver dýpt. Ekkert kippir þó áhorfandanum hraðar úr myndinni en ákvörðunin um að setja David Beckham í gestahlutverk og gefa honum nokkrar línur.


David Beckham fer með hlutverk í myndinni. NORDICPHOTOS/GETTY

Í aðalhlutverkinu kemur hinn hestmassaði Charlie Hunnam hreint þokkalega út, varla angandi af miklum persónutöfrum en þó með stóísku hetjutaktana á hreinu og mýkri hlið. Jude Law ber sig annars eins og hann skemmti sér konunglega við að leika valdasjúkt illmenni sem daðrar við galdra og verður sífellt ómannúðlegri og kaldari með hverri senu.

Hinir þaulreyndu Djimon Hounsou, Eric Bana, Aidan Gillen og fleiri fylla líka ágætlega upp í grynnri hlutverk. Hitt kynið fær aftur á móti lítið til að vinna með. Annabelle Wallis er t.d. í stóru hlutverki en virðist ekkert rými fá og eina, svala seiðkonan í myndinni, leikin af Astrid Bergès-Frisbey, er ekki einu sinni nafngreind.

Að vissu leyti er erfitt að finna dæmigerðari stórmynd, sem best má njóta með heilann sofandi, en hins vegar er myndin nógu hröð, fjörug og einföld afþreying til þess að hægt sé að horfa fram hjá göllum hennar, eins ófáir og þeir eru. Sem ákveðinn plús má einnig segja að þessi nýja mynd um King Arthur sé ekki eins misheppnuð og sú frá 2004 þar sem Clive Owen fór með titilhlutverkið, en seint verður komist með tærnar þar sem perlan Excalibur frá '81 hefur hælana.

**Tómar Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Bætt er upp fyrir þunnildin með fínum hraða, flottum pakkningum og prýðilegu afþreyingargildi. En gætið þess bara að stilla væntingunum í hóf.




HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

# FERÐAVAGNA-SKOÐUN

**FRUMHERJI SKOÐAR FERÐAVAGNA Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM Á HÖFUÐ-BORGARSVÆÐINU.**




Frumherji
www.frumherji.is
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| KING ARTHUR 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:10 - 10:40 |
| KING ARTHUR 2D VIP | KL. 8 - 10:40 |
| SPARK ÍSL TAL | KL. 6 |
| SNATCHED | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D VIP | KL. 5 |
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 8 - 10:50 |
| GOING IN STYLE | KL. 8 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5:30 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| ALIEN: COVENANT | KL. 5:20 - 8 - 10:35 |
| KING ARTHUR 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| SPARK ÍSL TAL | KL. 5:30 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 5:20 - 7:40 - 10:30 |
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 10:10 |
| GOING IN STYLE | KL. 8 |

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| KING ARTHUR 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| SPARK ÍSL TAL | KL. 5:50 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 6 - 9 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 3D | KL. 8 - 10:50 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is EÐA MEÐ SAMBÍÓ APPINU

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| KING ARTHUR 3D | KL. 8 - 10:40 |
| SNATCHED | KL. 8 |
| ÉG MAN ÞIG | KL. 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| KING ARTHUR 3D | KL. 8 - 10:50 |
| SPARK ÍSL TAL | KL. 6 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 |




Það kennir ýmissa grasa í dag vegna safnadagsins og meðal annars verður boðið upp á viðburði í Árbæjarsafni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 18. MAÍ

### Tónlist

**Hvað?** Jazz & Blues Nights in Reykjavík
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Radisson Blu, Hagatorgi
Á næstu vikum mun gítarleikarinn Björn Thoroddsen, í samstarfi við Radisson Blu hótelin, troða upp á Hótel Sögu með hljómsveit sinni. Tónleikaröðin kallast Jazz & Blues Nights in Reykjavík og verða þeir haldnir á Mímisbar hótelsins á fimmtudagskvöldum kl. 21.

### Viðburðir

**Hvað?** Sounds & Visuals: Mankan
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Tónlistarmennirnir Guðmundur Vignir Karlsson og Thomas Manoury hafa starfað saman undir merkjum Mankan frá árinu 2014 og komið fram á tónleikum í Mengi, á Myrkum músíkdögum, á Iceland Airwaves, á Lunga á Seyðisfirði og víðar. Báðir hafa þeir komið víða við í sinni tónlistarsköpun, spilað í margvíslegum hljómsveitum og tekið þátt í tónlistarverkefnum af ólíkum toga. Sem Mankan bjóða þeir upp á einstæða, víðómandi rafspunatónleika þar sem þeir flétta lifandi rafhljóðum og hljóðritunum saman.

**Hvað?** Dýrin – leyndardómur landnámsins
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Landnámssýningin, Aðalstræti
Á safnadaginn þann 18. maí kl. 17 verður opnuð ný sýning í Landnámssýningunni, Aðalstræti 16, sem ber heitið Dýrin – leyndardómur landnámsins. Sýningin fjallar um dýr á landnámsöld og byggir á beinum sem fundist hafa við fornleifauppgröft á Íslandi. Hestar, kindur, geitur, kýr, svín, hænur og kettir koma við sögu á fjölskylduvænni og áhugaverðri sýningu.

**Hvað?** Sérfræðingaspjall um val og forvörslu á sýningargripum
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Árbæjarsafn
Í dag mun María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, taka á móti gestum í sjóminjageymslu safnsins á Árbæjarsafni og fræða þá um valda muni sem notaðir verða á nýrri sýningu í Sjóminjasafninu í Reykjavík sem opnuð verður um mitt ár 2018.

**Hvað?** Leiðsögn um varðveisluhús Árbæjarsafns
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Árbæjarsafn
Í nýju varðveisluhúsi safnsins Vörðunni á Árbæjarsafni er fjöldi gersema sem varðveittar verða á safninu um ókomna tíð. Gerður Róbertsdóttir, verkefnastjóri munavörslu, verður með leiðsögn um húsið kl. 12.00 og fræðir gesti um aðferðir og hugmyndir á bak við varðveislu safngripa. Leiðsögnin er ókeypis en athugið að skráningar er krafist og aðeins 12 manns komast að.

**Hvað?** Mansal á landnámsöld – leiðsögn
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Landnámssýningin, Aðalstræti
Á safnadaginn 18. maí verður boðið upp á hádegisleiðsögn á Landnámssýningunni sem fjallar um þrælahald





BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Hjartasteinn | 17:30 |
| Moonlight | 20:00 |
| La La Land | 22:30 |
| A Monster calls | 22:30 |



á Íslandi á tímum landnámsmanna sem í þá daga var bæði algengt og leyfilegt. Jón Páll Björnsson, sérfræðingur fræðslu á Borgarsögusafni, fer með leiðsögnina og eru allir velkomnir.

**Hvað?** Leiðsögn um borð í varðskipinu Óðni
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Sjóminjasafnið í Reykjavík, Granda
Á safnadaginn 18. maí kl. 12 verður boðið upp á ókeypis leiðsögn um borð í varðskipinu Óðni sem liggur við festar á bak við Sjóminjasafnið í Reykjavík. Leiðsögumaðurinn tekur á móti hópnum í anddyri Sjóminjasafnsins, Grandagarði 8.



**Gítarsnillingurinn spilar ásamt vel völdum músíköntum á Radisson Blu alla fimmtudaga.**

**Hvað?** Tangó í Listasafni Einars Jónssonar Museum Milonga
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Listasafn Einars Jónssonar
Listasafn Einars Jónssonar og Tangóævintýrafélagið bjóða gestum upp í dans á alþjóðlega safnadaginn sem haldinn er hátíðlegur í söfnum víða um heim á hverju ári þann 18. maí. Helen La Vikinga Halldórsdóttir tangókennari sér um tangókennslu.

**Hvað?** Fríar leiðsagnir
**Hvenær?** 12.30, 14.00, 15.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Á alþjóðlega safnadaginn býður Listasafn Reykjavíkur upp á ókeypis leiðsögn á Kjarvalsstöðum um tvær sýningar sem nú standa yfir: Kyrrð, með verkum Louisu Matthíasdóttur og Kjarval – lykilverk.

**Hvað?** Vortónleikar Kvennakórs Reykjavíkur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Guðríðarkirkja
Kvennakór Reykjavíkur ætlar að fara um víðan völl á vortónleikum sínum fimmtudaginn 18. maí í Guðríðarkirkju kl. 20.00.

**Hvað?** Loftslagsbreytingar og landnýting í Úganda
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Harpa
Á þessu málþingi mun Jerome Lugumira, jarðvegsfræðingur við Umhverfisstofnun Úganda (NEMA), fjalla um áhrif loftslagsbreytinga á ræktarland þar í landi og þær áskoranir sem heimamenn standa frammi fyrir við að framfylgja þeirri stefnu sem stjórnvöld hafa sett til að takast á við þessa nýju ógn.

**Hvað?** Óræktin í garðinum
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Grasagarður Reykjavíkur
Yfirskrift alþjóðlega safnadagsins 2017 er „Söfn og umdeildar sögur – segja það sem ekki má segja í söfnum“. Af þessu tilefni mun Grasagarðurinn líta til óskráðra plantna innan garðsins í göngunni „Óræktin í garðinum“. Hjörtur Þorbjörnsson, forstöðumaður Grasagarðsins, leiðir göngunni sem hefst við aðalinngang garðsins.

**Hvað?** Listamannaspjall við Steinu
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Listasafn Íslands
Í tilefni af alþjóðlega safnadeginum 2017 býður Listasafn Íslands gestum sínum að njóta frásagnar eins fremsta listamanns landsins, Steinu (Steina Briem Bjarnadóttir Vasulka, f. 1940), um vídeóinnsetningu hennar Eldrúnir sem sýnd er í safninu um þessar mundir.

# Fyrirliðinn bætist í hamborgaraflóru frægra

Landsliðsfyrirliðinn í knattspyrnu, Aron Einar Gunnarsson, mun fá hamborgara sér til heiðurs á Hamborgarafabrikkunni. Borgarinn mun bera heitið Fyrirliðinn. Mun Aron Einar þá bætast í hóp frægra sem hafa hannað hamborgara fyrir staðinn. Núna er til að mynda hægt er að fá Stóra Bó, Morthens, Sigurjón digra og Ungfrú Reykjavík svo fátt eitt sé nefnt.

Stefnt er að því að borgarinn komi á markað fyrir viðureign Íslands og Króatíu í undankeppni Heimsmeistaramótsins sem fer fram þann 10. júní.

Aron gerði aðeins eina kröfu í sambandi við hamborgarann sinn. Að Fyrirliðinn hefði franskar á milli eins og tíðkast á Akureyri sem er heimabær fyrirliðans. – **bb**



**Aron Einar er kominn í hamborgarabransann.**




**Brátt mun Fabrikkan bjóða upp á borgara með frönskum á milli.**







Skemmtilegir matreiðsluþættir þar sem Eva Laufey töfrar fram gómsæta og girnilega rétti í eldhúsinu heima. Í þessum þætti heimsækir Eva veitingastaðinn Sushi Social og svo býr hún til ljúffenga humarrúllu, laxa sashimi og fleira góðgæti í eldhúsinu heima.

FRÁBÆR FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

**MASTERCHEF PROFESSIONALS – AUSTRALIA**
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem byggður er á upprunalegu þáttunum en hér eru það matreiðslumeistarar sem keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



**PRISON BREAK**
Æsilegi flóttinn heldur áfram og nú sjö árum síðar komast Lincoln og Sara að því að Michael er enn á lífi og er í fangelsi í Jemen.



**THE BLACKLIST**
Spennan magnast en nær Raymond Reddington að elta Kate Kaplan uppi eða „ræstinguna“ eins og hún er alltaf kölluð?



**ANIMAL KINGDOM**
Ungur maður flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr og lendir þar inni í vægast sagt flókinni atburðarás. Mögnuð glæpasería sem enginn má missa af!



**THE MAN FROM U.N.C.L.E.**
Þegar illviljaðir glæpamenn komast yfir kjarnorkusprengju neyðast fyrrverandi andstæðingar þeirra til að snúa bókum saman.



**ÞÆR TVÆR**
Bráðfyndnir og stórskemmtilegir sketsaþættir með leikkonunum Völu Kristínu Eiríksdóttur og Júlíönu Söru Gunnarsdóttur.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.50** Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Landnemarnir
**11.00** The Goldbergs
**11.25** Sælkeraferðin
**11.50** Nettir Kettir
**12.35** Nágrannar
**13.00** Maggie's Plan
**14.35** Nancy Drew
**16.10** Tommi og Jenni
**16.30** Simpson-fjölskyldan
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** The Big Bang Theory
**19.40** Masterchef Professionals – Australia
**20.25** Í eldhúsi Evu
**21.00** Prison Break
**21.45** The Blacklist
**22.30** Animal Kingdom Mögnuð glæpasería sem fjallar um ungan mann sem flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr. Þar lendir hann inni í vægast sagt vafasömum málum þar sem fjölskyldustarfsemin er ekki öll sem hún er séð.
**23.20** The Son
**00.10** Broadchurch Þriðja sería og jafnframt sú síðasta í þessum magnþrungnu spennuþáttum. Í þessari þáttaröð rannsaka rannsóknarlögreglufulltrúarnir Alec Hardy og Ellie Miller alvarlegt kynferðisbrot. Fljótlega komast þau að því að staðsetning árásarinnar og aðstæður þar í kring munu tefja rannsókn málsins. Ólafur Arnalds sér um tónlistina í þáttunum eins og í fyrri þáttaröðum.
**01.00** Shameless
**01.55** Shameless
**02.50** X Company
**03.35** X Company
**04.20** Person of Interest
**05.05** Maggie's Plan

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Chelsea - Watford
**08.45** Pepsi-mörk kvenna
**09.40** Pepsi-deild karla -Valur og FH
**11.20** Pepsi-mörkin
**12.45** Real Madrid - Sevilla
**14.25** Spænsku mörkin
**14.50** Evrópudeildarmörkin
**15.15** Sheffield Wednesday - Huddersfield Town
**16.55** Borgunarbikar karla - Fylkir og Breiðablik
**18.35** Premier League World
**19.05** Borgunarbikar karla - Víkingur Ólafsvík og Valur
**21.15** Borgunarbikarmörkin
**23.15** UFC Live Events

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Spænski boltinn
**08.40** Man. City - Leicester
**10.30** West Ham - Liverpool
**12.10** Tottenham - Man. Utd.
**13.55** Messan
**15.15** Celta - Real Madrid
**16.55** Southampton - Man. United
**18.35** Leicester City - Tottenham
**20.45** Pepsi-mörk kvenna
**21.45** Domino's-deild kv. - Keflavík - Snæfell
**23.30** Borgunarbikar karla
**01.10** Borgunarbikarmörkin

## STÖÐ 3

**17.30** Mike & Molly
**17.50** 2 Broke Girls
**18.15** Anger Management
**18.40** Modern Family
**19.05** Fóstbræður
**19.35** Á fullu gazi
**20.00** Þær tvær
**20.30** Supergirl
**21.15** Gotham
**22.00** Arrow
**22.45** The New Adventures of Old Christine
**23.10** Gilmore Girls
**23.50** Fóstbræður
**00.20** Á fullu gazi
**00.40** Þær tvær
**01.10** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Víkingurinn Viggó
**07.11** Zigby
**07.25** Stóri og litli
**07.38** Brunabílarnir
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveins
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Strumparnir
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Víkingurinn Viggó
**11.11** Zigby
**11.25** Stóri og litli
**11.38** Brunabílarnir
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveins
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Strumparnir
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Víkingurinn Viggó
**15.11** Zigby
**15.25** Stóri og litli
**15.38** Brunabílarnir
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveins
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Strumparnir
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Vaski grísinn Baddi



Svampur Sveins kl. 09.24, 13.24 og 17.24

## GOLFSTÖÐIN

**07.50** Golfing World
**08.40** The Players Championship
**13.50** PGA Highlights
**14.45** Golfing World
**15.35** PGA Special: Arnold Palmer Network
**16.15** Volunteers of America Texas Shoot
**19.35** Inside the PGA Tour
**20.00** AT&T Byron Nelson
**23.00** Kingsmill Championship

## BÍÓSTÖÐIN

**10.25** A Little Chaos
**12.25** Housesitter
**14.05** Julie & Julia
**16.10** A Little Chaos Rómantísk mynd frá 2014 með Kate Winslet og Matthias Schoenaerts. Garðyrkjukonan Sabine De Barra veldur miklum titringi við hirð Loðvíks 14. þegar hún er ráðin til að vinna að hönnun og skipulagningu garðanna í Versölum. Myndin gerist að mestu leyti í Versölum og segir frá því þegar Loðvík býður yfirgarðyrkjumanni sínum, André Le Notre, að endurskapa sjálfa Eden úr görðunum við höllina. Sér til aðstoðar ræður André síðan garðyrkjukonuna Sabinu De Barra, en hún er af almúgafólki komin.
**18.10** Housesitter
**19.55** Julie & Julia
**22.00** The Man from U.N.C.L.E. Hörkuspennandi og glettilega góð mynd frá 2015 með þeim Henry Cavill, Armie Hammer og Alicia Vikander í aðalhlutverkum. Þegar illviljaðir glæpamenn komast yfir kjarnorkusprengju sem þeir hyggjast nota til að ná heimsyfirráðum neyðast fyrrverandi andstæðingarnir Napoleon Solo og Illya Kuryakin til að snúa bökum saman.
**00.00** Entourage
**01.45** Frankie & Alice
**03.25** The Man from U.N.C.L.E.

## RÚV

**17.00** Í garðinum með Gurrý
**17.25** Framapot
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.25** Litli prinsinn
**18.48** Bláí jakkinn
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.00** Valur - FH
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Lögregluvaktin
**23.00** Svikamylla
**00.00** Kastljós
**00.20** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Chasing Life
**09.50** Jane the Virgin
**10.35** The Voice USA
**12.05** Dr. Phil
**12.45** Survivor
**13.30** The Bachelorette
**14.15** The Bachelor
**16.20** The Tonight Show
**17.00** The Late Late Show
**17.40** Dr. Phil
**18.20** King of Queens
**18.45** Arrested Development
**19.10** How I Met Your Mother
**19.35** Man With a Plan
**20.00** Ný sýn - Stefán Karl
**20.35** The Mick
**21.00** The Catch
**21.45** Scandal
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Californication
**00.20** 24
**01.05** Law & Order: Special Victims Unit
**01.50** Billions
**02.35** The Catch
**03.20** Scandal
**04.05** The Tonight Show
**04.45** The Late Late Show
**05.25** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# VORSPRENGJA

# 25% AFSLÁTTUR

## 18. MAÍ – 6. JÚNÍ




REIÐHJÓL – BARNAFÖT – ÚTIVISTARFATNAÐUR –
SKÓR – ÍÞRÓTTAFÖT – ÚTILEGUVÖRUR

# ELLINGSEN

TRYGGVABRAUT 1-3
AKUREYRI
580-8550

SÍÐAN 1916
ELLINGSEN.IS

FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580-8500

jonogoskar.is
Glæsileg útskriftargjöf
Útskriftarhálsmen 2017 eru komin. Okkar hönnun og smíði.
Gullrós Verð 21.000 kr.
Silfurstjarna Verð 7.900 kr.
Gullstjarna Verð 18.000 kr.
Laugavegur 61 | Kringlan | Smáralind | Sími 552 4910
JÓN & ÓSKAR

HEFUR ÞÚ PRÓFAÐ CURCUMIN? Gullkryddið sem hefur reynst þúsundum landsmanna vel.
Curcumin „Gullkryddið“ er margfalt áhrifameira en Túrmerik!
„Ég mæli tvímælalaust með vörunum frá Natural Health Labs.“
Helga Lind – Pilateskennari og einkaþjálfari
Bætiefnin innihalda hvorki rotvarnarefni né fylliefni og eru án allra aukaefna.
Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórverslana.
Kynntu þér málið á www.balsam.is

MARGIT BRANDT COPENHAGEN
DRANELLA
PULZ JEANS
MOMO TÍSKUVÖRUVERSLUN
Garðatorgi 1 | www.momo.is | S: 588-2880

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU



Forgotten Lores upp á sitt besta. Þeir kenna yngri kynslóðinni kúnstina á Kexi hosteli á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Forgotten Lores spila bara spari

Rappsveitin Forgotten Lores kom rappinu á kortið á Íslandi sem tónlistarstefnu sem bæri að taka alvarlega og á að mörgu leyti heiðurinn af því hve vönduð íslensk rapptónlist hefur verið síðan. Félagarnir munu spila á Rappport tónlistarveislunni á laugardaginn.

Rappsveitin Forgotten Lores heiðrar gesti Rappport hátíðarinnar með nærveru sinni nú á laugardaginn. FL var vafalaust ein virtasta rapphljómsveit landsins allt frá því að hún gaf út plötuna Týnda hlekkinn árið 2003 – og jafnvel fyrr hjá hiphop hausum sem voru með á nótunum. Platan markaði tímamót í rappi á íslensku, sem á þeim tíma var að slíta barnsskónum. Þeir í Forgotten Lores fjölluðu um íslenskan veruleika á vandaðan hátt og hlutu lof gagnrýnenda fyrir. Árið 2006 kom síðan út platan Frá heimsenda og var hún tilnefnd til íslensku tónlistarverðlaunanna sem tryggði þeim endanlega sess sem ein besta rapphljómsveit landsins og setti markið hátt fyrir komandi kynslóðir rappara á þeim tíma sem margir tóku rappið sitt einfaldlega upp á heimilistölvuna í lágum gæðum og hentu beint á netið.

Það má vel fullyrða að mikið af því rappi sem er gefið út í dag á Íslandi sé undir áhrifum Forgotten Lores, bæði beint og óbeint. Þeir hafa þó ekki látið mikið á sér bera síðustu ár – þeir spila á tónleikum við og við eins og það má orða það svo að þeir séu eins og sannir meistarar sem velja sér góð tilefni á tyllidögum til að koma „úr skugganum“ til að sýna yngri kynslóðinni hvernig á að gera þetta.



Týndi Hlekkurinn (2003)



Frá heimsenda (2006)

„Það er rétt, Forgotten Lores spilar bara spari þótt við séum alltaf að sinna gyðjunni hver á sinn hátt þess á milli. Það er þó svo að þegar við spilum er það alltaf mikill fögnuður. Við höfum þau forréttindi að hafa verið partur af fyrstu stóru hiphop bylgjunni á Íslandi. Við og margir fleiri gerðum tónlistina en það var senan sem skipti öllu máli, lífsstíllinn. Það að ungmenni höfðu hugrekki til að standa gegn ráðandi gildum og straumum í íslenskum kúltúr, og umfram allt standa með sjálfum sér í að bera út boðskapinn sem hiphop var og er, er það sem gefur svo mikið. Þess vegna var einmitt auðvelt að segja já við því að spila fyrir Kex á Rappport. Kex er velunnari góðrar tónlistar og fáir venjúar eru duglegri við að bera út boðskapinn hér á landi. Við hlökkum til að sjá sem flesta á Kexi á laugardaginn,“ segir Birkir Björns Halldórsson, eða Byrkir B úr Forgotten Lores.

> ÞAÐ AÐ UNGMENNI HÖFÐU HUGREKKIÐ TIL AÐ STANDA GEGN RÁÐANDI GILDUM OG STRAUMUM Í ÍSLENSKUM KÚLTÚR, OG UMFRAM ALLT STANDA MEÐ SJÁLFUM SÉR Í AÐ BERA ÚT BOÐSKAPINN SEM HIPHOP VAR OG ER, ER ÞAÐ SEM GEFUR SVO MIKIÐ.

Tónlistarhátíðin Rappport fer fram á Kexi hosteli á laugardaginn kemur. Þar spila ásamt Forgotten Lores: Alvia, Sturla Atlas, GKR, Cyber og svo hin íranska SEVDALIZA, sem er að spila hér á landi í annað sinn en hún spilaði á Sónar í fyrra. stefanthor@frettabladid.is

# NÝTT!

# PIZZA EXPRESS LOKSINS Á ÍSLANDI

## GÓMSÆTAR SÚRDEIGS PIZZUR

**5 FYRIR 4**
AF ÖLLUM PIZZUM




OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**
**ICELAND, ENGIHJALLA,**
**VESTURBERGI OG ARNARBAKKA**

# Flugvöllurinn notaður sem tískupallur

Kvikmyndahátíðin í Cannes hófst í gær og stjörnurnar hafa af því tilefni verið að flykkjast til Frakklands undanfarna daga. Margar hverjar nota flugvöllinn í Nice sem tískupall eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.



**Paris Hilton** sá til þess að hún fengi mikla athygli á flugvellinum.



**Hailey Baldwin** olli tískuunnendum engum vonbrigðum þegar hún kom úr flugi. Hún klæddist jakka frá Alessandra Rich.

**Eva Herzigova** var ekkert að djóka og mætti í sínu fínasta pússi á völlinn. NORDICPHOTOS/GETTY



**Monica Bellucci** var smart í svörtum samfestingi og með Gucci tösku á öxlinni.

Leikkonan Elle Fanning var virkilega flott í dressi sem minnti óneitanlega á sjötta áratuginn.

Bella Hadid var afar töff í silfruðum jakka og skóm í stíl.





Cocoa Mint umgjörð
kr. 14.900,-

Sérðu þetta?

Gleraugnaverslunin Eyesland býður mikið úrval af umgjörðum á góðu verði – og þú færð frábæra þjónustu.
Verið velkomin!

Frábært verð á glerjum
Einfókus gler
Verð frá kr. 16.900,-
Margskipt gler
Verð frá kr. 41.900,-

EYES LAND gler ⊙ augu

Eyesland · Grandagarði 13 og Glæsibæ, 5. hæð · sími 510 0110 · www.eyesland.is


## Scott Disick á stefnumóti

Fjölmiðlar vestanhafs greina nú frá því að raunveruleikastjarnan Scott Disick sé farinn að slá sér upp með leikkonunni Bellu Thorne.

Disick er þekktur fyrir að vera með einni Kardashian systurinni, Kourtney, en samband þeirra hefur verið stormasamt í gegnum tíðina og hættu þau formlega saman árið 2015. Saman eiga þau þrjú börn sem eru á aldrinum tveggja til sjö ára.

Disick og Thorne munu hafa varið heilli kvöldstund saman í vikunni og snætt rómantískan kvöldverð á veitingastaðnum Catch. Þaðan lá leiðin yfir á Peppermint næturklúbbinn. Heimildarmaður tímaritsins sagði að þetta hefði litið út eins og „alvöru stefnumót“.

Þess má geta að Disick er 33 ára en Thorne er 19 ára.

**SCOTT DISICK Á ÞRJÚ BÖRN MEÐ KOURTNEY KARDASHIAN.**



Scott Disick mun hafa varið heilli kvöldstund með Bellu Thorne í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# LAMSMA OG IBRAGIMOVA

## EINLEIKARAR Í FREMSTU RÖÐ



FIM **18** MAÍ 19:30

### CARMEN-FANTASÍA

**Yan Pascal Tortelier** hljómsveitarstjóri
**Simone Lamsma** einleikari

**Ambroise Thomas** Mignon, forleikur
**Claude Debussy** Petite suite
**Ernest Chausson** Poème
**Maurice Ravel** Alborada del gracioso
**Pablo de Sarasate** Carmen-fantasía
**Pjotr Tsjajkovskíj** Capriccio italien

FÖS **26** MAÍ 19:30

### IBRAGIMOVA SPILAR BRAHMS

**Yan Pascal Tortelier** hljómsveitarstjóri
**Alina Ibragimova** einleikari

**Johannes Brahms** Fiðlukonsert
**Dmítríj Shostakovitsj** Sinfónía nr. 5

**TRYGGÐU ÞÉR SÆTI**
**SINFONIA.IS**

**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :
GAMMA

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## 10.05.17 – 16.05.17




**1** Sagan af barninu sem hvarf
Elena Ferrante




**2** Litla bakaríið við Strandgötu
Jenny Colgan




**3** Stofuhiti
Bergur Ebbi




**4** Iceland - Flying High
Enrico Lavagno




**5** Ég man þig
Yrsa Sigurðardóttir




**6** Þrjár mínútur
Roslund & Hellström




**7** Hjálp, barnið mitt er grænmetisæta!
Jón Yngvi Jóhannsson




**8** Í skugga valdsins
Viveca Sten




**9** Löggan
Jo Nesbø




**10** This is Iceland
Ýmsir höfundar

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson





**Dimma hefur fengið einróma lof fyrir tónleikana sína. Fyrsta lagið sem kom í spilun af plötunni Eldraunum var Villimey sem frumsýnt var á Vísi í samstarfi við Ómar á X-inu 977.** MYND/FALK-HAGEN BERNSHAUSEN

# Vínyl hentar vel fyrir þungarokk

Dimmu dreymir um að koma plötum út á vínyl, enda henti það form vel fyrir þungarokk. Sett var af stað söfnun á Karolina Fund til að láta drauminn rætast um leið og þeir gefa út sína fimmtu breiðskífu.

Þungarokk hljómar vel á vínyl, ef vel er að staðið, og það er langþráður draumur að koma okkar verkum út á því formi,“ segir Ingó Geirdal, gítarleikari hljómsveitarinnar Dimmu, en til stendur að gefa út þrjár breiðskífur Dimmu; Myrkraverk, Vélráð og Eldraunir í viðhafnarútgáfum á vínyl. Er hljómsveitin byrjuð að safna fyrir verkefninu á Karolina Fund.

Þeir sem styrkja verkefnið geta tryggt sér vínylplöturnar, hvort sem er allar eða eina, ásamt miðum á besta stað á útgáfutónleikum hljómsveitarinnar þann 10. júní. Mun hljómsveitin fylgja plötunni sinni, Eldraunir, eftir með tónleikaferð um allt land. Þá mun hljómsveitin standa fyrir stórtónleikum í Háskólabíói þann 10. júní þar sem öllu verður til tjaldað til að skapa eftirminnilega tónleikaupplifun.

„Tónleikaferðin leggst gríðarlega vel í okkur. Við verðum með sérstaka fjölskyldutónleika á nokkrum stöðum til að gefa yngri kynslóðinni tækifæri til að upplifa íslenskt gæðaþungarokk í góðum hljómgæðum og hitta meðlimi sveitarinnar,“ segir Ingó.

Hver plata verður endurtónjöfnuð og mun koma út í takmörkuðu upplagi á tvöföldum vínyl með öllum textum og tónleikaupptökum sem munu fylgja sem aukalög. Þannig verða t.d. aukalögin á Eldraunum tekin upp á útgáfutónleikunum í Háskólabíó.

**VÍNYLPLATAN NÝTUR VAXANDI FYLGIS Á NÝ MEÐAL TÓNLISTARUNNENDA OG ER ÞAÐ AÐALLEGA FYRIR HLÝRRI OG MÝKRI HLJÓM EN STAFRÆNT FORM EÐA GEISLADISKUR HEFUR UPP Á AÐ BJÓÐA.**



Ingó Geirdal

„Vínylplatan nýtur vaxandi fylgis á ný meðal tónlistarunnenda og er það aðallega fyrir hlýrri og mýkri hljóm en stafrænt form eða geisladiskur hefur upp á að bjóða,“ segir hann.

**benediktboas@365.is**



## DIMMA, SAGAN, SKÍFUR OG NÝJAR ELDRAUNIR

- Stofnuð árið 2004.
- Stofnmeðlimirnir og bræðurnir Ingólfur og Sigurður Geirdal voru áður í hljómsveitinni Stripshow.
- Á fyrstu tveimur breiðskífum Dimmu söng Hjalti Ómar Ágústsson.
- Árið 2011 gengu trommuleikarinn Birgir Jónsson og söngvarinn Stefán Jakobsson til liðs við sveitina.
- Hljómsveitin hefur spilað með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Bubba Morthens í Hörpu.

**Breiðskífur**

Dimma (2005)
Stigmata (2008)
Myrkraverk (2012)
Vélráð (2014)
Eldraunir (2017)

**Eldraunir**

Platan er í raun síðasti hluti af þríleik sem tengist lauslega og hófst með útgáfu plötunnar Myrkraverk árið 2012 en þar var yrkisefnið öll þau mannanna verk sem framin eru í myrkrinu og skuggahliðum mannlífsins. Á Vélráð, sem kom út 2014, var fjallað um þá klæki sem mannfólkið notar til þess að beygja náungann undir sinn vilja og ná yfirhöndinni og völdum í samskiptum sín á milli. Eldraunir er svo um erfiðleikana sem við mætum hvert og eitt í lífinu.

Tónlistarlega kveður við nýjan tón á plötunni og er hún þyngri, harðari og hraðari. Platan er tekin upp í Sundlauginni í Álafosskvosinni undir stjórn Haraldar V. Sveinbjörnssonar upptökumeistara en Ívar Ragnarsson hljóðblandaði og Hafþór „Tempó“ Karlsson tónjafnaði.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


BEIKON
GORDITA
CRUNCH
Aðeins
749
kr.
FLORIDA
BEIKON GORDITA CRUNCH
Boxmáltíð
1599
kr.
Heitt flatbrauð fyllt með beikoni og osti vafið utan um harða taco skel með nautahakki, pepper jack sósu, fersku káli og osti. (Þú getur einnig fengið marineraðan og grillaðan kjúkling eða alvöru carne asada).
TACO BELL
Hafnarfirði / Grafarholti
www.tacobell.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Frosta Logasonar




## Sjúkir vírusar

Tölvuárásir og vírusar hafa verið mikið í fréttum í þessari viku. Einhverjir snillingar hafa hannað stafræna óværu sem læsir inni öll gögn þeirra sem fyrir henni verða. Allar möppur með hvers kyns skjölum, ljósmyndum og myndböndum læsast inni og síðan er krafist lausnargjalds. Ef ekki er greitt hangir yfir hótun um að öllu draslinu verði eytt. Þessu fylgja líka nokkuð skýr fyrirmæli. Lausnargjaldið skal greitt innan þriggja daga, eftir það tvöfaldast verðið og eftir sjö daga verða gögnin að eilífu horfin. Þetta er ansi ófyrirleitið.

En þetta eru ekki einu hætturnar á netinu í dag. Ég hef heyrt af fólki sem er gjörsamlega helsjúkt af öðrum og verri vírusum. Þeir eru fengnir beint upp úr kommentakerfum vefmiðlanna og geta haft varanleg áhrif á sálarlíf notandans. Vírusinn sá er tvíþættur. Annars vegar tryllir hann fólk til þess að gaspra út úr sér vanhugsuðum sleggjudómum um menn og málefni og hins vegar gerir hann fólk að málefnalegum hryggleysingjum sem þora ekki lengur að tjá sig á opinberum vettvangi af ótta við opinberar aftökur í netheimum.

Nú veit ég lítið sem ekki neitt um tölvur og hugbúnað. En mér hefur verið bent á að ég eigi að forðast í lengstu lög að smella á eða opna hlekki sem mér berast í tölvupósti frá fólki sem ég ekki þekki. Hvað kommentakerfin varðar þekki ég svo sem enga heildarlausn. En almennt í samskiptum við annað fólk er gott að temja sér þann sið að standa alltaf með sannleikanum. Það getur reynst erfitt og maður þarf stundum að taka óþægilegum afleiðingum þess. En það er alltaf betra en að segja ekki neitt.








